**REYNIR BERG ÞORVALDSSON**

*Færði rúmenskum börnum jól í skókassa*

ferðir bílar heimili börn

allt Í MIÐJU BLAÐSINS






**KÓPAVOGUR**

*Píanóleikarinn Jónas Ingimundarson er Kópavogsbúi*

Sérblað um Kópavog

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






Fermingarbæklingur Eymundsson fylgir með blaðinu í dag.

Eymundsson






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. mars 2008 — 64. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Ég vil hvergi annars staðar vera en í sveitinni



Þórey Bjarnadóttir er fyrsti kvenstjórnandi Búnaðarsambands Austur-Skaftafellssýslu.

TÍMAMÓT 18

### Rangur dómur

„Lýðræðisleg umræða er dónaleg í huga þeirra sem vilja heldur hafa sitt vald í friði," skrifar Haukur Már Helgason um nýfallinn meiðyrðadóm.

UMRÆÐAN 16

### Á hraði uppleið



Íslensk hljómsveit vinnur með níföldum Grammy-verðlaunahafa.

FÓLK 30

### Arsenal fór áfram



Arsenal vann Evrópumeistara AC Milan á San Siro í gær og er komið í 8 liða úrslit ásamt Man. Utd.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÉL NYRÐRA** Í dag verður norðaustan strekkingur norðvestan til og allra austast, annars hægari. Él fyrir norðan og austan í dag og dálítil rigning eða slydda um tíma syðra. Frostlaust sunnan til, annars frost.

VEÐUR 4

# Hundruð milljarða geymd í vafasömu skattaumhverfi

**Fyrrverandi ríkisskattstjóri segir skaðlegt að íslenskir hagsmunir séu sniðgengnir með því að fé sé fært úr landi. Hátt í fimm hundruð milljarðar króna séu geymdir í Lúxemborg, Hollandi og skattaparadísum.**

**EFNAHAGSMÁL** „Það hlýtur að teljast óviðunandi frá jafnræðissjónarmiði og skaðlegt öllu skattasiðferði að þeir sem til þess hafa vilja og aðstöðu geti sniðgengið íslenska hagsmuni svo freklega sem þeim sýnist," segir Indriði H. Þorláksson, hagfræðingur og fyrrverandi ríkisskattstjóri, í grein sem hann birtir á vefsíðu sinni.

Þar greinir hann frá athugun sinni á eignarhaldi skráðra íslenskra félaga og kemst að því að næstum þriðjungur af erlendu eignarhaldi sé í raun á hendi Íslendinga. „Þetta fyrirkomulag hefur veruleg áhrif til lækkunar á skatttekjum hér á landi af starfsemi þessara fyrirtækja og þeirra fyrirtækja sem þau eiga og starfrækja, hvort sem er hér á landi eða erlendis," segir Indriði. Verulegur hluti af hagnaði af starfsemi þeirra hér renni úr landi.

Stór hluti eignarhalds í Kaupþingi, Glitni, Landsbanka, Straumi, Exista og mörgum fleiri fyrirtækjum er með þessum hætti. Þar eru stærstu hluthafar alla jafna félög í eigu Íslendinga, sem skráð eru í Lúxemborg eða Hollandi.

Könnun Indriða leiðir í ljós að í þeim helmingi Kauphallarfélaga þar sem erlent eignarhald er hlutfallslega mest eru yfir fimmtíu prósent í erlendri eigu.

Af þeim helmingi eru tæp fjörutíu prósent geymd í félögum sem skráð eru í Lúxemborg, annað eins í Hollandi og yfir tíu prósent á svonefndum aflandssvæðum, eða skattaparadísum.

Sé miðað við markaðsvirði allra fyrirtækja í Kauphöllinni í upphafi vikunnar er virði þeirrar eignar sem geymd er í Hollandi, Lúxemborg og í skattaparadísum hátt í 500 milljarðar króna.

„Tilsvarandi hluti af tekjum og hagnaði af starfsemi félaganna fellur til aðila erlendis sem greiða skatta þar eða sæta engri eða lítilli skattlagningu ef hann er í vafasömu skattaumhverfi," segir Indriði. Fram kemur í greininni að í Lúxemborg sæti erlendir aðilar sem fá tekjur að utan svo til engri skattlagningu, auk þess sem afar takmarkaðar upplýsingar fáist þaðan um félög og eigendur þeirra. Sama eigi við um skattaparadísirnar.

Indriði bendir einnig á að sumar fyrrverandi nýlendur Hollands séu skattaparadísir. Þær njóti þeirrar sérstöðu að auðvelt sé að færa þangað óskattlagt fé frá Hollandi.

Samkvæmt yfirliti Seðlabankans um erlenda fjármunaeign hér á landi í hitteðfyrra voru fimm milljarðar skráðir á Bresku Jómfrúaeyjum, 56 milljarðar á Guernsey, ellefu milljarðar í Sviss, 178 milljarðar í Lúxemborg og 211 milljarðar í Hollandi.

**- ikh / sjá Markaðinn**



**EDDA OPNAR** Edda Guðmundsdóttir opnaði myndlistarsýningu á Geysir Bistro við Aðalstræti í gær. Hún naut dyggrar aðstoðar eiginmanns síns, Steingríms Hermannssonar fyrrverandi forsætisráðherra, og barna, Hlífar og Guðmundar, við uppsetninguna. Steingrímur er liðtækur með hamarinn en hann rammar inn allar myndir konu sinnar. **Sjá nánar síðu 30.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gagnrýnir stefnu Seðlabanka:

## Hefja á lækkun stýrivaxta strax

**EFNAHAGSMÁL Ragnar Árnason, hagfræðiprófessor við Háskóla Íslands, segir að Seðlabanki Íslands ætti, í það minnsta tímabundið, að hverfa frá verðbólgumarkmiði og hefja lækkunarferli stýrivaxta. Bankinn færi þá að fordæmi seðlabanka í Bandaríkjunum og Bretlandi sem breytt hafa stefnu sinni og lækkað vexti mikið og hratt þrátt fyrir versnandi verðbólguhorfur.**



**RAGNAR ÁRNASON**

**Hann segir að ef seðlabankar Bandaríkjanna og Bretlands telji ríkar ástæður til að lækka vexti til að tryggja gangverk fjármálakerfisins sé þeim mun ríkari ástæða til þess hér á landi.** **- óká / sjá Markaðinn**

Ungir Dalvíkingar stofna kvikmyndafélag og vilja sýningu á Landi og sonum:

## Vilja endurvekja bíó á Dalvík

**MENNING** „Dalvík hentar vel til kvikmyndagerðar," segir Aron Birkir Óskarsson, nemandi í 10. bekk og einn af stofnendum Kvikmyndafélags Dalvíkurbyggðar, sem formlega var komið á laggirnar um helgina.

Aron segir kennara sinn, Frey Antonsson, hafa vakið upp mikinn áhuga á kvikmyndum, kvikmyndagerð og handritaskrifum meðal ungs fólks og félagið sé til marks um áhrif hans. Segir hann tilgang félagsins meðal annars eiga að miða að því að festa viðburði í Dalvíkurbyggð á á myndband, gera minnst eina stuttmynd á ári, taka viðtöl við fólk á svæðinu um merkileg mál og endurvekja bíó á bænum og sýna þar vel valdar myndir.

„Það væri gaman að dusta rykið af gömlum sýningarvélum sem eru til í bænum," segir Aron. Hann segir að félagsmenn vanhagi þó enn um ýmis tæki sem nauðsynleg eru við alvöru kvikmyndagerð.

Að sögn Freys stendur til að hefja starfsemi félagsins með sýningu á Landi og sonum eftir Ágúst Guðmundsson. Það sé við hæfi enda hafi sé sögusvið myndarinnar Svarfaðardalur.

**- kdk**


„...fyrst á visir.is"



visir.is

...ég sá það á visir.is

OPIÐ til 20 alla daga í öllum verslunum

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Stóri BÓKAMARKAÐURINN Perlunni

28. febrúar til 9. mars
Opið 10–18 alla daga



**SPURNING DAGSINS**



*Magnús, tekurðu með þér hjólkopp?*

„Nei, ég leita á náðir náttúrunnar.“

Magnús Bergsson, stofnandi Fjallahjólaklúbbsins á Íslandi, hjólar um fjöll og firnindi á Íslandi og ferðast með allan sinn farangur á hjólinu.

Samkeppniseftirlitið segir tolla á fóður viðhalda samkeppnishamlandi fákeppni:

# Ráðherra vill fella niður tolla

**LANDBÚNAÐUR** Samkeppniseftirlitið vill að landbúnaðarráðherra beiti sér fyrir afnámi tolla á fóðurblöndum. Landbúnaðarráðherra segist hlynntur því og unnið sé að undirbúningi þess í ráðuneytinu.

Eftirlitið segir í áliti að fóðurtollar séu til þess fallnir að viðhalda samkeppnishamlandi fákeppni á fóðurmarkaði og gangi gegn markmiðum samkeppnislaga. Það geri nýjum keppinautum erfiðara fyrir að komast á markað.

Eftirlitið segir í áliti að mikil fákeppni ríki á markaði fyrir framleiðslu og sölu á fóðri fyrir jórturdýr, svín og alifugla.



**KJÚKLINGAR** Kjarnfóður er stór kostnaðarliður í rekstri kjúklingabúa. Samkeppniseftirlitið vill að tollar á fóðurblöndum verði afnumdir. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Undanfarna áratugi hafi aðeins tvö fyrirtæki hér á landi framleitt og selt fóður, Fóðurblandan og Lífland. Aukinn innflutningur hefði í för með sér samkeppni við hina innlendu framleiðendur. Þá ætti það að lækka framleiðslukostnað bænda og þar með stuðla að lægra verði til neytenda.

Tollur á innfluttar fóðurblöndur nemur þremur krónum og 90 aurum á kílóið.

„Vilji minn stendur eindregið til þess að afnema fóðurtolla,“ segir Einar K. Guðfinnsson landbúnaðarráðherra.

Hann sagði unnið að undirbúningi vegna málsins í landbúnaðarráðuneytinu. Tilkynnt verði síðar, væntanlega í þessum mánuði, hvenær af því verði og hvernig verði staðið að því. **- ikh**

Þrjú Balkanskagaríki:

## Vilja fá aðild að Nató sem fyrst

**ALBANÍA, AP** Balkanskagaríkin Albanía, Króatía og Makedónía, sendu í gær frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem þau óska eftir aðild að Atlantshafsbandalaginu.

Ríkin þrjú segja að aðild þeirra að Nató myndi auka stöðugleika á Balkanskaga. Þau vonast til að fá boð um aðild á leiðtogafundi bandalagsins sem haldinn verður í Búkarest í næsta mánuði.

Grikkir hafa þó hótað Makedóníu að koma í veg fyrir aðild nema samið verði um nýtt nafn á Makedóníu, en í Grikklandi er hérað sem einnig heitir Makedónía. **- gb**

Geir H. Haarde um nýtt álver:

## Gæti blásið lífi í kólnandi glæður

**ALÞINGI** Geir H. Haarde forsætisráðherra telur að bygging nýs álvers geti orðið heppileg fyrir efnahagslífið.



**GEIR H. HAARDE**

„Framkvæmdir á borð við nýtt álver geta auðvitað skipt miklu máli og haft heilmikil áhrif til þess að auka hagvöxtinn og blása lífi í þær glæður sem nú virðast vera að kólna hratt,“ sagði Geir í umræðum um stöðu efnahags-, atvinnu- og kjaramála á þingi í gær.

Hann sagði stjórnvöld þurfa að bregðast við því að um hægist vegna loka framkvæmda á Austurlandi á sama tíma og bankarnir grípi í taumana vegna ytri aðstæðna. Spurning sé hvort fyrirhugaðar auknar vegaframkvæmdir séu nægar í þeim efnum. **- bþs**

# Ekki alltaf tekist að manna neyðarbílinn

**Læknir hefur ekki alltaf fylgt neyðarbíl frá slysadeild þótt um hann hafi verið beðið. Hefur ekki kostað mannslíf en menn hafa fengið gula spjaldið, segir læknir á slysa- og bráðadeild. Ekki komið niður á þjónustunni segir sviðsstjóri.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekki hefur tekist að manna neyðarbíl slysa- og bráðadeildar lækni í nokkrum tilvikum þótt um hann hafi verið beðið. „Það hefur komið fyrir í nokkur skipti að enginn með viðhlítandi þjálfun hafi getað farið í útkall þegar á þurfti að halda,“ segir Bjarni Þór Eyvindsson, læknir á slysa- og bráðadeild Landspítalans.

„Það getur verið erfitt að meta það hvort fjarvera læknis kosti mannslíf, það hefur nú ekki gert það í þessum tilfellum svo ég viti til en þó hefur komið upp tilfelli að menn hafa fengið gula spjaldið,“ segir hann en vill ekki reifa það frekar þar sem hann er bundinn trúnaði.



**MAGNÚS PÉTUSSON**

„Sjúkraliðar eru náttúrlega mjög hæfir en það geta komið upp aðstæður þar sem þarf að taka ákvarðanir sem krefjast mikillar þekkingar og þetta eru ákvarðanir sem geta verulega skipt sköpum,“ segir Bjarni Þór. Hann segir enn fremur að yfirstjórn spítalans hafi áttað sig á því að hún hafi gert mistök þegar skipulagsbreytingarnar voru gerðar í janúar. Í þeim fólst að enginn læknir starfar nú á neyðarbíl deildarinnar en sé þó kallaður til í þeim tilfellum þegar þörf er á. Í kjölfarið sögðu á annan tug lækna upp störfum. Því hefur það komið fyrir að læknar sem eiga að sinna útköllum hafa ekki komist til þeirra vegna anna á deildinni. Nú fara hins vegar fram viðræður á milli spítalans og unglækna um lausn á þessu máli.





**BJARNI ÞÓR OG NEYÐARBÍLLINN** Bjarni segir að tilfelli hafi komið upp þar sem menn hafi fengið gula spjaldið þar sem ekki var hægt að manna neyðarbílinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það hafa komið upp tilvik í febrúar þar sem ekki hefur tekist að fara með lækni frá deildinni á vettvang en það hefur þó ekki komið niður á þjónustunni,“ segir Már Kristjánsson, sviðsstjóri lækninga, slysa- og bráðasviðs. „Við eigum þó ekki von á því að þetta komi upp í þessum mánuði þar sem við erum vel mönnuð en að óbreyttu gætu slík tilvik þó komið upp í apríl og maí.“

„Það verður ekki dæmt á einum mánuði hvort þessi breyting sé góð eða slæm,“ segir Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans. „Auðvitað er það alltaf ákjósanlegast að alltaf sé fullmannað alls staðar en það þarf að minnsta kosti nokkra mánuði til að meta reynsluna af þessari breytingu.“

**jse@frettabladid.is**





**SKEMMT** Á þessu plakati er spurt hvort það sé í tísku að hata femínista, en blað með orðinu „lessur“ hefur verið hengt yfir plagatið. MYND/LEÓ/STÚDENTABLAÐIÐ

Plaköt femínista skemmd:

## Sýnir að þörf sé fyrir félagið

**JAFNRÉTTI Plaköt femínista sem hengd voru upp í Háskóla Íslands hafa mörg hver verið tekin niður eða skemmd, til dæmis með óviðeigandi kroti.**

**Stjórn Femínistafélags Háskóla Íslands segir sorglegt að fullorðið fólk í háskóla hegði sér með þessum hætti, en það sýni að full þörf sé fyrir félagið.**

**Femínistafélagið fékk styrk frá Stúdentasjóði og Félagsstofnun stúdenta til að prenta plakötin, sem voru hengd upp í flestum byggingum háskólans fyrir tveimur vikum, að því er fram kemur í tilkynningu frá félaginu.** **- bj**

Persónuupplýsingum safnað:

## Kaupþing fer yfir neyslu fólks

**VIÐSKIPTI** Persónuvernd skoðar nýlegar breytingar á kortaskilmálum Kaupþings sem gera bankanum kleift að safna saman persónuupplýingum um viðskiptavini sína og selja þær áfram til annarra fyrirtækja. Stöð 2 greindi frá málinu í gærkvöld. Breytingarnar taka gildi næsta mánudag og ná til allra greiðslukorta bankans. **- kdk**

**UTANRÍKISMÁL**

### Aðstoð í fastar skorður

Utanríkisráðuneytið hefur gefið út verklagsreglur um samstarf við frjáls félagasamtök vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar. Sérstök nefnd verður ráðherra til ráðgjafar um úthlutun. Tekið verður við umsóknum um styrki vegna langvinns neyðarástands tvisvar á ári.

**ALÞINGI**

### Lífræn ræktun verði styrkt

Þingflokkur VG vill að ríkisstjórnin búi svo um hnúta að bændur fái aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað svo ná megi því markmiði að lífrænt vottaðar vörur nemi fimmtán prósentum af landbúnaðarframleiðslu árið 2020.







Ungur drengur á Eyrarbakka taldi sig hafa gert góð kaup á eBay:

## Logi sár yfir tollum á Star Wars-hetjum

**TOLLAMÁL** Logi Sveinsson, átta ára Star Wars-aðdáandi, taldi sig geta gert góð kaup þegar hann sá átta gamla Star Wars-karla til sölu á vefsíðunni eBay fyrir aðeins 2,99 pund. Hann spurði foreldra sína hvað hann þyrfti að leggja út margar íslenskar krónur fyrir kaupunum og fékk þau svör að það væri um 391 króna, en ofan á það myndi svo leggjast flutningsgjald sem myndi nema um 1.000 krónum. Þann pening átti Logi til í bauknum sínum og sló hann því til og beið spenntur eftir að fá karlana til landsins, sérstaklega nafna sinn Loga geimgengil. Honum þótti hann þó heldur svikinn þegar hann sótti vörurnar í tollinn og heyrði hvað hann þurfti að borga út til að fá plasthetjurnar í hendurnar.

„Hann þurfti að borga 24,5 prósenta virðisaukaskatt ofan á toll, sem væri svo sem allt í lagi ef þeir hefðu ekki reiknað þessi rúmu 24 prósent, af um það bil 391 króna dóti, sem 373 krónur,“ segir Sveinn Ásgeir Jónsson, faðir Loga.

Sveinn undrast við hvaða verð virðisaukaskatturinn er miðaður og þau gjöld sem fólk þarf að greiða fyrir gömul leikföng. „Tollmeðferðargjaldið er 450 krónur, tollurinn sjálfur er 139 krónur, flutningsgjaldið 1.008 krónur, leikföngin sjálf kosta svo 391 krónu og ofan á



**LOGI MEÐ STAR WARS-SKIPIÐ** Karlarnir hans Loga hafa flutt í skipið en þeir voru heldur dýrari en hann bjóst við.

það leggst svo virðisaukaskattur sem miðar við að dótið hafi kostað 1.522 krónur. Ég vil bara fá að vita hvernig þau fá þessa tölu út,“ segir Sveinn.

Sjálfur segist Logi ánægður með karlana sína sem nú hafa flutt í Star Wars-skipið hans. Hann hafi þá einnig fengið góða stærðfræðikennslu hjá föður sínum og viti að mennirnir í tollinum kunni ekki að reikna út prósentur eins og eigi að gera. **- kdk**

**25% afsláttur af Purina, Friskies, Chrisco og Pussi í Nettó**

# Hunda- og kattadagar

## í Nettó 5.-12. mars

**Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi • Höfn**




**Purina | Friskies | Chrisco | Pussi**

**allt í matinn á einum stað**

Birt með fyrirvara um prentvillur
www.netto.is

nettó
alltaf gott - alltaf ódýrt

## GENGIÐ 04.03.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,00 | 66,32 |
| Sterlingspund | 131,05 | 131,69 |
| Evra | 100,26 | 100,82 |
| Dönsk króna | 13,456 | 13,534 |
| Norsk króna | 12,750 | 12,826 |
| Sænsk króna | 10,702 | 10,764 |
| Japanskt jen | 0,6396 | 0,6434 |
| SDR | 106,38 | 107,02 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
131,0179

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kaupþing fær betri kjör á lánamarkaði en vísbendingar hafa verið um undanfarið:

# Brýtur ísinn fyrir aðra banka

**VIÐSKIPTI** Kaupþing tilkynnti í gær að bankinn hefði getað fjármagnað starfsemi sína um 1,1 milljarða evra með sölu á skuldabréfum til fjárfesta í Bandaríkjunum og Evrópu. Þá tók bankinn lán hjá evrópskum banka fyrir 195 milljónir evra. Samanlagt jafngildir þetta um 130 milljörðum íslenskra króna.

Í gær lækkaði ákveðið áhættuálag sem bankarnir þurfa að greiða ofan á lánskjör vegna mats manna um aukna áhættu á að lána íslensku bönkunum. Kjörin sem Kaupþing fékk voru töluvert betri en álag á bankann undanfarnar vikur.

„Útgáfa Kaupþings bendir til þess að þvert á það sem sagt hefur verið í erlendum fjölmiðlum geta íslensku bankarnir sótt sér fé á markað og að skuldatryggingarálagið endurspeglar ekki þau raunverulegu kjör sem bönkunum bjóðast," sagði í fréttum greiningardeildar Glitnis í gær.

„[Við] teljum að mestu máli skipti að sýna fram á að alþjóðlegur fjármagnsmarkaður sé opinn fyrir íslenska banka. Við teljum þetta því góðar fréttir fyrir alla íslensku bankana og innlendan hlutabréfamarkað almennt," sagði í fréttum greiningardeildar Landsbankans í gær.

Kaupþing þarf að endurgreiða 1,1 milljarð evra af langtímaskuldbindingum á næstu tíu mánuðum. Dótturfélag Kaupþings í Danmörku, FIH, þarf að greiða 1,8 milljarða evra af sínum skuldbindingum.

Forsvarsmenn Kaupþings segja lausafjárstöðu bankans góða. Nú styrkist hún enn frekar og einnig losni peningar þegar hluti af starfsemi bankans í Bretlandi verði seldur. - bg



**NÝJU HÖFUÐSTÖÐVARNAR VIÐ BORGARTÚN** Ný fjármögnun Kaupþings er einungis til að styðja við hóflegan vöxt bankans á þessu ári og endurfjármögnun á því næsta.



**TÝNDIST** Fartölva með upplýsingum um tugi þúsunda umsækjenda um störf hjá breska hernum tapaðist á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bresk stjórnvöld týna tölvum:

# Týna fartölvu þriðja hvern dag

**BRETLAND, AP** Bresk stjórnvöld hafa týnt í það minnsta 1.000 fartölvum á síðasta áratug, samkvæmt upplýsingum frá bresku stjórnarandstöðunni. Það jafngildir því að fartölva hafi tapast þriðja hvern dag að meðaltali síðustu tíu ár.

Kastljósið hefur beinst að töpuðum tölvum eftir að starfsmaður varnarmálaráðuneytisins týndi nýverið tölvu með upplýsingum um 60 þúsund umsækjendur um störf hjá hernum.

Varnarmálaráðuneytið hefur týnt hvað flestum tölvum á síðustu tíu árum, alls 503 fartölvum og 23 borðtölvum. - bj

## VINNUMARKAÐUR

### Niðurstaða á mánudag

Kynning stendur yfir á nýgerðum kjarasamningi Starfsgreinasambandsins, SGS, og Samtaka atvinnulífsins, SA. Stefnt er að því að atkvæðagreiðslu verði lokið á föstudag og að talning atkvæða liggi fyrir á mánudag.

## UTANRÍKISMÁL

### Sáttmáli um vernd barna

Íslensk stjórnvöld eru komin í hóp þeirra 30 ríkja Evrópuráðsins sem undirritað hafa sáttmála um vernd barna gegn kynlífsnotkun og kynferðislegri misnotkun. Samningurinn varð til á fundi dómsmálaráðherra aðildarríkja ráðsins haustið 2007.

# Gagnaver í Keflavík þarf Þjórsárvirkjun

**Óvíst er að gagnaver rísi í Keflavík því Landsvirkjun setur virkjun Þjórsár sem skilyrði fyrir raforkusölu til þess. Alþingi þarf fyrst að samþykkja framsal vatnsréttindanna. Að auki telur umhverfisráðherra samþykki landeigenda nauðsyn.**

**ORKA** Það er ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir raforkusölu Landsvirkjunar til gagnavers Verne Holding að hafist verði handa við virkjun Þjórsár, samkvæmt upplýsingum frá Þorsteini Hilmarssyni, upplýsingafulltrúa Landsvirkjunar.

Þó þurfi ekki að koma til eignarnáms vegna vatnsréttinda því efsta fyrirhugaða virkjunin af þremur, Hvammsvirkjun, dugi til. Öll vatnsréttindi vegna hennar eru nú þegar í eigu ríkisins.

Þorsteinn telur að landeigendur geti ekki komið í veg fyrir Hvammsvirkjun, því í samninga um sölu vatnsréttinda á sínum tíma hafi verið settar kvaðir um bætur vegna skaða sem landeigendur kunni að verða fyrir á landi sínu. Þrír landeigendur, einn í Skálmholtshrauni og tveir sumarbústaðaeigendur í Haga, vilji ekki semja við Landsvirkjun, en Þorsteinn telur að þar reyni ekki á eignarnám, því þær deilur snúist ekki um vatnsréttindi.

„Það þarf að bæta þessum eigendum þann hugsanlega skaða sem þeir verða fyrir vegna framkvæmdanna," segir hann. Hins vegar geti þeir ekki komið í veg fyrir þær.

Vatnsréttindi Títanfélagsins komust í hámæli þegar upp komst að þeim hafði verið ráðstafað til Landsvirkjunar, þremur dögum fyrir síðustu alþingiskosningar.

Ríkisendurskoðun ályktaði síðar að framkvæmdavaldið hefði ekki mátt framselja réttindin. Til þess þurfi að koma samþykki Alþingis.

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra telur, burtséð frá vatnsréttindum, að fyrirtækið verði að semja um allar þrjár virkjanirnar áður en virkjað er.

„Og ég vænti þess að menn geri sér grein fyrir því að það verður ekki virkjað nema þeir samningar náist. Jafnframt að þetta þurfa að vera frjálsir samningar því það er skoðun okkar í Samfylkingunni að engir þeir almannahagsmunir séu í húfi að þurfi að taka lönd eignarnámi. Svo er það bláköld staðreynd að þarna eru landeigendur sem ætla ekki að semja."

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra fagnaði í síðustu viku samningi Landsvirkjunar við Verne og sagði hann fela í sér þá framtíð sem ríkisstjórnin öll vildi berjast fyrir. klemens@frettabladid.is



**URRIÐAFOSS FYRIR MIÐJU** Innan Samfylkingarinnar virðast skiptar skoðanir um virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Skemmst er að minnast kosningaloforða um að slá stóriðju á frest. Fyrir utan umhverfisráðherra hefur Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra til dæmis lýst sig andvígan virkjununum. MYND/LOFTMYNDIR



**ÞORSTEINN HILMARSSON**



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR**

Ráðherra um fiskistofnana:

# Rangfærslurnar eru óþolandi

**SJÁVARÚTVEGUR** Óþolandi er fyrir fiskveiðiþjóð eins og Íslendinga að sitja undir rangfærslum náttúruverndarsamtaka um ástand fiskistofna við landið, segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra.



**EINAR K. GUÐFINNSSON**

Einar gagnrýndi náttúruverndarsamtök harðlega í ræðu á alþjóðlegri sjávarútvegsráðstefnu í Lilleström í Noregi í gær.

Á undanförnum árum hafa stjórnvöld og hagsmunaaðilar þurft að eyða vaxandi tíma og orku í að skýra sjávarútvegsstefnuna og hugmyndafræði um sjálfbæra nýtingu, sagði Einar. Rugl og rangfærslur hafi vaðið uppi í umræðunni. - bj

Festi bílinn á Öxnadalsheiði:

# Ekið á konu við kyrrstæðan bíl

**SLYS Kona á fertugsaldri slasaðist lítillega þegar ekið var á kyrrstæðan bíl hennar í Bakkaselsbrekku á Öxnadalsheiði á fimmta tímanum í gær.**

**Konan hafði fest bílinn og stigið út til að kanna aðstæður þegar ökumaður aðvífandi bíls ók á bíl hennar. Að sögn lögreglu fékk konan á sig högg þegar annar bílanna lenti á henni. Hún var flutt á sjúkrahúsið á Akureyri, en meiðsl hennar voru ekki talin alvarleg.**

**Bílarnir voru talsvert skemmdir og þurfti að draga þá af vettvangi. Öxnadalsheiði var lokuð í um þrjár klukkustundir í gær vegna ófærðar.** - bj





Er mataræðið óreglulegt?

*LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!*

Skyndibitafæði, sætindi, óreglulegar máltíðir – allt þetta dregur úr innri styrk, veldur þróttleysi, kemur meltingunni úr lagi og stuðlar að vanlíðan. Regluleg neysla LGG+ vinnur gegn þessum áhrifum og flýtir fyrir því að jafnvægi náist á ný. Dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**NÆSTA LÆGÐ** Eftir hlákuna í gær hefur kólnað víða á nýjan leik. Það er nú svo að næsta lægð kemur í kvöld og á morgun hvessir, einkum sunnan og vestan til. Óveruleg hlýindi berast inn á landið frá lægðinni og því má búast við snjókomu eða slyddu víða um land síðdegis á morgun.



**Á MORGUN** 13-20 m/s sunnan og vestan til, annars hægari.

**ÞRIÐJUDAGUR** 5-13 m/s en hvassara með ströndum.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Billund | 4° |
| Ósló | 1° |
| Stokkhólmur | 1° |
| Gautaborg | 4° |
| London | 7° |
| París | 4° |
| Frankfurt | 3° |
| Friedrichshafen | -4° |
| Berlín | 3° |
| Alicante | 10° |
| Mallorca | 12° |
| Basel | -1° |
| Eindhoven | 5° |
| Las Palmas | 22° |
| New York | 12° |
| Orlando | 23° |
| San Francisco | 17° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.




Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

## KJÖRKASSINN



*Eiga Íslendingar sjálfir að framleiða matvælin sem þeir þurfa?*

| | |
|---|---|
| Já | 69,8% |
| Nei | 30,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú hlaðið höfundaréttarvörðu efni niður af netinu á síðustu tólf mánuðum án þess að greiða fyrir það?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Segir landeigendur í Dagverðarnesi setja sumarhúsaeigendum afarkosti:

# Vilja margfalt markaðsverð

**FÉLAGSMÁL** Með frumvarpi um frístundabyggð, sem nú er til meðferðar hjá félagsmálanefnd Alþingis, eru búnar til sanngjarnar leikreglur fyrir bæði sumarhúsaeigendur og landeigendur, segir Sveinn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sumarhúsaeigenda.

Fréttablaðið greindi nýverið frá því að landeigendur í Dagverðarnesi í Skorradal hafi krafist þess að sumarhúsaeigandi verði borinn af leigulóð kaupi hann ekki lóðina. Landeigendur vilja níu milljónir fyrir lóðina, sem er rúmur fjórðungur úr hektara.

Það verð sem landeigendur í Dagverðarnesi vilja fá fyrir lóðirnar er margfalt hærra en markaðsverð, segir Sveinn. Þeim sem eigi sumarhús á lóðum þar sem leigusamningur renni út séu settir afarkostir; að kaupa lóðina eða fara.



**SKORRADALUR** Frístundabyggð er á nokkrum lóðum í Skorradal, en aðeins heyrist af vandræðum á lóðinni Dagverðarnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

Hann bendir á að lóðir við Þingvallavatn hafi nýverið verið seldar fyrrverandi leiguliðum á tvær milljónir. Lóðir við laxveiðiá í Borgarfirði hafi farið á innan við eina milljón króna.

Sveinn segist ekki vita til þess að aðrir sumarhúsaeigendur hafi fengið svipaða afarkosti og leiguliðar í Dagverðarnesi. Þar muni nokkrir leigusamningar renna út á næstunni og því brýnt að frumvarpið um frístundabyggð verði að lögum sem fyrst. - bj

Yfirlit Seðlabanka Íslands:

# Viðskiptahalli 200 milljarðar

**EFNAHAGSMÁL Viðskiptahallinn á síðasta ári var um 200 milljarðar króna, sem er um 96 milljörðum minna en árið 2006. Þetta kemur fram í bráðabirgðayfirliti Seðlabanka Íslands.**

**Þennan bata má að stórum hluta rekja til minni vöruskiptahalla, en hann var um 88 milljarðar í fyrra, samanborið við 156,5 milljarða árið áður.**

**Viðskiptahalli ársins 2007 var um 15,8 prósent af vergri landsframleiðslu, en í síðustu þjóðhagsspá Seðlabankans var gert ráð fyrir átján prósenta halla. Árið 2006 var viðskiptahallinn 25,5 prósent. - bj**




# Þráttað um vegabréf efnahagsvandans

**Vandinn sem steðjar að efnahagslífinu er heimatilbúinn, segir formaður VG. Ástæðurnar er að finna úti í löndum, segir viðskiptaráðherra. Forsætisráðherra lofar nýja kjarasamninga og telur stórframkvæmdir geta verið mikilvægar.**

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, segir vanda íslensks efnahagslífs algjörlega í takt við hagstjórn umliðinna ára. „Við uppskárum eins og við sáðum,“ sagði hann við upphaf umræðna um stöðu efnahags-, atvinnu- og kjaramála utan dagskrár á Alþingi í gær. Hann vitnaði til varnaðarorða Seðlabankans frá 2005 sem hann sagði stjórnvöld hafa haft að engu; þvert á móti hefðu skattar verið lækkaðir og lánshlutfall Íbúðalánasjóðs hækkað. Fyrir vikið hefðu verðbólga og viðskiptahalli aukist, auk viðbættri margvíslegri annarri óáran svo sem stórauknum erlendum skuldum. „Vandinn er heimatilbúinn að yfirgnæfandi meirihluta til,“ sagði Steingrímur.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði efnahagslífið vera að koma út úr miklu framkvæmdatímabili sem nú sæi fyrir endann á og alla tíð hefði verið vitað að við þær aðstæður myndi hægjast um. Kvað hann viðskiptahallann minnka hratt og að dregið hefði úr spennu á fasteignamarkaði. Verðbólga væri þó enn of mikil. Erlendar skuldir sagði hann tilheyra fjármálastofnunum sem nú hefðu frelsi til að athafna sig.

Geir furðaði sig á ósamræmi í málflutningi stjórnarandstæðinga, sem í einu orðinu gagnrýndu ríkisstjórnina fyrir að auka opinberar framkvæmdir og í hinu krefðust meiri ríkisútgjalda. Þá sagðist hann telja að stórframkvæmdir af einhverju tagi gætu verið mikilvægar til að halda hjólum atvinnulífsins gangandi.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sagði þrengingar efnahagslífsins tímabundnar og mikilvægt væri að menn héldu ró sinni. „Það er ástæðulaust að tala upp óttann og bankana niður,“ sagði Björgvin og ítrekaði að helstu orsakir ástandsins væri að finna í útlöndum.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði ríkisstjórnina bera mikla ábyrgð á vandanum vegna sinnuleysis. Sagði hann það jafnframt ábyrgðarleysi að hafna hugmynd hans um þjóðstjórn og ítrekaði fyrri orð um að stjórnin þyrfti að vakna.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, sagði ríkisstjórnina loksins viðurkenna að hún sigldi í ölgusjó; forsætisráðherra hefði sagt í erlendum fjölmiðlum að bankarnir þyrftu að rifa seglin. Lagði hann enn og aftur til að þorskveiðikvótinn yrði aukinn.

bjorn@frettabladid.is



**EFNAHAGSMÁLIN Á DAGSKRÁ** Steingrímur J. Sigfússon segir efnahagsvandann heimatilbúinn og átelur hagstjórn ríkisstjórnarinnar síðustu ár. Geir H. Haarde segir löngu ljóst að hægja myndi á hagkerfinu við lok stórframkvæmdanna á Austurlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# NÚNA

ERU SAMNINGADAGAR HJÁ VÉLASVIÐI HEKLU Á GÓÐUM NOTUÐUM TÆKJUM

**Ein af tilboðsvélum dagsins**

KOMATSU PC240
Árgerð 2003, ekin 7.600 tíma.

**Tilboðsverð í dag:**
**6.200.000 + vsk**




Opið 9-19 miðvikudag – föstudag og 12-18 laugardag

**HEKLA vélasvið**
Klettagörðum 8-10, Sími 590 5000, www.hekla.is, velasvid@hekla.is.

HEKLA

Spennan vex enn milli grannríkja í Suður-Ameríku:

# Kólumbía hyggst kæra Chavez

**KÓLUMBÍA, AP** Samskipti hægristjórnarinnar í Kólumbíu við vinstristjórnirnar í nágrannaríkjunum Venesúela og Ekvador eru með stirðara móti.

Alvaro Uribe, forseti Kólumbíu, segir að Kólumbíustjórn ætli sér að kæra Hugo Chavez, forseta Venesúela, til Alþjóðlega sakadómstólsins fyrir að hafa útvegað skæruliðahreyfingunni FARC í Kólumbíu bæði fjármagn og annan stuðning við að fremja þjóðarmorð.

Kólumbíustjórn fullyrðir að skjöl sem sýni fram á tengsl Chavez við FARC hafi fundist í tölvu Pauls Reyes, eins af leiðtogum FARC, eftir að hann féll í árás Kólumbíuhers á skæruliðabúðir FARC innan landamæra Ekvadors á laugardaginn. Samkvæmt þessum skjölum hafi Chavez verið í tengslum við FARC í meira en áratug. Skjölin benda meðal annars til þess að FARC hafi sent Chavez peninga meðan hann sat í fangelsi árin 1994-96 eftir að hafa gert misheppnaða tilraun til valdaráns.

Þá fullyrðir Francisco Santos, varaforseti Kólumbíu, að liðsmenn FARC hafi verið að útvega sér geislavirkt efni með það í huga að útbúa „óhreinar sprengjur“, það er að segja sprengjur sem eru hefðbundnar en þó með geislavirkum efnum sem dreifst geta víða.



**SPENNA Á LANDAMÆRUM** Strangt eftirlit er með umferð um landamæri Kólumbíu og Ekvador þessa dagana. NORDICPHOTOS/AFP

Hugo Chavez, forseti Venesúela, segir hættu á stríði í Suður-Ameríku eftir að Kólumbíuher gerði árás á skæruliðasveitirnar FARC innan landamæra Ekvadors á laugardaginn. Bæði Venesúela og Ekvador hafa á síðustu dögum eflt herstyrk sinn við landamæri Kólumbíu. - gb




2887 / TAKTÍK 4.3.2008

Ný bók um áhrif inngöngu í Evrópusambandið og upptöku evrunnar hér á landi:

# ESB og evra á fjórum árum

**EFNAHAGSMÁL** Líklegt er að innganga Íslands í Evrópusambandið (ESB) og upptaka evru í kjölfarið gæti tekið um það bil fjögur ár, að mati höfunda bókarinnar Hvað með evruna? sem Háskólinn á Bifröst hefur gefið út.

Höfundar bókarinnar eru Eiríkur Bergmann, dósent í stjórnmálafræði, og Jón Þór Sturluson, dósent í hagfræði. Í niðurstöðum þeirra kemur fram að Ísland hafi aðeins tvo raunhæfa kosti í peningamálum; óbreytta stefnu eða inngöngu í ESB og upptöku evru, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

Helstu afleiðingar innleiðingar evru eru tíundaðar í bókinni. Þar segir að hagkerfið verði stöðugra, vextir lægri og viðskiptakostnaður minni. Viðskipti aukist þegar gengisáhættan minnki. Þá ætti verðlag að lækka og kaupmáttur að aukast.

Helsti ókosturinn við upptöku evru er, að mati höfunda, að Seðlabankinn missi möguleikann á því að breyta stýrivöxtum. Þá geti það valdið erfiðleikum að ekki verði hægt að lækka raunlaun með gengisfellingu.

Bókin er afrakstur tveggja ára rannsóknar höfunda, sem unnin var að beiðni Alþýðusambands Íslands og Samtaka iðnaðarins. - bj



**BREYTINGAR** Verðlag ætti að lækka og kaupmáttur að aukast gangi Ísland í ESB og taki upp evru, að mati Eiríks Bergmanns (til vinstri) og Jóns Þórs Sturlusonar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ætla að segja skilið við biðlistastefnuna

**Meirihlutinn í borgarstjórn hyggst reyna að útrýma biðlistum eftir leikskólaplássi í Reykjavík. Foreldrar sem bíða eftir plássum fá greiðslu frá borginni til þess að mæta þeim óþægindum sem biðin eftir plássi skapar.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Við ætlum að segja skilið við biðlistastefnuna sem hefur verið lengi í leikskólamálunum. 1.200 börn eru á biðlista eftir leikskólaplássi, sem er með öllu óviðunandi,“ sagði Ólafur F. Magnússon borgarstjóri á blaðamannafundi fyrir borgarstjórnarfund í ráðhúsinu í gær.

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og F-lista stefnir að því að fjölga leikskólaplássum verulega með nýbyggingum og viðbyggingum við eldri leikskóla.

Þetta kemur til framkvæmda á næstu þremur árum en önnur umræða um þriggja ára fjárhagsáætlun borgarstjórnar var til umræðu í gær.

„Það er ekki ljóst hversu há greiðslan verður en hún mun nema tugum þúsunda,“ sagði Ólafur um greiðsluna til foreldra vegna biðtíma eftir leikskólaplássi.

Ólafur kynnti við upphaf borgarstjórnarfundarins 1,6 milljarða viðbótarframlag til velferðar- og skólamála. Þegar fyrsta umræða fór fram, fyrir tveimur vikum, var ekki gert ráð fyrir framlaginu. Ólafur F. sagði aðstæður hafa breyst og hugmyndir hafa komið fram sem meirihlutinn hafi ákveðið að bregðast skjótt við. Framlaginu verður veitt til heimaþjónustu, húsaleigubóta, sérskóla og sérdeilda. Um 450 milljónir fara í að efla húsaleigubótakerfið, tæplega 660 milljónir fara í sérskóla, 240 milljónir í tvær sérdeildir grunnskóla og um 250 milljónir í að auka heimaþjónustu.

Ólafur upplýsti um það á fundinum að borginni hefði borist óvæntur ríkulegur stuðningur vegna sérskólanna. „Það er ekki tímabært að segja frá því hvaðan hann er kominn,“ sagði Ólafur F.

Hann sagði einnig nýjan meirihluta hafa látið „verkin tala“ og vitnaði til málefnasamnings með sautján stefnumálum. Þeirra á meðal eru tvö mál, framkvæmd Sundabrautar og gerð mislæg ra gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, sem eru á forræði ríkisins fyrst og fremst. „Okkur ber skylda til þess að þrýsta á þessi verkefni eins og kostur er og hraða allri undirbúningsvinnu,“ sagði Ólafur F.

Hann bætti síðan við að nýi meirihlutinn hefði komið meiru í verk á fjörutíu dögum en gamli meirihlutinn á hundrað dögum. „Við höfum unnið hratt og vel og komum hlutum í framkvæmd.“

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, sagði mestu máli skipta í leikskólamálum að fjölga plássum. „Það sem skiptir langmestu máli er að mæta uppbyggingu leikskóla með leikskólaplássum. Greiðslur lina þjáningar, ef svo má segja, en aðalatriðið er að fjölga plássum.“

magnush@frettabladid.is



**BORGARSTJÓRI** Ólafur F. Magnússon borgarstjóri kynnti 1,6 milljarða viðbótarframlag til velferðar- og skólamála á blaðamannafundi í ráðhúsinu í gær. Þá upplýsti borgarstjóri að borginni hefði borist ríkulegur stuðningur vegna sérskólanna en ekki væri tímabært að greina frá hvaðan féð muni koma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


## Ford Escallade AWD 2007



Ekinn 15,000.- þús km.
405 hestöfl
7.manna.
22"krómfelgur.
Nýjar 18" fylgja með.

*Einn með öllu, sjón er sögu ríkari!*

Ásett verð 8.150.000.- þús
**Staðgreiðslutilboð 7.150.000.-þús**

**Upplýsingar í síma 846-2270 Sigþór**

Fimmtudagskvöld eru
# fjármálakvöld

Fjármálakvöld Landsbankans

Landsbankinn kynnir „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld", röð fjármálanámskeiða fyrir almenning. Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um þætti sem lúta að fjármálum heimilanna, fjárfestingartækifærum og skattamálum. Fjármálakvöldin hefjast kl. 20 og eru öllum opin án endurgjalds. Í boði eru kaffi og veitingar.

Dagskrá fjármálakvölda

| | | |
|---|---|---|
| 24. jan. | Höfðabakki | Fjármál heimilisins |
| 7. feb. | Akranes | Fjárfestingartækifærin |
| 21. feb. | Laugavegur 77 | Skattamál |
| 6. mars | Mjódd | Skattamál |
| 27. mars | Vesturbær | Fjárfestingartækifærin |
| 3. apr. | Ísafjörður | Fjármál heimilisins |
| 10. apr. | Fjarðargata, Hafnarfj. | Fjárfestingartækifærin |

Á morgun í útibúi Landsbankans Mjódd
Sérfræðingur frá Landsbankanum fer yfir helstu atriði sem hafa áhrif á skattgreiðslur einstaklinga og hagnýt ráð gefin við framtalsgerð.

Skráning á fjármálakvöldin fer fram á **landsbanki.is** eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Nánari upplýsingar á **www.landsbanki.is**.

2008

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 41364 02.2008

Landsbankinn

**Efling-stéttarfélag**
**Verkalýðsfélagið Hlíf**
**Vlsf. Boðinn**
**Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis**

## Auglýsa

Núna stendur yfir sameiginleg **póstatkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning** Eflingar-stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar, Verkalýðs- og sjómannafélagsins Boðans og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis við Samtök atvinnulífsins **fyrir störf á almennum vinnumarkaði.**

**Atkvæðisrétt eiga allir félagsmenn í ofangreindum félögum sem vinna eftir þessum samningi og greiddu félagsgjöld til einhvers þessara félaga í janúar/febrúar 2008.**

Kjörgögn og kynningarefni hefur verið sent út samkvæmt kjörskrá.

Fái einnhver sem telur sig eiga atkvæðisrétt ekki send kjörgögn, getur viðkomandi snúið sér til skrifstofu síns stéttarfélags, og fengið sig færðan á kjörskrá og greitt atkvæði**, enda leggi viðkomandi fram launaseðil sem sanni afdregin félagsgjöld í janúar/febrúar 2008.**

Tekið er við kjörskrárkærum samkvæmt framansögðu til **kl. 12.00 mánudaginn 10. mars en þá lýkur atkvæðagreiðslu um samninginn.**

Reykjavík, 28. febrúar 2008.

**Kjörstjórn**
**Flóabandalagsins og Boðans**



42PC51
42" Plasmasjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1.500
Svartími 0,001 ms
LG
153.900
42LC51
42" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5 ms
LG
164.900
42PT85
42" Plasmasjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 stafrænir móttakarar
100Hz
160 GB UPPTÖKU DISKUR
LG
209.900
42LT75
42" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500
Svartími 5 ms
2 stafrænir móttakarar
160 GB UPPTÖKU DISKUR
LG
229.900
Ljómandi góð sjónvörp
LG
219.900
37LF75
37" LCD Sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 10.000:1
Birtustig 500
Svartími 6 ms
Stafrænn móttakari
160 GB UPPTÖKU DISKUR
LG
209.900
37LT75
37" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500
Svartími 6 ms
2 stafrænir móttakarar
LG
153.900
37LC55
37" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5 ms
Stafrænn móttakari
LG
109.900
32LC56
32" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 8 ms
Stafrænn móttakari
LG
99.900
26LC55
26" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 800:1
Birtustig 500
Svartími 3 ms
Stafrænn móttakari
76.900
22LS4R
22" LCD Sjónvarp
Upplausn 1680x1050
Skerpa 3.000:1
Birtustig 300
Svartími 5 ms
LG
59.900
19LS4R
19" LCD Sjónvarp
Upplausn 1440x900
Skerpa 3.000:1
Birtustig 300
Svartími 5 ms
LG
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
LG
Life's Good

Vilja kanna hvort framleiðendur, birgjar og smásalar skáki í skjóli heimsmarkaðar:

# Hækkanir brotnar til mergjar

**VERÐLAG** Neytendasamtökin efast um að hækkun á matvöruverði að undanförnu skýrist eingöngu af hækkun á heimsmarkaðsverði og veikingu krónunnar. Hafa samtökin ritað forsætisráðherra bréf og hvatt hann til að beita sér fyrir stofnun samráðsvettvangs í anda gömlu þjóðarsáttarinnar sem beiti sér gegn verðhækkunum á matvöru.

Samtökin hafa jafnframt óskað eftir því við Samkeppniseftirlitið að það rannsaki verðhækkanir á matvörumarkaði og ástæður þeirra.

Neytendasamtökin telja yfirlýst markmið nýgerðra kjarasamninga í hættu en takmark þeirra var að bæta stöðu fólks með lægri tekjur og tryggja stöðugleika. Segir í bréfinu til forsætisráðherra að verðhækkanir leiði ekki aðeins til hækkaðs verðs og aukinnar verðbólgu heldur einnig til mikillar hækkunar á verðtryggðum skuldum heimilanna.

„Með þeim háu vaxtagjöldum sem nú ríkja er ljóst að mikill vítahringur víxlverkana verðlags og launa getur farið af stað og valdið neytendum og atvinnulífinu ómældu tjóni ef ekkert er að gert,“ segir í bréfi samtakanna. **- bþs**



**MATARINNKAUP** Neytendasamtökin hvetja forsætisráðherra til að beita sér fyrir samráðsvettvangi í anda gömlu þjóðarsáttarinnar sem beiti sér gegn verðhækkunum á matvöru.

Segja átta særða eftir loftárás:

## Bandarískri árás mótmælt

**SÓMALÍA, AP** Hundruð íbúa í bænum Dobley í Sómalíu mótmæltu í gær loftárás Bandaríkjamanna á hús í bænum á mánudag. Mótmælendurnir, aðallega konur og börn, hrópuðu slagorð gegn Bandaríkjunum.

Starfsmaður hjálparsamtaka sem staddur er í bænum segir orrustuþotur hafa flogið aftur yfir svæðið í gær, en ekki gert árás á bæinn.

Bandarísk stjórnvöld segja árásina hafa beinst að þekktum hryðjuverkamanni. Átta eru sagðir alvarlega sárir eftir árásina, þar á meðal fjögur börn, en það hefur ekki verið staðfest. **- bj**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Rafmagn af hluta Eskifjarðar

Rafmagn fór í skamma stund af hluta Eskifjarðar í gær þegar vinnuvél rakst upp í rafmagnsstreng. Hvorki slys á fólki né skemmdir hlutust af.

**FJARÐABYGGÐ**

### Tekist á um lokun leikskóla

Foreldrar og leikskólakennarar í Fjarðabyggð deila nú um sumarlokun skólanna. Foreldrar skora á bæjaryfirvöld að endurskoða lokun leikskólanna í fimm vikur samfleytt. Starfsmenn á leikskólunum skora á bæinn að falla frá áformum um að loka leikskólum einungis í tvær vikur að sumri.



**FRÁ ALÞINGI** Flokksbræðurnir Grétar Mar Jónsson og Kristinn H. Gunnarsson stinga saman nefjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Eftirlaunin eru smán Alþingis

**Ef marka má umræður á Alþingi í gær er þingmeirihluti fyrir afnámi laga um eftirlaun þingmanna, ráðherra og æðstu embættismanna þjóðarinnar.**

**ALÞINGI** Þingmenn allra flokka – utan Sjálfstæðisflokksins – furða sig á að frumvarp um afnám eftirlaunalaga þingmanna, ráðherra, hæstaréttardómara og forseta Íslands hafi ekki verið rætt í allsherjarnefnd þingsins. Um leið lýsa þeir yfir stuðningi við frumvarp Valgerðar Bjarnadóttur Samfylkingunni þar að lútandi.

Í umræðum um störf þingsins grennslaðist Valgerður Bjarnadóttir fyrir um afdrif frumvarps síns um afnám laganna. Birgir Ármannsson, formaður allsherjarnefndar, upplýsti að málið hefði borist nefndinni á haustdögum, það hefði verið sent út til umsagnar en ekki hlotið umfjöllun að öðru leyti – ekki frekar en önnur þingmannamál.

### Sitji við sama borð og aðrir

Ögmundur Jónasson VG sagði frumvarpið snúast um hvort alþingismenn, ráðherrar og æðstu embættismenn ættu að fá sérkjör eða sömu kjör og aðrir landsmenn og Jón Magnússon, Frjálslynda flokknum, sagði þingmenn eiga að sitja við sama borð og aðrir og ekki vera í sjálftöku.

Siv Friðleifsdóttir Framsóknarflokki sagði flokk sinn hafa ályktað um að jafna ætti lífeyrisréttindin. Kvað hún Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi formann, hafa beitt sér fyrir breytingum sem ekki hefðu náð fram að ganga. Benti hún jafnframt á að kveðið væri á um endurskoðun laganna í stjórnarsáttmálanum.

### Þingið stundum snöggt til

Ellert B. Schram Samfylkingunni sagði lögin smánarblett á þinginu en Mörður Árnason flokksbróðir hans dró úr yfirlýsingu Sivjar Friðleifsdóttur um breytingavilja Halldórs Ásgrímssonar. Sagði hann formanninn fyrrverandi aðeins hafa viljað að lífeyristaka væri ekki möguleg ef viðkomandi starfaði áfram á vegum ríkisins. Mörður fagnaði hins vegar að Framsókn hefði skipt um skoðun enda hefðu Siv og allir hennar samflokksmenn greitt atkvæði með málinu á sínum tíma.

Valgerður Bjarnadóttir tók aftur til máls og lýsti vonbrigðum með að allsherjarnefnd fjallaði ekki um kjör þingmanna þegar þau ætti að færa til samræmis við kjör annarra en hefði greinilega nægan tíma þegar kjörin ætti að bæta. Vísað hún þar til frumvarps um aðstoðarmenn þingmanna sem nú er til meðferðar.

Að endingu benti Helgi Hjörvar Samfylkingunni á að Valgerður hefði mælt fyrir tillögu sinni í október en nú væri mars. Mælt hefði verið fyrir eftirlaunafrumvarpinu á sínum tíma í desember og það afgreitt í þeim sama desember. **bjorn@frettabladid.is**



**VALGERÐUR BJARNADÓTTIR** Vill að allir opinberir starfsmenn njóti sömu lífeyriskjara FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


AÐALFUNDUR

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar verður haldinn laugardaginn 8. mars kl. 13.00 að Grettisgötu 89, 1. hæð.
Á dagskrá eru venjubundin aðalfundarstörf.
Aðalfundurinn er opinn öllum félagsmönnum.

Stjórnin







BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

POLO RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

LLOYD

SARAR

BELLINI
collezione

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17

# Herra lagerinn outlet

# Frábær tilboð!

BELLINI
collezione

## Jakkaföt

## 19.990

VERÐ ÁÐUR ~~44.980~~

ALLAR STÆRÐIR - MARGAR GERÐIR

---

## 50%

## afsláttur

af öllum öðrum herravörum

---

## Kvennvara frá

BOSS
HUGO BOSS

SAND
WOMAN

## 50 til 70%

## afsláttur

af öllum kvennvörum

ATH: OPIÐ ALLA SUNNUDAGA Í VETUR

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )



**KÍNAÞING** Lúðrasveit lék er þingfundur var settur í fjölskipaðri ráðgjafanefnd Kínastjórnar í Peking í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Reyndi að losa sig við efnin

Lögreglan á Selfossi hafði afskipti af ökumanni í Hveragerði um hádegisleytið á sunnudag. Sást til hans þar sem hann kastaði frá sér bréfsnifsi sem reyndist við nánari athugun innihalda maríjúana. Var maðurinn handtekinn og færður á lögreglustöð til yfirheyrslu og blóðsýnatöku.

# Ísraelsstjórn hótar fleiri árásum á Gaza

**Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir að Ísraelar verði að gera sér grein fyrir áhrifum hernaðarins á Gaza á saklaust fólk.**

**GAZA, AP** Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, reynir nú hvað hún getur til að endurvekja friðarviðræður Ísraela og Palestínumanna.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna, sleit viðræðum eftir að Ísraelar hófu loftárásir á þéttbýlissvæði á Gaza-strönd sem kostað hafa á annað hundrað manns lífið, þar á meðal fjölmörg börn.

George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur lagt mikla áherslu á að Ísraelum og Palestínumönnum takist að semja um frið áður en Bush lætur af embætti forseta Bandaríkjanna í byrjun næsta árs.

Rice sakar Hamas-hreyfinguna, sem er einangruð inni á Gaza-svæðinu, um að hafa með flugskeytaárásum á Ísraela kallað yfir sig harðvítugar árásir frá Ísrael. „Þetta er leikur þeirra sem vilja ekki sjá að Palestínuríki verði stofnað,“ sagði hún í Egyptalandi í gær. Á hinn bóginn sagði hún að Ísraelar verði að „gera sér grein fyrir áhrifum þessara aðgerða á saklaust fólk.“

Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, segir að hernaðinum á Gaza verði ekki hætt fyrr en flugskeytaárásum frá Gaza yfir landamærin til Ísraels linni. „Við munum ekki sýna neitt umburðarlyndi, punktur. Við munum bregðast við,“ sagði Olmert.

Íbúar á Gaza óttast frekari árásir frá Ísrael, sem



**Á LEIÐ Í SKÓLANN** Palestínsk stúlka hleypur framhjá brennandi dekkjum í flóttamannabúðunum Shoafat í Austur-Jerúsalem. NORDICPHOTOS/AFP

þegar hafa kostað meira en 120 manns lífið, þar af 19 börn. Ísraelsk stjórnvöld hafa jafnan þverneitað að semja við Hamas um vopnahlé, en vaxandi fjöldi Ísraela telur að stjórnin eigi að íhuga þann kost.

„Ísraelska herliðið getur ekki leyst allan vanda,“ segir til dæmis í leiðara ísraelska dagblaðsins Haaretz í gær. „Þess vegna er engin önnur leið en að ræða við Hamas.“ gudsteinn@frettabladid.is


# Aðalfundur Bakkavör Group
## 14. mars 2008



Aðalfundur Bakkavör Group hf. verður haldinn föstudaginn 14. mars nk. kl. 16:30 í Þjóðleikhúsinu, Hverfisgötu 19, 101 Reykjavík.

### Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið ár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár, ásamt áritun endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar síðastliðins reikningsárs.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum:
   a. Breyting á 3. gr. – Lagt er til að stjórn verði veitt heimild til útgáfu hlutafjár félagsins í erlendum gjaldmiðli.
   b. Breyting á 19. gr. – Lagt er til að stjórnarmönnum verði fjölgað úr 7 í 8.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning endurskoðunarfélags.
8. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
9. Heimild til kaupa á allt að 10% á eigin hlutum. – Lagt er til að stjórn félagsins verði veitt heimild til kaupa allt að 10% á eigin hlutum félagsins á næstu 18 mánuðum.
10. Önnur mál.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér. Í tilkynningu skal geta auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsinga um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Auk þess skal geta upplýsinga um hagsmunatengsl við helstu viðskipta- og samkeppnisaðila félagsins sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Stjórn félagsins skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi tækifæri, með sannanlegum hætti til þess að bæta úr göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests sem eigi má vera lengri en 24 klukkustundir. Ef ekki er bætt úr ágöllum á framboðstilkynningu innan tiltekins frests, úrskurðar stjórn félagsins um gildi framboðs. Unnt er að skjóta ákvörðun stjórnar félagsins til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.

Upplýsingar um framboð til stjórnar félagsins skulu vera aðgengilegar hluthöfum á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Ennfremur verður hægt að nálgast umrædd gögn á vefsíðu félagsins, www.bakkavor.com, frá sama tíma.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl: 15:30 á fundarstað.

Fundarstörf fara fram á ensku.

Stjórn Bakkavör Group hf.

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum verður boðið upp á léttar veitingar og úrval rétta frá Bakkavör Group.

BAKKAVÖR
www.bakkavor.com


Útifundur fyrir Palestínu:

## Vilja mótmæla fjöldamorðum

**UTANRÍKISMÁL** Félagið Ísland-Palestína vill mótmæla ástandinu í Palestínu og efnir því til útifundar á Lækjartorgi í hádeginu í dag, miðvikudag.

Í tilkynningu frá félaginu segir að krafa dagsins sé sú að fjöldamorðin verði stöðvuð og umsátrið um Gaza-ströndina rofið.

Ræðumenn verða Katrín Fjeldsted læknir og Ögmundur Jónasson alþingismaður.

Félagið hefur skorað á stjórnvöld að slíta stjórnmálasambandi við Ísraelsríki. Á föstudag ritaði utanríkisráðherra starfssystur sinni í Ísrael bréf og lýsti áhyggjum sínum af stöðunni. - kóþ



**BENSÍNGJALDIÐ ER 32,95 KRÓNUR** Vélhjól til notkunar á lokuðum svæðum, sláttuvélar og vélsleðar eru meðal tækja sem á mætti nota litað bensín. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Litað bensín án bensíngjalds:

## Vilja réttlátari skattlagningu

**NEYTENDUR Hátt í fimm þúsund manns höfðu í gær undirritað áskorun til stjórnvalda um að heimila sölu á lituðu bensíni sem undanþegið væri bensíngjaldi.**

**Vonast forráðamenn Atlantsolíu, sem standa að undirskriftasöfnuninni, til að stjórnvöld opni augun fyrir því sem þeir kalla réttlátari skattlagningu eldsneytis. Segja þeir bensíngjaldið, sem markað er til vegaframkvæmda, ósanngjarna skattlagningu á þá sem kaupa bensín á vélar sem ekki nota vegi landsins.**

**Meðal þeirra sem ritað hafa nöfn sín eru eigendur vélhjóla til notkunar á lokuðum svæðum, eigendur sláttuvéla og vélsleða. Verður undirskriftalistinn afhentur stjórnvöldum síðar í vikunni.** - ovd

Gasdeila Rússa og Úkraínu:

## Hætta á gasskorti í Evrópu

**RÚSSLAND, AP** Úkraínumenn hóta því nú að nota í eigin þágu gas, sem Rússar selja til Evrópuríkja en flytja í gegnum Úkraínu.

Þetta eru viðbrögð þeirra við tilkynningu Rússa um að framvegis verði útflutningur á gasi til Úkraínu minnkaður um helming.

Rússar og Úkraínumenn deila um verð á gasi og hvernig stórar skuldir Úkraínu fyrir gas frá Rússlandi verði greiddar.

Stjórnarformaður rússneska orkufyrirtækisins Gazprom, sem er með einokunarstöðu, er Dimitrí Medvedev, nýkjörinn forseti Rússlands. - gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Kona og barn í útafakstri

Kona og barn sluppu ómeidd þegar bíll fór út af á Jökuldal í gærmorgun. Slysið varð með þeim hætti að konan ók bílnum í snjóskafl en við það snerist bíllinn, fór út af veginum og í gegnum girðingu. Bíllinn skemmdist nokkuð.

ALÞINGI

### Peningar til þjóðlegra greina

Katrín Júlíusdóttir Samfylkingunni hefur spurt menntamálaráðherra hvaða greinar nutu samtals fjórutíu milljóna króna sem renna áttu til „þjóðlegra greina“ samkvæmt fjárlögum 2007.

Hlýr vetur í Skandinavíu:

## Aldrei mælst hlýrri vetur

**SVÍÞJÓÐ, AP** Óvenjuleg hlýindi hafa verið í Skandinavíu í vetur. Raunar má segja að vetrinum hafi lokið áður en hann hófst.

Skordýr eru þegar byrjuð að skríða úr skógarfylgsnum og blóm tekin að springa út á grænum grasflötum.

Meðaltalshitinn í Stokkhólmi í desember, janúar og febrúar var 2,2 gráður á Celsíus, sem er hæsti hiti á þessum árstíma sem mælst hefur frá því mælingar hófust árið 1756.

„Þetta er hlýjasti vetur sem nokkru sinni hefur mælst,“ sagði John Ekwall hjá veðurstofu Svíþjóðar. - gb

Kristján krefst þess að afskipti Héraðsdóms Reykjavíkur verði engin af málinu:

# Rotið hugarfar í héraðsdómi

**DÓMSMÁL** Kristján S. Guðmundsson, fyrrverandi skipstjóri hjá Eimskipafélaginu, sagðist við fyrirtöku meiðyrðamáls Björgólfs Guðmundssonar gegn Kristjáni í Héraðsdómi Reykjavíkur bera takmarkaða virðingu fyrir dómstólum á Íslandi. Kallaði hann dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur óþokka og krafðist þess að afskipti dómstólsins af málinu yrðu engin.

Í máli sínu vísaði Kristján, sem ver sig sjálfur, til fyrri mála við héraðsdóminn. Sagði hann ferli innan dómstóla og niðurstöður dóma sýna að geðþóttaákvarðanir dómara stjórnuðu og rotið hugarfar viðgengist í dómum héraðsdóms. Kallaði hann starfsemi dómsins hryðjuverkastarfsemi þar sem ekki væri farið að lögum landsins.



**KRISTJÁN S. GUÐMUNDSSON** Flutti harðorða ræðu um vinnubrögð héraðsdóms við fyrirtöku meiðyrðamáls gegn honum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ásgeir Magnússon héraðsdómari ætlar sér tíma til 13. mars til að fara yfir kröfu Kristjáns. Þá verður einnig felldur úrskurður um kröfu Kristjáns um að héraðsdómur hafi heldur engin afskipti af meiðyrðamáli Landsbanka Íslands gegn Kristjáni.

Bæði málin snúast um orð Kristjáns í grein hans í Morgunblaðinu í lok október síðastliðnum. Fjallaði Kristján þar um kaup Björgólfs Guðmundssonar á Eimskipafélagi Íslands og umsýslu Landsbankans á fjármunum lífeyrissjóðs starfsmanna Eimskips. - ovd

**MEÐAL ORÐA KRISTJÁNS Í GREININNI**

- „Fyrrum ráðamaður í félaginu Hafskip hf. () tekst með tilkomu Rússagulls að ná yfirhöndinni í hlutabréfaeign Hf. Eimskipafélags Íslands.“
- „Eftir yfirtöku á Hf. Eimskipafélagi Íslands svo og Landsbankanum réðust ráðamenn þar í að sölsa undir sig umræddan lífeyrissjóð með slíkri ósvífni að glæpsamlegt yrði talið í siðmenntuðum heimi.“
- „Afskipti af rekstri (Lífeyrissjóðs Hf. Eimskipafélags Íslands) eru í þá veru að einræðisöfl í Rússlandi eru sem hvítvoðungar í samanburði við það framferði sem sýnt hefur verið af hálfu ráðamanna Landsbankans.“

Forsætisráðherra Serbíu:

## Vill minni tengsl við ESB

**SERBÍA, AP Vojislav Kostunica, forsætisráðherra Serbíu, hvatti í gær alla stjórnmálaflokka landsins til að styðja ákvörðun sína um að hafna nánari tengslum við Evrópusambandið (ESB) nema aðildarlöndin höfnuðu sjálfstæði Kosovo.**



**VOJISLAV KOSTUNICA**

**Serbía hefur neitað að staðfesta sjálfstæði Kosovo. Kostunica krefst þess að ESB staðfesti að Kosovo sé órjúfanlegur hluti af Serbíu áður en fyrsta skref Serbíu í átt að aðild að ESB verði stigið. Skiptar skoðanir um ESB eru taldar líklegar til að fella samsteypustjórn Kostunica.** - bj



**LOKUNUM HÆTT** Hætt hefur verið lokunum deilda á leikskólanum Stekkjarási í Hafnarfirði þar sem betur gengur að ráða fólk.

Leikskólar Hafnarfjarðar:

## Lokunum hætt á Stekkjarási

**HAFNARFJÖRÐUR** Betur hefur gengið nú en áður að ráða í lausar stöður við leikskóla Hafnarfjarðar. Í lok janúar vantaði starfsfólk í 22,12 stöðugildi í tíu skóla en nú vantar í 12,6 stöðugildi í sjö leikskóla. Horfið hefur verið frá lokunum á leikskólanum Stekkjarási.

Hjá Hafnarfjarðabæ hefur verið unnið markvisst að aðgerðum í starfsmannamálum leikskólanna, segir í tilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ, og kosta þær rúmar 200 milljónir króna á þessu ári. Greitt er fyrir matartíma og starfsmenn eiga kost á líkamsræktarstyrkjum svo dæmi séu nefnd. - ghs







## „ORÐRÉTT“

### *Nú jæja, þið eruð þá ekki alveg úti á túni*

**„Við erum varla að fara að reisa þrjár eða fjórar flugstöðvar í kringum flugvöll sem er óljóst hvort verður áfram.“**

GÍSLI MARTEINN BALDURSSON BORGARFULLTRÚI

**Fréttablaðið 4. mars**

### *Svona er pólitíkin í Rangárþingi ytra*

**„Þetta snýst bara um það að ég er oddviti meirihlutans og hann er oddviti minnihlutans.“**

ÞORGILS TORFI JÓNSSON, SJÁLFSTÆÐISMAÐUR Í RANGÁRÞINGI YTRA

**Fréttablaðið 4. mars**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? KATRÍN FJELDSTED LÆKNIR**

## *Ísrael heyri heiminn kalla eftir friði*

„Ég á nú nokkuð annríkt á morgun [í dag],“ segir Katrín Fjeldsted læknir.

„Ég á að halda þrjá fyrirlestra eða ávörp yfir daginn. Á hádegi verð ég með örstutt ávarp á Lækjartorgi út frá þeim hræðilegu atburðum sem hafa verið að gerast í Palestínu. Svo fer ég í Neskirkju og ræði við eldri borgara. Ætli ég tali ekki um heilsugæsluna sem hornstein heilbrigðisþjónustunnar. Svo fer ég að lokum í Norræna húsið um kvöldið að tala þar við fólk sem sinnir hópmeðferð,“ segir hún.

Katrínu hugnast ekki fræg ummæli aðstoðarráðherra Ísraels í vikunni um að Palestínumenn væru að kalla yfir sig „meiri helför“.

„Var það ekki Gandhi sem sagði auga fyrir auga og þá verður allur heimurinn blindur?



Þetta er svoleiðis. Það er engin lausn því það er alltaf verið að hefna fyrir síðustu árás. Þetta endurtekur sig alltaf og alls staðar. Meiri hefnd kallar á meiri hefnd.“

Læknirinn vill ekki taka sérstaka afstöðu til áskorunar félagsins Íslands-Palestínu um að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael. Hún fellst á að með því væru sterk skilaboð send Ísraelsmönnum „en ég hef alltaf mínar efasemdir um að slíta svona stjórnmálasambandi. Frá mínum bæjardyrum séð er alltaf betra ef menn geti talað saman. Að auki koma slíkar aðgerðir og viðskiptaþvinganir oftast niður á almennum borgurum,“ segir Katrín.

„Ég vona að Ísrael heyri heiminn kalla eftir því að þetta mál verði leyst af virðingu á báða bóga. Það er krafa heimsins að þessu linni.“

## MARADONA:
### MARGT TIL LISTA LAGT

Argentínska knattspyrnugoðinu Diego Armando Maradona er margt til lista lagt. Hann hefur að undanförnu getið sér gott orð í Argentínu sem þáttarstjórnandi í sjónvarpi og stýrir vinsælum kvöldþætti. Eitt aðalatriði þáttarins er tangódans hjá honum sjálfum. Stundum við gesti þáttarins en oftast nær er hann einn með klappandi áhorfendur allt í kringum sig. Ólíklegt er að Maradona muni ná upp viðlíka færni í tangó og hann sýndi í fótboltanum. Maradona er af mörgum talinn besti knattspyrnumaður allra tíma. Óregla, drykkja og eilíf barátta við aukakílóin gerði honum lífið leitt undir það síðasta á knattspyrnuferlinu. Tangóferillinn er hins vegar rétt að byrja.



# tilveran
*nær og fjær*

## SJÓNARHÓLL
**STAÐA LANDBÚNAÐAR Á ÍSLANDI**

### *Bjartsýnn og svartsýnn*

„Mér finnst margt í umhverfi bænda vera að breytast, bara núna á síðustu dögum og vikum,“ segir Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri á Hornafirði. Hann telur hækkandi áburðarverð og sveiflur á fjármálamörkuðum gera skuldsettum bændum mjög erfitt fyrir. „Margir þeirra, til dæmis kúabændur, hafa lagst í miklar fjárfestingar og það er spurning hvernig stjórnvöld og bændur ná að semja sín á milli um nýjan búvörusamning.“



**HJALTI ÞÓR VIGNISSON**
Bæjarstjóri

„Á móti kemur umræða um fæðuöryggið eins og forsetinn var að opna á í ræðu sinni á Búnaðarþingi. Með vaxandi velmegun til dæmis í Suðaustur-Asíu er einsýnt að eftirspurn eftir landbúnaðarafurðum eykst.“ Hjalti Þór getur að mörgu leyti fallist á orð forseta Íslands um að mikilvægt sé að ræða slík mál áður en nýr búvörusamningur við bændur er sleginn út af borðinu. „Það er margt sem myndi vekja mér svartsýni fyrir hönd bænda en það er ýmislegt í umhverfinu sem vekur mér bjartsýni.“

# Fiðrildaáhrif frá Íslandi

**Fiðrildavika UNIFEM hófst á mánudag. Fjöldi fyrirtækja tekur þátt í þessari landssöfnun og allur ágóði rennur til styrktarsjóðs UNIFEM gegn ofbeldi á konum og börnum.**

„Hugmyndin er sú að við viljum skapa fiðrildaáhrif frá Íslandi,“ segir Hrund Gunnsteinsdóttir, talskona Fiðrildavikunnar. „Og vonumst til að hafa þannig áhrif til góðs á konur í Líberíu, Kongó og Súdan.“

Fiðrildavikan er landssöfnun í þágu baráttunnar gegn kynbundnu ofbeldi og langstærsta fjáröflunarherferð sem UNIFEM á Íslandi hefur ráðist í. Hrund segir að aðdragandinn hafi verið langur og sterk hugmyndafræði liggi að baki. „Allur ágóðinn rennur í styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum. Þetta er eini sjóður sinnar tegundar í heiminum; fjölþjóðlegur sjóður sem vinnur gegn kynbundnu ofbeldi. UNIFEM hefur umsjón með sjóðnum. Hugmyndafræðin er sú að konurnar sem við viljum hjálpa þekkja sitt samfélag best. Þær skilgreina því þörfina og við reynum að mæta henni með því að veita þeim styrk úr sjóðnum.“

Að sögn Hrundar var undirbúningurinn bæði krefjandi og gefandi.



**HRUND GUNNSTEINSDÓTTIR** Talskona Fiðrildavikunnar segir söfnuna hafa fengið meðbyr strax frá upphafi og jafnvel náð til eyrna framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Skrifstofa UNIFEM á Íslandi er mjög lítil, þar er aðeins einn starfsmaður í fullri vinnu. En við erum með níu kvenna stjórn sem er mjög öflug. Við fundum strax í upphafi að við höfðum mikinn meðbyr. Við settum á laggirnar ráðgjafahóp á haustmánuðum 2006. Í honum voru öflugar konur í atvinnulífinu, sem hafa ráðlagt okkur hvernig best væri að hrinda hugsjónunum í framkvæmd. Eftir að undirbúningurinn hófst af fullum krafti í sumar hafa einmitt skapast samskonar fiðrildaáhrif og við erum að reyna að skapa. Fólk hefur leitað til okkar og boðið fram aðstoð sína, til dæmis BAS-hópurinn sem stendur fyrir göngu niður Laugaveginn í kvöld, Vatnadansfélagið verður með uppboð á brjóstum í okkar þágu og fjölmörg fyrirtæki leggja hönd á plóg. Okkur líður eins og allar okkar óskir hafi ræst – þetta er yndislegt.“

Nú þegar hefur Fiðrildavikan vakið alþjóðlega athygli. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra minntist til dæmis á hana á fundi með Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu Þjóðanna, fyrir viku. „Hann hafði einmitt á orði hvað Íslendingar hafa lagt mikið af mörkum í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi og í jafnréttismálum. Þá er von á utanríkisráðherra Líberíu til landsins, en Líbería er einmitt eitt af löndunum sem við einbeitum okkur að. Aðalframkvæmdastýra UNIFEM í New York kemur líka í heimsókn til okkar bráðlega. Það er í fyrsta sinn sem okkur hlotnast sá heiður. UNIFEM á Íslandi er að mörgu leyti að brjóta blað í sögu samtakanna á heimsvísu.“

Í upphafi Fiðrildavikunnar tók Kristín Ólafsdóttir við sem verndari UNIFEM á Íslandi. Hrund segir Kristínu vera mikinn feng fyrir samtökin. „Verndari UNIFEM talar máli samtakanna og ber kyndil okkar, hún er okkar sendiherra. Kristín kom inn í UNIFEM í gegnum ráðgjafahópinn. Hún hafði fylgst með starfi stjórnar UNIFEM á Íslandi og eftir því sem á leið fór hún að taka meiri þátt í hugmyndavinnunni í kringum Fiðrildavikuna. Á endanum bauðst hún til að taka yfir stjórn Fiðrildaverkefnisins. Við vissum að það væri í góðum höndum hjá henni. Kristín er skipulögð og kraftmikil og leggur sig alla fram í verkefni sem eru henni hjartans mál.“ Hrund segir að söfnuninni verði fylgt vel eftir og Íslendingar fái að fylgjast með hvert peningarnir fara. Þeir sem vilja leggja söfnunni lið geta hringt í síma 904-1000, 904-3000 eða 904-5000 eftir því hvort fólk vill gefa 1.000, 3.000 eða 5.000 krónur. Einnig er hægt að láta fé hendi rakna á heimasíðu samtakanna.

**bergsteinn@frettabladid.is**



**KONUR Í KONGÓ** Konur eru oftar en ekki þær sem fara verst út úr stríðsátökum. Brjóstið á konunni fyrir miðju er aflagað eftir að sýru var hellt á hana í refsingarskyni fyrir að reyna flýja úr kynlífsþrælkun í herbúðum.



### STYRKTAR- OG SAMSTARFSAÐILAR FIÐRILDASÖFNUNAR ERU:

- Landsbankinn og Eimskip eru bakhjarlar Fiðrildasöfnunarinnar.
- Verslanir Eymundsson og bókabúð Máls og menningar gefa 500 kr. af hverju seldu eintaki af völdum bókum.
- Te og Kaffi gefur 100 krónur af drykkjum mánaðarins til Styrktarsjóðs UNIFEM.
- Saltfélagið heldur sýningu á hekluðum brjóstum í auk þess sem þar verður haldið, í samstarfi við Vatnadansmeyjafélagið og UNIFEM, stórglæsilegt brjóstauppboð föstudaginn 7. mars.
- Yggdrasill gefur 20% af sölu á öllu lífrænu súkkulaði frá Rapunzel.
- Lyf og Heilsa gefur 100 krónur af hverri seldri vöru úr Gamla Apótekinu.
- World Class gefur 15% af staðgreiddum árskortum í Baðstofu og heilsurækt.
- Hertz Bílaleiga gefur 10% af þeirri upphæð sem konur greiða fyrir að leigja bíl.
- BAS-hópurinn (Bríet, Anna og Soffía) efnir til Fiðrildagöngu í kvöld klukkan 20. Gengið verður niður á Austurvöll. Fyrir göngunni fara tólf þjóðþekktir einstaklingar með kyndla.

Nánari upplýsingar má finna á unifem.is.


Avant hf., kt. 561205-1750, hefur birt lýsingu vegna töku víxla til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.

Eftirfarandi víxlaflokkur hefur verið gefinn út:

- Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 220.000.000 var gefinn út þann 20. nóvember sl. og er auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland hf. AVAN 08 0520. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf, hver víxill er að fjárhæð kr. 5.000.000 og skulu víxlarnir endurgreiðast þann 20. maí 2008. Víxlarnir verða teknir til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. þann 5 mars 2008.

Lýsingu þessa er hægt að nálgast á prentuðu formi, frá og með 5 mars 2008, hjá útgefanda Avant hf., Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík, og á vefsetri útgefanda, www.avant.is, í ár frá birtingu lýsingarinnar. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík 5. mars 2008

AVANT KAUPÞING



# Innbyggð WC

**DÚNDUR TILBOÐ!**
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

*Innifalið í verði:*

**33.900,-**

- Innbyggingar WC kassi
  - hár eða lár
- WC skál með harðri setu
- Sturtuspjald
- Affallsrör, beint og bogið
- Barki fyrir vatnsinntak
- WC kassi fulltengdur
- Festingar upp og niðri
- Viðurkenndir af BS - TÜV - NF

Val á sturtuspjaldi, skál og setu



KRÓMAÐIR EÐA HVÍTIR
MARGAR STÆRÐIR

# Handklæðaofnar



## HVÍTIR OFNAR Í BOGA

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hvítur boginn | 700x450 mm | 8.400,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 760x550 mm | 9.700,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 800x500 mm | 11.800,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 970x450 mm | 12.900,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1120x550 mm | 14.900,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1320x500 mm | 15.900,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1450x450 mm | 16.500,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1450x500 mm | 16.900,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1760x450 mm | 17.900,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1760x500 mm | 18.500,- | stgr. |

Verð sem kemur á óvart!

## KRÓMAÐIR OFNAR Í BOGA

| | | | |
|---|---|---|---|
| Króm boginn | 700x450 mm | 14.700,- | stgr. |
| Króm boginn | 700x500 mm | 15.400,- | stgr. |
| Króm boginn | 760x550 mm | 10.900,- | stgr. |
| Króm boginn | 970x450 mm | 21.800,- | stgr. |
| Króm boginn | 1120x550 mm | 23.900,- | stgr. |
| Króm boginn | 1200x550 mm | 25.400,- | stgr. |
| Króm boginn | 1320x500 mm | 32.900,- | stgr. |
| Króm boginn | 1450x500 mm | 34.900,- | stgr. |
| Króm boginn | 1760x500 mm | 43.900,- | stgr. |

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Neyðarbíll án læknis er skref aftur á bak.

## Þarf einhver að deyja?

JÓN KALDAL SKRIFAR

Tæpir tveir mánuðir eru nú liðnir frá því að læknar hættu að manna neyðarbíl Landspítalans og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Þegar þjónustunni var breytt í ársbyrjun höfðu læknar verið fastir meðlimir í áhöfn neyðarbílsins í rúmlega aldarfjórðung og var árangurinn af því fyrirkomulagi óumdeildur. Hundrað prósent fleiri lifðu af hjartastopp eftir að læknarnir bættust í útkallshópinn og hlutfall endurlífgana sjúklinga var með því hæsta sem þekkist í heiminum.

Þegar breyta á því sem vel er gert í opinberri þjónustu gera örugglega fleiri en sá sem hér skrifar ráð fyrir að markmiðið sé að gera enn betur. Því var þó ekki að heilsa með tilfæringum stjórnenda Landspítalans með neyðarbílinn, eins og Magnús Pétursson, forstjóri spítalans, viðurkenndi reyndar þegar tilkynnt var um breytingarnar. „Auðvitað bætir þetta ekki þjónustuna, það segir sig sjálft," sagði Magnús í samtali við Fréttablaðið um miðjan desember.

Enda var markmið Magnúsar ekki bætt þjónusta heldur niðurskurður og sparnaður. Breytingarnar komu svo til framkvæmda þótt Læknafélagið, Félag unglækna og allir sérfræðingar landsins í slysa- og bráðalækningum segðu þær skref aftur á bak. Reyndar þarf ekki sérstakan sérfræðing til þess að átta sig á því að það hlýtur að vera betra að læknir sé í slökkvistöðinni í Skógarhlíð þar sem neyðarbíllinn er, frekar en að neyðarbíllinn þurfi að koma við á slysadeildinni í Fossvogi og sækja lækni á leið í útkallið, eins og núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir.

Í Fréttablaðinu í dag er sagt frá því að í nokkrum tilvikum, eftir að þjónustunni var breytt, hefur ekki tekist að senda lækni með neyðarbílnum þótt hans hafi verið óskað. Þetta er gríðarlegt áhyggjuefni.

Bjarni Þór Eyvindsson, læknir á slysa- og bráðadeild Landspítalans, bendir á að erfitt geti verið að meta hvort viðvera læknis ráði úrslitum um líf eða dauða í útköllum neyðarbílsins. Það liggur þó í augum uppi að við slíkar aðstæður hlýtur sjúklingurinn að eiga að njóta vafans og læknir að vera með í för. Bjarni Þór er einmitt á þeirri skoðun, sem og allir kollegar hans, deildarlæknar á slysa- og bráðasviði spítalans.

Í frétt blaðsins í dag segir Bjarni Þór að yfirstjórn Landspítalans sé að átta sig á því að mistök hafi verið gerð með breytingunum í janúar. Magnús Pétursson, forstjóri spítalans, tekur hins vegar ekki undir það og segir í samtali við Fréttablaðið að nokkra mánuði þurfi til að meta reynsluna af breytingunum.

Tilraunadýrin á þeim tíma verða til dæmis þeir sem verða fyrir þeirri ógæfu að fá hjartaáfall og þurfa á þjónustu neyðarbílsins að halda. Allt vegna fyrirætlana um sparnað upp á tæpar þrjátíu milljónir króna á ári. Það er ótrúlegt að stjórnendur Landspítalans leggi í þessar æfingar fyrir ekki hærri upphæð, þvert á ráðleggingar meirihluta sérfræðinga. Er íslenskt heilbrigðiskerfi virkilega svona hart keyrt?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Berlín og Varsjá

20.–28. maí

Fararstjóri: Óttar Guðmundsson

Verð á mann í tvíbýli

98.700 kr.

Innifalið: Flug til Berlínar og frá Varsjá með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hótelum með morgunverði, akstur á milli Berlínar og Varsjár og íslensk fararstjórn.

Hin óviðjafnanlega París

5.–8. júní

Fararstjóri: Halldór Laxness

Verð á mann í tvíbýli

65.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hóteli með morgunverði og íslensk fararstjórn.

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vinsæll

Í skoðanakönnun Fréttablaðsins nefna tæp fjörutíu prósent Arnald Indriðason sem besta núlifandi rithöfund á Íslandi. Arnaldur ber höfuð og herðar yfir aðra rithöfunda. Í öðru sæti er Einar Már Guðmundsson með tæp átta prósent. Það þarf svo sem ekki að koma á óvart enda seljast bækur glæpasagnahöfundarins jafnan í tugum þúsunda eintaka. Ekki er vitað hvort Samkeppniseftirlitið hyggst bregðast við yfirburðastöðu Arnaldar á bókamarkaði. Í ljósi fyrri úrskurða þar á bæ er ekki loku fyrir það skotið að Arnaldur verði skikkaður til að gefa út ljóðabók eða smásagnakver annað hvert ár til að jafna út söluna.



### Hælt á hvert reipi

Bókasjónvarpsþáttastjórnandinn Egill Helgason gefur lítið fyrir könnunina og segir hana birtingarmynd þeirrar tísku að dást að því sem „gengur ofan í fólkið". Egill bendir réttilega á að ekki sé endilega saman að jafna vinsældum og gæðum og rökstyður það með skotheldu dæmi. Á tíunda áratugnum vann Egill á Alþýðublaðinu, sem hafði um sex hundruð áskrifendur – þar af fjölmarga dauða. „En það er enn talað um að þetta sé eitthvert besta blað sem hefur komið út á Íslandi." Eða eins og sagt er: Ef enginn hrósar manni er best að gera það sjálfur.



### Lítill áhugi

Staða efnahags-, atvinnu og kjaramála var rædd í utandagskrárumræðu á Alþingi í gær. Tólf þingmenn tóku til máls, þar af aðeins ein kona – Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins. Ætli konur á Alþingi hafi ekki áhuga á efnahags-, atvinnu og kjaramálum? Eða komast þær ekki að fyrir körlunum? Þetta hlýtur að vera nokkurt áfall fyrir konurnar hundrað sem um daginn auglýstu sig reiðubúnar að setjast í stjórnir fyrirtækja.

bergsteinn@frettabladid.is

# Fornleifar



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Týnd viðtöl og gömul kvæði

Fyrir nokkru bar svo við að í ljós kom heilt kvæði eftir forngrísku skáldkonuna Saffó, sem uppi var á sjöttu öld fyrir Krist. Áður þekktu menn brot úr þessu kvæði sem fundist hafði á papýrus í sandinum í Egyptalandi, en nú fannst annað brot á sama hátt og þegar þessi papýrusrifrildi voru lögð saman var kvæðið komið nokkurn veginn heilt. Ekki vantaði þá nema fáeina stafi sem auðvelt var að setja inn. Þetta vakti mikla athygli, því eftir þessa frægu skáldkonu eru ekki varðveitt nema sárafá heilleg kvæði. Allt annað eru brot.

Kvæðið var því þegar birt á forngrísku í venjulegri engilsaxneskri pressu, sem verður að teljast nokkuð sjaldgæft, með því fylgdi einföld og bókstafleg þýðing og ítarlegar skýringar. En fljótlega tóku ýmis ensk skáld að spreyta sig á að þýða þetta kvæði á alvöru ljóðmál, og á Íslandi þýddi Helgi Hálfdánarson kvæðið og birti í Lesbók Morgunblaðsins. Þetta var allt saman merkur menningarviðburður og sigur fornleifafræðinnar.

### Síðasti hermaðurinn

En nú víkur sögunni annað. Í lok janúar andaðist í Frakklandi háaldraður maður að nafni Louis de Cazenave, sem þá var elstur allra Fransmanna og hafði barist í stríðinu 1914-1918. En þegar hann var allur rann upp fyrir mönnum að þá var ekki nema einn maður eftirlifandi af þeim átta og hálfri milljón hermanna sem tekið höfðu þátt í þeim mikla hildarleik, sem sé allra síðasti franski hermaðurinn úr heimsstyrjöldinni fyrri. Þessi maður hét Lazare Ponticelli, hundrað og tíu ára gamall. Hann hafði boðið sig fram sem sjálfboðaliði þegar árið 1914, aðeins sautján ára að aldri, barist fyrst í franska hernum og síðan ítalska hernum, alveg til stríðsloka, og sloppið þaðan með svo mikið líf að það hefur enst honum í níutíu ár til viðbótar.

En þegar þessi fregn barst inn á skrifstofur dagblaðsins „Libération" rifjaðist upp fyrir blaðamönnum, að einhvern tíma í fyrndinni, fyrir óralöngu, sem sé árið 2005, hafði einhver af blaðinu tekið viðtal á segulband, og myndband, við þennan fyrrverandi hermann. Það hafði verið útbúið með ýmsum gömlum myndum, svo og texta, því rödd öldungsins var ekki alltaf skýr, og nú var þetta viðtal orðið sögulegt plagg í meira lagi. Þar að auki var gamli maðurinn í fréttunum. Fyrir nokkru ákvað Chirac, þáverandi forseti, að síðasti hermaðurinn úr heimsstyrjöldinni fyrri skyldi verða greftraður á kostnað ríkisins við mikla viðhöfn í París, og þá hafnaði Lazare Ponticelli því með öllu, ef það skyldi koma í hans hlutskipti að lifa lengst. En nú þegar hann var í raun og veru kominn í þessa stöðu, féllst hann á þetta, með nokkrum semingi þó og með því skilyrði að það yrði allt með virðingu og ekkert húllumhæ. Þetta vakti athygli og þótti hermannlegt. Og á „Libération" fóru menn að leita að viðtalinu.

### Sandur og tölvur

En nú voru góð ráð dýr. Á öllum þeim óratíma sem liðinn var síðan það var tekið hafði verið skipt tvisvar um tölvukerfi á blaðinu – kannske á svipaðan hátt og Kínverjar hafa tvisvar gert breytingar á letri sínu á tuttugu og einni öld – og af þessu viðtali fannst hvorki tangur né tetur. Forntölvufræðingar voru nú settir í málið, og eftir nokkra leit komust þeir að því að svo virtist sem fræðimaður einn hefði tínt viðtalið upp úr netinu á sínum tíma. Haft var samband við þennan mann í miklu ofboði, en án árangurs. Hann hafði að vísu tekið upp viðtalið, en harði diskurinn á hans eigin tölvu hafði krassað í mars síðastliðnum, og nú var viðtalið ekki lengur fyrir hendi. Það virtist jafn týnt eins og það hefði sokkið niður í sandinn í Egyptalandi. Fræðimaðurinn gat þó vísað forntölvufræðingunum áfram og eftir mikið stríð bar leitin loks árangur, það tókst að hafa upp á þessum ævaforna texta.

Þess vegna geta menn nú heyrt frásögn eins og þessa: „Fjörutíu og átta stundum eftir að ég særðist var rifið úr mér sprengjubrotið sem var í höfðinu. Fjórir menn héldu mér meðan læknirinn skar í holdið sem var orðið grænt, því sprengjubrotið var búið að vera þar lengi. Það blæddi mjög mikið. Þegar ég var orðinn betri var ég sendur aftur á víglínuna, þar sem gashylkjum var skotið á okkur. Þeir sem voru á undan okkur voru allir dauðir, kafnaðir. Síðan gekk herflokkur okkar upp á Monte Grappa, þar sem okkur var tilkynnt að brátt yrði friður undirritaður. Við fórum allir upp úr skotgröfunum og lyftum höndunum. Þessu var lokið. Allir voru ánægðir, jafnt Austurríkismenn sem við. Og menn spurðu: Til hvers vorum við að berjast?"

Þannig getur fornfræðin ekki einungis grafið upp úr sandinum týnd kvæði frá 6. öld fyrir Krist, heldur jafnvel grafið upp úr gömlum tölvum sögulegt viðtal frá árinu 2005.

# Mótum eigin framtíð

**UMRÆÐAN**

Iðnþing



JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON

Öll iðnfyrirtæki þarfnast sama grundvallar til að vaxa, dafna og skila eigendum sínum og samfélaginu arði. Stöðugleiki verður að ríkja í efnahagslífinu og vöxtur að vera jafn og öruggur. Þó að vel hafi gengið undanfarin ár er langt í frá að tekist hafi að tryggja stöðugleika.

Þeirri skoðun vex sífellt fiskur um hrygg að krónan dugi okkur ekki lengur. Það virðist einnig orðin skoðun flestra að tómt mál sé að tala um að taka upp annan gjaldmiðil en evruna og þá aðeins með þeim hætti að ganga fyrst í ESB.

Kannanir hafa lengi sýnt að meirihluti landsmanna telur að taka beri upp aðildarviðræður við ESB og að efnahag okkar sé betur borgið með aðild. Ennfremur eru flestir á þeirri skoðun að við verðum aðilar að ESB fyrr eða síðar. Gallinn er hins vegar sá að stjórnvöld mörkuðu sér þá stefnu að á þessu kjörtímabili verði aðild að ESB ekki á dagskrá.

Með aðild að ESB og evru er bent á leið til að breyta til langs tíma þeirri umgjörð sem við setjum efnahags- og þjóðlífi okkar, leið sem tekur nokkur ár að feta þar til settu marki er náð.

Líklegt má telja að sjálft samningaferlið við ESB um aðild taki allt að ári eftir að samningaviðræður hefjast í alvöru. Staðfestingarferli aðildarsamnings gæti tekið annan eins tíma. Eftir að inn er komið er ekki tæknilega mögulegt að taka upp evru fyrr en að tveimur árum liðnum og þá þarf að fullnægja öllum skilyrðum sem sett eru fyrir aðild að Efnahags- og myntbandalaginu og því er ekki að heilsa um þessar mundir. Fari allt á besta veg er líklegt að Íslendingar geti tekið upp evru í fyrsta lagi eftir fjögur ár frá þeim tímapunkti sem við tökum ákvörðun.

Samtök iðnaðarins halda Iðnþing sitt 6. mars undir yfirskriftinni: Ísland og Evrópa – Mótum eigin framtíð. Það er liður í framlagi okkar til undirbúnings þeirrar ferðar sem framundan er.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.*







# allt



Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360



N1
SUPER SWAMPER
SSR. Fáanlegt í 35"-38", 15"-18" felgur.
SUPER SWAMPER
IROK. Fáanlegt í 33"-49", 15"-18" felgur.
JEPPI ÓSKAST
N1 HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA WWW.N1.IS



Reynir Berg mun seint gleyma heimsókn sinni í fangelsið þar sem aðstæður voru afar bágbornar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fangarnir grétu af gleði

***Reynir Berg Þorvaldsson, sagnfræðingur og einn af forsvarsmönnum verkefnisins Jól í skókassa, fór um áramótin í ógleymanlega ferð til Úkraínu.***

Skókassaverkefnið hefur verið starfrækt frá árinu 2004. Það felur í sér að hér á landi er safnað leikföngum og fötum sem eru sett í skókassa og send til fátækra barna. Til stóð að þessu sinni að fara í fimm daga ferð til Úkraínu þar sem átti að afhenda fátækum börnum skókassana.

„Við lentum í Kiev um klukkan fimm þriðjudaginn 1. janúar. Það byrjuðum við á því að lenda í smá veseni í tollinum en það var svo sem ekkert alvarlegt," segir Reynir Berg.

Eftir stutt stopp í Kiev hélt hópurinn til þorpsins Subotcy þar sem faðir Evheniy, sem er prestur og samstarfsmaður hópsins, tók á móti honum. „Akstur-inn til Subotcy tók fimm tíma. Á leiðinni horfði ég út um gluggann á allar Lödurnar og Skódana, Rússablokkirnar ógurlegu og endalaust af spilavítum. Það virðist enginn skortur á spilavítum í Úkraínu og spilafíkn er mikið vandamál," útskýrir Reynir Berg.

Á öðrum degi var farið á munaðarleysingjaheimili og í fangelsi. Í fangelsinu hitti hópurinn fyrir fimmtán fanga í fangelsiskapellunni og fengu þeir pakka en sumir þeirra höfðu aldrei fengið gjöf um ævina.

„Þeir voru ekki síður ánægðir en börnin á munaðarleysingjaheimilunum. Einn fanginn fór meira að segja að gráta og það var frekar skrýtin tilfinning að sjá fullorðinn mann í fangelsi bresta í grát yfir skókassa sem innihélt flísteppi, nokkur kerti, hálsbrjóstsykur og sitthvað annað smádót," lýsir Reynir Berg.

Eftir þennan fund fór hópurinn í smá sýnisferð um fangelsið. „Við fórum inn í eitt herbergi sem hefur varla verið stærra en tuttugu fermetrar. Þar inni voru ellefu kojur, lyktin ógeðsleg og hreinlætið afar bágborið. Berklar eru víst mikið vandamál í þessu fangelsi, eins og flestum öðrum fangelsum í Úkraínu. Í þessu tiltekna fangelsi voru um 1.200 fangar." segir Reynir Berg reynslunni ríkari. *mikael@frettabladid.is*

Breiðhöfða
PLANIÐ bílasala 517 0000
517 0000



**Honda Jazz** 1,4, 06/07, 5þ.km. ssk, sumar og vetrardekk. Verð 1.760.000.-



**Patrol Elegance**, 7/00, 160þkm. Ný 33" dekk, allt að 100% lán 1.860.000.-



**Dodge Ram 1500 Larami**, 5,7 hemi, 11/07. Tilboð 3.990.000.- áhvílandi 3.700.000.-



**SsangYoung Kyron** 2,7 dísel, 7 manna, 12/07, 2þ.km. sjálfskiptur, leður. Tilboð 3.990.000.-



**Range Rover Sport HSE**, 2006, 34þ.km. Verð 6.940.000.-



**Toytoa Yaris Terra**, 8/99, 92þ.km. álfelgur, Verð 590.000.- Tilboð



**Toyota Rav4** GX DÍSEL, 03/06, 65þ.km. reyklaus. Verð 2.750.000



**Bíla** þarf að þvo vel þegar fer að hlána og saltið á götunum skvettist yfir þá. Saltið fer illa með lakkið og bílar geta ryðgað með tímanum ef það er látið liggja á.


VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Næsta námskeið hefst
7. mars n.k.

Staðsetning í Mjódd
www.ovs.is



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414




B&L kynnir nýjan BMW-lúxusjeppa í vor og gerir gott betur með því að afhjúpa blendingsútgáfu af bílnum við sama tilefni.

# Aflmikill jeppi og umhverfisvænn

***Nýji BMW X6 lúxusjeppinn verður einnig fáanlegur í blendingsútgáfu í vor.***

B&L stefnir á að kynna til leiks nýja tegund af BMW X6 lúxusjeppa í vor, en bílnum hefur verið lýst sem nokkurs konar blöndu af sportbíl og jeppa. Ekki nóg með það heldur verður hulunni sömuleiðis svipt af blendingsútgáfu bílsins, það er BMW X6 Active Hybird.

Hefð er fyrir því að blendingsvélar séu fyrst settar í fólksbíla, en forráðamenn BMW ákváðu aftur á móti að setja hana í stærsta jeppa BMW-línunnar fyrstan allra bíla.

BMW X6 Active Hybird er búinn tveimur rafmótorum og Efficient Dynamics-tækni. Hún virkar þannig að þegar bíllinn staðnæmist til dæmis á ljósum, þá drepur hann á sér og fer sjálfkrafa í gang þegar ökumaður stígur á bensíngjöfina.

Þetta gerist hljóðlaust og ökumaðurinn verður því einskis var. Á meðan bíllinn drepur á sér safnar hann rafmagni í gegnum bremsur.

Því má segja að jeppinn verði umhverfisvænni en áður hefur þekkst, án þess þó að afli sé fórnað.

*- mmr*

# Þægindi og flott útlit

***Renault Laguna Sport Tourer þykir flottur jafnt að innan sem utan.***

Ný skutbílsútgáfa af tegundinni Renault Laguna Sport Tourer var kosin fegursti bíllinn af almenningi um alla Evrópu á síðasta ári.

Renault hefur lengi þótt búa yfir rennilegri hönnun og mikil nákvæmnisvinna er þar í hávegum höfð. Til dæmis var framleiðslunni á þessum bíl seinkað til þess að fá þá mynd sem bíllinn hefur í dag.

Renault Laguna Sport Tourer er skutbíll sem fékk ekki aðeins fyrstu verðlaun fyrir ytra útlit sitt því hann vann einnig á sýningu í París fyrir hönnun innanrýmis.

Innra rými Renault skarar fram úr og þóttu sætin vera þægileg bæði fyrir ökumann og farþega. Öll stjórntæki þóttu innan seilingar og útlit mælaborðsins fékk flest stig dómnefndar.

*- mmr*



Renault Laguna Sport Tourer var kosinn fegursti bíllinn af almenningi um alla Evrópu á síðasta ári.


ÚTSALA
HEILSÁRSDEKK
Ath! takmarkað magn



AMTEL
NordMaster

| Dekk | Stærð | | Áður | Tilboð |
|---|---|---|---|---|
| NordMaster ST | 13" | 175/70R 13 | 5.990,- | 3.990,- |
| NordMaster ST-310 | 14" | 185/65R 14 | 6.900,- | 4.900,- |
| NordMaster ST | 15" | 195/65R 15 | 7.990,- | 5.990,- |
| NordMaster ST | 15" | 205/65R15 | 8.600,- | 7.600.- |
| NordMaster ST | 15" | 205/70R 15 | 8.900,- | 7.900,- |
| NordMaster ST-310 | 16" | 205/55R 16 | 9.990,- | 8.900,- |

Stilling
www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bíldshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur
Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður | Draupnisgata 1, 600 Akureyri
Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000



Jeppaferðin hefst hjá okkur

ARCTIC TRUCKS
arctictrucks.is

INNO farangursbox Streambox 714
Verð kr. 39.900





Come up Dráttarspil 9,500i 12v
Verð kr. 98.100



INNO skíðafestingar fyrir 6 skíðapör, rail slider
Verð kr. 14.900 settið.



Loftdæla Viair 440P í tösku
Verð kr. 27.900



INNO toppgrindarbogar
Verð kr. 13.820





Drullutjakkar 60"
Verð kr. 10.900

Álbox í mörgum stærðum
Verð frá kr. 9.600

Arctic Trucks, Kletthálsi 3, 110 Reykjavík



**Ryksugan** er ekki fallegt heimilistæki og ekki er skemmtilegt að nota hana. Ryksuga verður þó reglulega svo heimilisfólkið fái ekki rykofnæmi og veikist.

# Ding dong

***Dyrabjöllur og -símar hafa tekið stakkaskiptum hin síðustu ár.***

Fyrir einhverjum árum þóttu dyrasímar með myndavél nokkur fjarstæða og var helst hægt að sjá þeim bregða fyrir í framúrstefnulegum kvikmyndum. Í dag þykja þeir sjálfsagður hlutur þótt margir láti bjölluóminn og talstöðina duga.

*vera@frettabladid.is*



Innitæki með skjá fást með tveimur mismunandi skjástærðum og býður stærra tækið upp á að vista myndir af þeim sem hringir. Kerfið fæst hjá Smith & Norland. Verð með einu innitæki, án skjás, og útistöð er frá 43.352 kr. Verð með einu skjátæki og útistöð með myndavél er frá 191.108 kr.



Einfalt og þægilegt dyrasímakerfi frá þýska framleiðandanum RITTO. Hentar vel jafnt í fjölbýli sem einbýli. Kerfið er búið nýrri tveggja víratækni sem auðveldar alla uppsetningu og forritun. Hér má sjá innisíma með litaskjá frá Reykjafelli. Verð frá 141.678 krónum. Boðið er upp á mikið úrval einfaldari tækja án myndavélar og kosta þau frá 36.650 krónum.



Siedle-brautarkerfi sem er einfalt í uppsetningu og býður upp á tal og litaskjá með góðri upplausn. Hægt er að fá þrjár mismunandi gerðir útistöðva en innitækin eru til í tíu mismunandi litum. Fæst hjá Smith & Norland.



Klassísk dyrabjalla frá Friedland. Nú er þessi góðkunningi landans orðinn þráðlaus og drífur allt að 200 metra. Fæst hjá Reykjafelli og kostar frá 5.596 krónum.






**Ungbarn** þarf venjulega um 16-18 tíma svefn á sólarhring sem dreifist á tveggja til fjögurra tíma lúra. Um sex mánaða aldur minnkar svefntíminn niður í 13 til 14 tíma.






Full búð af spennandi vor-vörum

IANA

Laugavegi 53 • s. 552 3737
opið mánudag til föstudag 10-18
laugardag 10-16





Ning Ning segir aðeins erfiðara að spila á selló en píanó en finnst það jafn skemmtilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Spilar bæði á píanó og selló og syngur líka í kór

***Ósk Hoining, eða Ning Ning eins og hún er kölluð, er sannarlega mikill dugnaðarforkur. Hún spilar á tvö hljóðfæri, syngur í kór og stendur sig með stakri prýði í skólanum.***

Hin átta ára gamla Ning Ning er að fara að taka þriðja stig á píanó og annað stig á selló. Hún byrjaði fjögurra og hálfs árs gömul að æfa á píanó en sex ára á selló. Mamma hennar, Natalía Chow, kennir henni á píanóið en hún er í hálfu námi á selló í tónlistarskóla Álftarness. En hvort ætli henni finnist skemmtilegra?

„Mér finnst bæði jafn skemmtilegt en það er aðeins erfiðara að spila á sellóið.“ En hvernig ferðu að því að spila lag á svo fáa strengi? spyr blaðamaður í fáfræði sinni. „Ég nota puttana til að fara ofan í strengina og strýk þá síðan með boganum,“ útskýrir Ning Ning og segist hafa séð hvernig maður eigi að gera í sjónvarpinu.

Dagurinn hjá Ning Ning er þétt skipaður en fljótlega eftir að hún kemur heim úr skólanum æfir hún sig á píanóið. Hún æfir sig í klukkutíma á dag og fær tilsögn frá móður sinni. Síðan snýr hún sér að skólalærdómnum, en Ning Ning, sem er fædd snemma á árinu, er ári á undan í skóla. Eftir það hvílir hún sig um stund en hefst svo handa við að spila á sellóið.

Þá er Ning Ning í Englakórnum sem mamma hennar stjórnar. Hún stofnaði kórinn þegar Ning Ning var þriggja ára og er þetta eini smábarnakórinn á landinu. Í honum eru fimmtíu börn á aldrinum þriggja til átta ára og syngja þau á hinum ýmsu tungumálum.

Ning Ning hefur háleit markmið og langar til að verða píanóleikari, sellóleikari og söngkona allt í senn. Hún veit að það krefst mikillar vinnu og leggur sig alla fram. En hvað ætli hún geri í frístundum? „Mér finnst allra skemmtilegast að baka með mömmu minni,“ segir hún glöð í bragði en snýr sér svo aftur að því að spila lag um glóandi orm sem hún er að æfa fyrir þriðja stigið.

*vera@frettabladid.is*


Móðir og barn

**Ný fimm vikna námskeið hefjast 11. mars**
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 9:15-10:15 og 10:30-11:30.

Áhersla er lögð á líkamsstöðu, grindarbotn, kviðvöðva, almenna styrktarþjálfun, liðkandi æfingar og fræðslu.

Boðinn er frjáls aðgangur að tækjasal Hreyfigreiningar meðan á námskeiðinu stendur.

Sandra Dögg Árnadóttir, sjúkraþjálfari B.Sc sér um námskeiðið.

HREYFI GREINING
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is



„Sextán og þú skalt sjá mig í bíó...“
- 16, Grafík, Höf: Helgi Björnsson





Nýr vefur » Á hvað ert þú að hlusta?

Tónlist.is



Sensitive ungbarnalína

Ofnæmisprófuð og mild lína sem er sérstkalega þróuð fyrir viðkvæma húð ungbarna

**Ungbarna andlitskrem** – Verndar húðina gegn óæskilegum áhrifum umhverfis og útfjólubláum geislum. Sólarvörn SPF 18, vítamín A&E.
**Bossakrem** – Mýkir og verndar bleyjusvæðið gegn ertingu, útbrotum og þurrki. Býr til verndandi lag á húðina. A&B5 vítamín. Mjög gott á bruna.
**Bossablautklútar** – Handhægir klútar í ferðapakkningu. Húðlæknisfræðilega prófaðir. Úr 100% trefjum. Alkóhól- og litefnalausir. Ph gildi 5,5.
**Ungbarna baðsápa** – Sérlega mild og rakagefandi kremsápa “sápulaus”. Innih. A&E vítamín.
**Ungbarna sjampó** – Milt sjampó (tearless). Hefur góðan ilm og gerir hárið silkimjúkt.
**Ungbarna húðmjólk** – Mild og rakagefandi húðmjólk. Inniheldur E&B5 vítamín. Ph gildi 5,5.
**Ungbarna olía** – Mild olía sem mýkir og hefur róandi áhrif á húðina. Inniheldur A&E vítamín.

Dr Fischer



Fæst í apótekum um land allt

**Vegabréf** má ekki gleymast þegar farið er í ferðalög. Mörg hótel og jafnvel verslanir víða erlendis fara fram á vegabréf þegar bókað er inn eða þegar greitt er með greiðslukorti.




Töfrar Taílands eiga enga sína líka.

# Hið rétta andlit Taílands

*Ferd.is gaf út um nýliðna helgi tvo ofurspennandi ferðabæklinga um Taíland og Balí, Lombok og Java, en ferðaskrifstofan skipuleggur einstaklings- og hópferðir með litlum fyrirvara til framandi staða um allan heim.*

„Ferd.is býður allt öðruvísi ferðalög en Íslendingar hafa átt að venjast hingað til,“ segir Jón Haukur Daníelsson, framkvæmdastjóri ferðaskrifstofanna Ferd.is og Islandsrejser í Kaupmannahöfn. Ferd.is er eina ferðaskrifstofan hérlendis sem hefur rekstrarleyfi á öllum Norðurlöndunum, þar sem neytendalöggjöfin er eldri og þróaðri en hér tíðkast.

„Við bjóðum lúxuspakka um gjörvallt Taíland, en í þeim kynnast Íslendingar hinu rétta andliti tælensku þjóðarinnar. Við höfum orðið vör við neikvæða umfjöllun


Dásamlegur árbítur á Balí.


Jón Haukur Daníelsson, framkvæmdastjóri Ferd.is og Islandsrejser í Danmörku.

um Taíland og viljum leggja ofuráherslu á að kynna landið á réttan hátt, með öllum sínum fjölbreytileika og fegurð. Eins og aðrar ferðaskrifstofur á Norðurlöndum störfum við eftir ákveðinni umhverfis- og mannúðarstefnu og bjóðum viðskiptavinum okkar ekki upp á ferðalög til Pattaya í Taílandi, Kúbu, Natal í Brasilíu eða borga í Austur-Evrópu sem þekktar eru fyrir kynlífsiðnað og barnavændi. Það flokkast undir ábyrga ferðamennsku,“ segir Jón Haukur, sem skipuleggur ferðalög í samvinnu við stefnu dönsku samtakanna Red Barnet sem eru aðilar að samtökunum Save the Children.

„Fátækt og vonlaus framtíð eins til tveggja milljóna barna í heiminum þvingar þau til að selja líkama sinn og það vandamál hefur vaxið í takt við það að hægt er að fá ódýra flugmiða sem gerir fleirum kleift að ferðast til fjarlægra staða. Taíland var eitt sinn samnefnari fyrir ferðamannaland þar sem barnavændi var stundað, en misnotkun á börnum finnst á mörgum öðrum stöðum, eins og Kambódíu, Srí Lanka, Afríku, Mið-Ameríku og Austur-Evrópu,“ segir Jón Haukur, sem hvetur ferðamenn til að sýna ábyrgð með því að vernda börn á kynlífsferðamannastöðum.

„Pakkaferðir okkar eru ekki heilagar að því leyti að unnt er að skipuleggja draumaferðalagið og púsla saman einum pakka við annan í þeirri röð sem ferðalanginn dreymir um. Lágmarksfjöldi í hóp er tveir, en ekkert þak er á fjölda ferðalanga. Með fyrirhyggju má bóka lægri fargjöld en Íslendingar hafa áður séð, en auðveldlega má komast hvert í heim sem er strax á morgun, ef því er að skipta,“ segir Jón Haukur sem á næstu dögum setur inn íslenska bæklinga um ferðalög á Nýja-Sjálandi og Malasíu.

„Við bókum hótel, bílaleigur og allt áætlunarflug fyrirfram hér heima, ásamt því að sjá um ferðatryggingar. Því á ekkert að koma á óvart eða fara úrskeiðis á áfangastað og allur aðbúnaður og fararstjórn er hreinasti lúxus.“

thordis@frettabladid.is

## Ábyrgir ferðamenn

SEM FERÐAMAÐUR MEÐ ÁBYRGÐ GETUR ÞÚ GERT EFTIRFARANDI TIL AÐ VERNDA BÖRN:

**1. Tilkynntu lögreglu** á staðnum eða fararstjóra/leiðsögumanni ef þú hefur grun um barnamisnotkun. Ef það er ekki mögulegt á staðnum, hafðu þá samband við lögreglu hér á Íslandi þegar þú kemur til baka.

**2. Tilkynntu ferðaskrifstofunni** ef þú verður vitni að því að fullorðnir taki ókunn börn með sér á hótelherbergi. Ferðaskrifstofan getur þá gripið inn í gagnvart hótelinu og tilkynnt það lögreglu á staðnum.

**3. Láttu ferðaskrifstofu þína vita** ef þú hefur orðið var við eitthvað sem minnir á barnamisnotkun á þeim stað eða stöðum sem þú ferðast á.

**4. Taktu þátt** með því að sýna skoðun þína, stígðu fram og gefðu til kynna að þú sért á móti mansali, vændi og misnotkun á börnum.

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905



GISTING Í HÖRPUHÚSI
Kaupmannahöfn
http://surprizetravel.is/gistingdk.html
Nánari upplýsingar í síma 822-3890

Barcelona
24. apríl
frá kr. 39.990



Frábær helgarferð – á sumardaginn fyrsta
Heimsferðir bjóða frábært tilboð í helgarferð til Barcelona 24. apríl (sumardagurinn fyrsti). Barcelona er einstök perla sem íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Borgin býður frábært mannlíf og óendanlega fjölbreytni í menningu og afþreyingu að ógleymdu öllu því úrvali fjölbreyttra verslana sem eru í borginni. Gríptu þetta frábæra tækifæri - örfá herbergi í boði!

Verð kr. 39.990
Netverð á mann, flugsæti báðar leiðir með sköttum. Sértilboð 24. apríl.

Verð kr. 69.990
2-3ja herbergja íbúð á 2. hæð. 2 mjög rúmgóð svefnherbergi með skápum, búið að stúka vinnuherbergi úr stofu (gæti nýst sem barnaherbergi). Eldhús og stofa er opið rými, útgengt á svalir. Baðherbergi, gólfefni og hurðir endurnýjað. Stór sérgeymsla með glugga á hæðinni.

**Nánari upplýsingar veitir Ásdís Ósk í síma 863 0402**

## OPIÐ HÚS Tryggvagata 4-6, 101 Rvk — Studio



**Verð: 9.800.000,-** | **Bílskúr: Nei**
**Stærð: 27,20 fm.** | **Bygg.ár: 1942**

**OPIÐ HÚS fimmtudaginn 06.03.08 kl. 18:00-18:30**

Snyrtileg studioíbúð á 4.hæð í Hamarshúsinu. Nýlega endurnýjað baðherbergi með nýjum flísum og flísalöguðum sturtubotn. Þrefalt gler er í gluggum.Sérgeymsla fylgir íbúð. Lyfta er í húsinu Íbúðin er ósamþykkt.

**Nánari upplýsingar veitir Ásdís Ósk í síma 863 0402**

Frum

**RE/MAX Skeifan** - Faxafen 8 - 108 Reykjavík - Sími: 412 3400


**Karl Jónsson**
Sölufulltrúi


**Ólafur Geir Jóhannesson**
Sölufulltrúi


**Pálmi Þór Ívarsson**
Sölufulltrúi


**Sigríður Sigmundsdóttir**
Gæðastjóri


**Sigrún Jónsdóttir**
Sölufulltrúi


**Thelma Hrund Andrésdóttir**
Sölufulltrúi

RE/MAX **Skeifan**

## Klettakór 1C, Kóp. — 5 herb.



| | |
|---|---|
| Verð:43.000.000,- | Bílskúr: Bílageymsla |
| Stærð: 174,20 fm. | Bygg.ár: 2007 |

4-5 herbergja íbúð á 2 hæðum. Efri hæð: 1 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og stofa, útgengt á sérafnotarétt. Neðri hæð: tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymsla. Sérstæði í bílahúsi fylgir. EINGÖNGU 2 ÍBÚÐIR EFTIR Í KLETTAKÓR.

**Nánari upplýsingar veitir Ásdís Ósk í síma 863 0402**

## Vogatunga 28, 200 Kóp. — Raðhús



| | |
|---|---|
| Verð: 41.000.000,- | Bílskúr: Já |
| Stærð: 145,70 fm. | Bygg.ár: 1969 |

Raðhús með sérinngangi á einni hæð og frístandandi bílskúr. Forstofa með þvottahúsi og geymslu innaf. Eldhús með ljósri innréttingu, rúmgóð stofa með útgengi á pall og þaðan út í garð. 3 svefnherbergi (voru áður 4) og uppgert baðherbergi.

**Nánari upplýsingar veitir Ásdís Ósk í síma 863 0402**

## Stuttárbotnar, 311 Borgarbyggð — Sumarhús



| | |
|---|---|
| Verð: 37.900.000,- | Bílskúr: Nei |
| Stærð: 116,40 fm. | Bygg.ár: 2006 |

Stórglæsilegt bjálkahús með gestahúsi með einstöku útsýni á besta stað í landi Húsafells. Allt innbú fylgir. Aðalhús: Svefnherbergi, rúmgott eldhús og stofa, baðherbergi með þvottaaðstöðu, svefnloft og sjónvarpshol. Gestahús: Svefnherbergi, salerni og svefnloft. Stór pallur og pottur. Sérstaklega vandað og vel frá gengið bæði að utan sem innan.

**Nánari upplýsingar veitir Ásdís Ósk í síma 863 0402**

## Bjarkarás 5, 210 Garðabær — Hæð



| | |
|---|---|
| Verð: 36.800.000.- | Bílskúr: Nei |
| Stærð: 121,1 fm. | Bygg.ár: 2006 |

Stórglæsilegt sérhæð með sérinngangi á 1. hæð með útgengi á stóran sérpall við Bjarkarás. Eingöngu eftir 3 sérhæðir. Möguleiki á að taka upp í minni eign. Áhvílandi erlent kúlulán ca. 28.900.000 sem er hægt að yfirtaka. 2 rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, geymsla og alrými: eldhús, borðstofa og stofa.

**Nánari upplýsingar veitir Ásdís Ósk í síma 863 0402**

## Vallarás, 110 Rvk — Stúdío



| | |
|---|---|
| Verð: 12.700.000,- | Bílskúr: Nei |
| Stærð: 41,6 fm. | Bygg.ár: 1986 |

RE/MAX Skeifan kynnir: fína fyrstu eign. Eldhús og stofa mynda eitt rími flísar á eldhúsi og parket á stofu, opið er út í garð úr stofu baðherbergi snyrtilegt og með baðkari.

**Nánari upplýsingar veitir Pálmi Þór í síma 895 5643.**
**palmi@remax.is**

## Stórikriki, 270 Mos. — Einbýli



| | |
|---|---|
| Verð: 55.000.000,- | Bílskúr: Já |
| Stærð: 242 fm. | Bygg. ár: 2007 |

Fallegt einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Húsið skilast fullbúið að utan klætt með sedruvið,áli og flísum. Húsið skilast tilbúið til innréttinga. Lóð skilast grófjöfnuð. Húsið stendur fyrir neðan götu við óbyggt svæði og er einstakt útsýni til norðurs og austurs.

**Nánari upplýsingar veitir Pálmi Þór í síma 895 5643.**
**palmi@remax.is**

## Reykás, 110 Rvk. — 4ra herb.



| | |
|---|---|
| Verð 36.000.000,- | Bílskúr. Já |
| Stærð: 164,8 fm. | Bygg.ár: 1983 |

RE/MAX Skeifan kynnir: Bjarta og fallega 4ra herbergja íbúð á tveimur hæðum með bílskúr og miklu útsýni á góðum stað í Árbænum. Komið er inná flísalagt anddyri góður fataskápur. Parketlagt stofugólf, svalir í suður með miklu útsýni til bláfjalla. Eldhús, flísalagt gólf, innrétting hvítsprautulökkuð með bláum skúfum.

**Nánari upplýsingar veitir Pálmi Þór í síma 895 5643.**
**palmi@remax.is**

## Eyrarholt, 220 Hfj. — 4ra herb.



| | |
|---|---|
| Verð 29.700.000,- | Bílskúr. Já |
| Stærð: 141,7 fm. | Bygg.ár: 1993 |

RE/MAX Skeifan kynnir: 4ra herbergja íbúð í holtunum í Hafnarfirði. Hjónaherb. er með góðum skápum og útgengi á svalir í norður, tvö barnaherb. Baðherb. flísalagt í hólf og gólf, nýlega tekið í gegn. Stofa og eldhús mynda eitt rými. Bílskúr er nýlega tekinn í gegn.

**Nánari upplýsingar veitir Pálmi Þór í síma 895 5643.**
**palmi@remax.is**

# VATNSSTÍGUR 11 - 101 REYKJAVÍK





Hér er um að ræða húseign á 4 hæðum, samtals 1256,8 fm (að sögn eiganda eru þetta 1500 fm) auk mögulegs byggingarréttar að tveimur hæðum ofan á húsið, allt að 1000 fm.
Íbúðirnar hafa verið mikið endurnýjaðar á undanförnum árum og eru í góðu ásigkomulagi. Gler og gluggar hafa að mestu leiti verið endurnýjaðir, baðherbergi, gólfefni, innihurðir að stórum hluta o.fl.
Í dag er rekið þarna 25 íbúða hótel og eru allar íbúðir með sér fastanúmer. Geymsla fylgir hverri íbúð. Íbúðirnar eru frá 25,7 - 53,3 fm að stærð.
Húseignin er á góðum stað í bænum og gefur mikla möguleika.

***Nánari upplýsingar veitir Pálmi í síma 895 5643 • palmi@remax.is***

**Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign**

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

Í KVÖLD KL. 19:30

# REAL MADRID
# ROMA

MEISTARADEILDIN

UEFA CHAMPIONS LEAGUE®

# HVERJIR KOMAST ÁFRAM?



**Í KVÖLD KL. 19:30**
**Real Madrid – Roma** Sýn
**Chelsea – Olympiakos** Sýn Extra
**Porto – Schalke** Sýn Extra 2

Upphitun hefst kl. 19:00
Umfjöllun um alla leiki kvöldsins kl. 21:40

sýn
*besta sætið*

# Rangur dómur

UMRÆÐAN

Meiðyrðadómur

Ómar, er skítt að vera á Kárahnjúkum?

„Þeir sem gleyma að þvo sér um hendurnar geta lent í djúpum."

Fullt tilefni var til að kalla fjölmiðlafulltrúann Ómar R. Valdimarsson rasista, þegar Gaukur Úlfarsson skrifaði ummælin sem héraðsdómur tók svo fyrir í máli Ómars gegn Gauki og dæmdi Gauk sekan um ærumeiðingar. Það er ekki ljóst hvort Ómar var á þeim tímapunkti mesti rasisti Íslands en hann var þá talsmaður alþjóðasamsteypunnar Impregilo á Íslandi, þess fyrirtækis sem hafði einna mest áhrif á aðbúnað hvað flestra útlendinga á landinu. Og hafði sig töluvert í frammi sem slíkur. Þannig hafði Ómar um hríð býsna mikil áhrif á afstöðu landsmanna til útlendinga.

*Þetta hugtak, klassismi eða stéttahyggja, virðist eiga enn betur við um þá afstöðu sem birtist í ummælum Ómars þegar hann starfaði sem fjölmiðlafulltrúi Impregilo.*

Þegar tugir verkamanna veiktust vegna lélegs aðbúnaðar í margra kílómetra djúpum námugöngum, þar sem þeir unnu án aðgangs að klósettum, hreinu drykkjarvatni, eða ferðum upp úr göngunum til að matast, birtust í Fréttablaðinu hnyttin orðaskipti blaðamanns og Ómars. Með orðum sínum gaf Ómar mjög sterklega í skyn að veikindin hefðu minna með aðbúnað á ábyrgð Impregilo að gera og snerust aðallega um óþrifnað útlendinganna. Þetta eru rasísk ummæli af vondri en vel þekktri sort. Algengustu og klénustu fordómar á milli samfélagshópa birtast iðulega í ávæningi um óþrifnað.

Trúlega er enginn hinna erlendu starfsmanna, sem Ómar níddist á með ummælum sínum, þess umkominn að verja sinn sóma og heiður, enda flestir þeirra farandverkamenn sem koma til Íslands að vinna tiltekið verk og fara síðan. Ómar ætlar ekki heldur að verja heiður sinn. Hann vill bara koma í veg fyrir að um hann og starf hans sé rætt.

Ómar er fjölmiðlafulltrúi. Það þýðir ekki að á opinberum vettvangi taki hann ábyrgð á gjörðum annarra, hann reynir aðeins að lágmarka það hversu mikla ábyrgð aðrir þurfa að taka á gjörðum sínum sjálfir. Á vefsvæði fyrirtækis Ómars er talað um krísustjórnun, meðal annars, og hvernig takmarka má skaða af ímyndaráfalli „með vel skipulagðri áætlun". Sjálfsagt er einhver dyggð í slíku starfi, sjálfsagt þarf Ómar einhvern tíma að kasta sér fyrir kúluna, svo að segja. Það gerði hann kannski hér og ef til vill er hann alls enginn rasisti „innst inni" eins og heitir. En Ómar tók að sér að verja starfsemi fyrirtækis sem hirti ekki meira um líf starfsmanna sinna (eða undirverktaka) en svo að þeir hríðféllu.



HAUKUR MÁR HELGASON

Fimm verkamenn dóu í vinnuslysum í framkvæmdunum við Kárahnjúka. Það er mikið. Það er raunar öllu hærra mannfall, miðað við höfðatölu, þ.e. miðað við fjölda íbúa á Íslandi og Bandaríkjunum, en mannfall bandaríska hersins í Írak. Í augum áhugamanns virtist Ómar standa sig mjög vel við vörn þessa rekstrar, eins þegar hann þurfti að ófrægja starfsmenn fyrirtækisins eða undirverktaka. Hvað sem líður innri manni Ómars í dag, þá voru það á sínum tíma nokkuð mikilvæg pólitísk sannindi sem Gaukur Úlfarsson hélt fram á bloggsíðu sinni: Að fjölmiðlafulltrúinn Ómar væri rasisti. Því þannig kom hann fram.

Rasismi er hins vegar ekki nákvæmt orðalag yfir faglega afstöðu Ómars, eins þó að upprunaland virðist spila rullu í þessari orðræðu. „Classism" er orð sem heyrist æ oftar í Bandaríkjunum, og nær yfir fordóma og mismunun milli stétta, þá einkum fordóma og mismunun efri stétta gegn neðri stéttum, umfram það sem felst í einfaldri efnahagslegri mismunun. Þetta hugtak, klassismi eða stéttahyggja, virðist eiga enn betur við um þá afstöðu sem birtist í ummælum Ómars þegar hann starfaði sem fjölmiðlafulltrúi Impregilo. Það má leita lengi í íslenskum dagblöðum áður en finnast nokkrar aðdróttanir um að millistjórnendur, forstjórar eða helstu eigendur stærri fyrirtækja kunni ekki að þrífa sig, hvaðan sem þeir koma.

Lýðræðisleg umræða er dónaleg í huga þeirra sem vilja heldur hafa sitt vald í friði. Það er eins og sú lexía ætli ekki að láta Ísland í friði þetta árið. Ritstjórar íslenku dagblaðanna koma allir úr efstu röðum eins og sama stjórnmálaflokks. Flestir dómarar beggja dómsstiga gera það líka, eins og frægt er orðið. Samstaða meðal þeirra um að fjölmiðlafulltrúar alþjóðlegra stórfyrirtækja megi rægja valdlausa samfélagshópa, en ólöglegt verði að svara því fullum hálsi – að tjáningarfrelsið snúi aðeins í eina átt, ofan frá niður – væri ólýðræðisleg og óþolandi. Þess vegna verður Hæstiréttur að snúa þessum dómi.

*Höfundur er heimspekingur.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.






SKRIFSTOFUHÚSGÖGN
SEM AUÐVELDA VINNUNA

Falleg og stílhrein hönnun

Kinnarps skrifstofuhúsgögnin eru falleg og stílhrein. Margar útfærslur, sérsniðnar að þörfum hvers og eins. Hafðu það gott í vinnunni - kynntu þér úrvalið hjá Pennanum.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Reykjavík - Hallarmúli 4 - sími 540 2000
Akureyri - Hafnarstræti 91 - 93 - sími 540 2180

penninn@penninn.is

Kinnarps

Penninn - auðveldar vinnuna



**REX HARRISON LEIKARI FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1908.**

*„Morgundagurinn er mesti gleðispillirinn.“*

***Rex Harrison var þekktastur fyrir hlutverk Henry Higgins í kvikmyndinni My Fair Lady. Hann lést árið 1990.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 5. MARS 1962

## Proclaimers-bræðurnir líta dagsins ljós



Tvíburarnir Charlie og Craig Reid fæddust þennan dag í Skotlandi.

Bræðurnir slógu eftirminnilega í gegn með lögunum „Letter from America,“ „I'm on My Way“ og „I'm Gonna Be (500 Miles)“ á níunda áratug síðustu aldar.

Tvíburarnir ólust upp í bænum Auchtermuchty í Fifesýslu í Skotlandi. Eftir nokkrar pönkrokk-tilraunir í skóla stofnuðu þeir hljómsveitina The Proclaimers árið 1983.

Þeir birtust fyrst opinberlega í vinsælum tónlistarþætti í Bretlandi árið 1987 og í kjölfarið komst lagið „Letter from America“ í þriðja sæti breska vinsældalistans.

Skömmu síðar seldist breiðskífa bræðranna, „This Is the Story“ til gulls. Á næstu plötu „Sunshine on Leith“ voru svo lögin „I'm Gonna Be...“ og „I'm on My Way“ sem nutu gríðarlegra vinsælda.

Bræðurnir eru miklir aðdáendur fótboltafélagsins Hibernian og „Sunshine on Leith“ er nú orðið þemalag félagsins. Þeir Charlie og Craig eru einnig yfirlýstir sjálfstæðissinnar og þau sjónarmið koma fram í mörgum lögum þeirra. Vinsældir The Proclaimers hafa aldrei dalað og í dag eru lög bræðranna meðal þeirra vinsælustu í iTunes-tónlistarversluninni. Einnig ferðast þeir um allan heim og halda reglulega tónleika, stóra jafnt sem smáa.

**MERKISATBURÐIR**

**1865** Kirkjan á Möðruvöllum í Hörgárdal brennur. Arngrímur Gíslason listmálari málaði mynd af atburðinum. Hún telst vera fyrsta íslenska atburðamyndin.

**1938** Bæjarhús í Húsavík í Norður-Múlasýslu fjúka af grunni í aftakaveðri. Fólk var í húsunum og komust allir lífs af.

**1970** Ísland gerist aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu.

**1971** Alþýðubankinn hefur starfsemi og varð síðar hluti af Íslandsbanka.

**1993** Bylgjan og Stöð 2 safna um 55 milljónum króna í landssöfnun til styrktar krabbameinssjúkum börnum.



*Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Jón Alfreð Ólafsson**

sem andaðist á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund 27. febrúar sl. verður jarðsunginn föstudaginn 7. mars kl. 15.00 frá Fossvogskapellu.

| | |
|---|---|
| Kjartan Ólafsson | Elín Ósk Óskarsdóttir |
| Elísabet Ólafsdóttir | Björn Aðalsteinsson |
| Þorbjörg Ólafsdóttir | Ingibjörn Kristinsson |
| Eyjólfur Ólafsson | Vilma Brazaite |
| og fjölskyldur þeirra. | |



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar bróður okkar,*

**Benedikts Jónassonar**

Munkaþverárstræti 44, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hlíð og í Kjarnalundi.

Jóna S. Jónasdóttir
Jónas Jónasson



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Gunnarsson**

frá Arnanesi, Skálabrekku 1, Húsavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sunnudaginn 2. mars síðastliðinn.

Þorbjörg Theodórsdóttir

| | |
|---|---|
| Sólveig Sigurðardóttir | Þorsteinn Rúnar Eiríksson |
| Theodór G. Sigurðsson | Guðrún Lárusdóttir Blöndal |
| Guðrún Ásta Sigurðardóttir | Stefán Rúnar Bjarnason |

barnabörn og barnabarnabarn.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Bjarni Sturluson**

skipasmiður,
frá Hreggsstöðum,

lést að Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn 25. febrúar. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 6. mars kl. 11.00.

Kristín Andrésdóttir

| | |
|---|---|
| Valgerður Björk Einarsdóttir | |
| Guðný Alda Einarsdóttir | |
| Þórdís Heiða Einarsdóttir | |
| Sturla Einarsson | Freyja Valgeirsdóttir |
| Andrés Einar Einarsson | Halldóra B. Brynjarsdóttir |
| Guðrún Björg Einarsdóttir | Helgi G. Bjarnason |
| María Henley | Kristján Ólafsson |

barnabörn og barnabarnabörn.

**ÞÓREY BJARNADÓTTIR:** FYRSTA KONAN Í STJÓRN

# Líður hvergi betur en heima í Suðursveitinni minni

Þórey Bjarnadóttir er sauðfjárræktarráðunautur hjá Búnaðarsambandi Suðurlands og bóndi á Kálfafelli í Suðursveit. Hún er nýkjörin formaður Búnaðarsambands Austur-Skaftafellssýslu. Þar með varð hún fyrsta konan í stjórn og fyrsti kvenstjórnandi sambandsins.

„Ég er fædd og uppalin á Kálfafelli í Suðursveit og ég hef hvergi annars staðar viljað vera,“ segir Þórey, sem þó hleypti heimdraganum til að ná sér í menntun. „Ég útskrifaðist úr Bændadeild Landbúnaðarháskóla Íslands árið 1997. Síðan lauk ég stúdentsprófi og fór aftur í Landbúnaðarháskólann og lauk þá BS árið 2003. Síðan tók ég þaðan master í almennum búvísindum árið 2006,“ segir Þórey, sem bjó stutt í Reykjavík á meðan hún lauk stúdentsprófi. „Borgin heillar alls ekki og þessi stutti tími þegar ég bjó í Reykjavík var alveg nóg. Ég hef alltaf viljað búa í sveit, þó ekki hvaða sveit sem er, heldur bara í sveitinni minni,“ segir Þórey, sem er með fimmhundruð fjár á fóðri ásamt foreldrum sínum. „Í sveitinni er hægt að vera út af fyrir sig. Enginn ys og þys og mér finnst það mjög gott. Síðan er ég eigin verkstjóri sem bóndi og stjórna mínum tíma,“ segir Þórey, sem þó eyddi ári í útlöndum. „Landbúnaðarháskólinn býður upp á skiptinám og þá hélt ég til Kanada. Þessi tími var mjög góður og ég kunni vel við mig. Samt er best að vera í Suðursveit.“

Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu er félagasamtök bænda í sýslunni. Þar er Þórey skráður félagi út af starfi sínu sem bóndi. „Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu er það lítið að við sækjum alla faglega þjónustu til Búnaðarsambands Suðurlands. Starf mitt sem ráðunautur gengur út að ráðleggja sauðfjárbændum, til dæmis um kynbætur og fóðrun, auk þess sem ég aðstoða við skýrsluhald,“ útskýrir Þórey, sem segir mesta fjörið á haustin. „Í september og október flandra ég um allar sveitir til að skoða og meta sauðféð. Það er mjög gaman að sjá hvernig ræktunin gengur fyrir sig um allt Suðurland, hve misjöfn hún er og fjölbreytt,“segir Þórey.

Hvað ræktun varðar hafa flestir sauðfjárbændur mikinn áhuga á Suðurlandinu að sögn Þóreyjar. Þó segir hún marga vera tvístígandi vegna hækkun á áburði. „Margir bændur hugsa eflaust sinn gang þessa dagana. En ég veit að flestir vilja halda áfram,“ segir Þórey, sem er meðal yngstu bænda í Austur-Skaftafellssýslu þar sem meðalaldur bænda er um 52 ár. „Ég mæli eindregið með bóndastarfinu fyrir ungt fólk sem hefur tækifæri á að taka við búi. Þó er ekki mikið af ungu fólki um þessar mundir en ég er bjartsýn á þeir sem hafa farið til náms snúi heim að því loknu,“ segir Þórey.

Upplýsingar um Búnaðarsamband Suðurlands: www.bssl.is

**rh@frettabladid.is**



**SAUÐFJÁRRÆKTIN Í MIKLU UPPÁHALDI** Þórey Bjarnadóttir, nýkjörin formaður Búnaðarsambands Austur-Skaftafellssýslu. Auk þess sem hún er sauðfjárráðunautur Búnaðarsambands Suðurlands. MYND/HORNAFJORDUR.IS-AÞÞ





# Þekkir einhver þessar stúlkur?

Kvennasögusafnið leitar eftir nöfnum stúlkna sem voru á myndum er fylgdu Teofani-sígarettum á árunum 1929 og 1930. Safnið á allmargar ómerktar myndir og biður lesendur Fréttablaðsins um aðstoð. Ef einhver ber kennsl á stúlkurnar á myndunum er hann beðinn að hafa samband við Kvennasögusafnið í síma 525-5779 eða í tölvupósti á netfangið audurs@bok.hi.is

# Ég á mig sjálf

Forvarnarverkið „Ég á mig sjálf“ heldur í leikferð til Sauðárkróks hinn 6. mars. Verkið fjallar um átröskunarsjúkdóminn anorexíu eða lystarstol.

Þar segir frá mæðgum einn örlagaríkan morgun þegar móðirin uppgötvar að dóttir hennar er orðin veik af sjúkdómnum lystarstoli í annað sinn. Sýningin er ætluð ungu fólki og foreldrum þess. Hún hefur að því er fram kemur í fréttatilkynningu hlotið einstaklega góð viðbrögð áhorfenda. Sýningin er meðal annars gerð til að vekja athygli á hinum hættulega feluleik sem hinn sjúki fer í til að leyna ástandinu og að skapa umræður um sjúkdóminn og sjúkdómseinkennin.

Leikkonurnar Bryndís Petra Bragadóttir og Ásta Sighvats Ólafsdóttir eru í hlutverkum mæðgnanna en leikstjóri er Margrét Pétursdóttir. Verkið er samvinnuverkefni leikhópsins Draumasmiðjunnar og Gunnars Gunnsteinssonar leikstjóra. Nánari upplýsingar um Draumasmiðjuna: www.draumasmidjan.is



**FORVARNARVERKEFNI** Leikritið „Ég á mig sjálf“ fjallar um átröskunarsjúkdóminn lystarstol.

## AFMÆLI



**Patsy Kensit** leikkona er 38 ára.



**Jan Garbarek** tónlistarmaður er 61 árs.



**Eva Mendes** leikkona er 34 ára.

**NAFNIÐ MITT:** ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR

# *Álfadrottning í álögum búsett í mannheimum*

Uppi varð fótur og fit í fjölskyldu Úlfhildar Dagsdóttur þegar ljóst var hvaða nafni foreldrar hennar hugðust skíra dóttur sína. Frænda Úlfhildar, Helga Hóseassyni, fannst nafnið ekki henta litlu stúlkubarni og kvartaði yfir því að faðirinn hefði valið grófgert nafn sem fæli í sér bæði úlfa og styrjaldir. Sögum ber reyndar ekki saman um hvernig nafnið kom til en Úlfhildi þykir líklegt að móðir sín hafi fengið hugmyndina úr íslenskum þjóðsögum.

„Ég held að þetta hafi nú verið málamiðlunartillaga hjá foreldrum mínum, þótt líklegt sé að móðir mín hafi haft nokkur áhrif um endanlegt val. Hún var meira með þjóðsagnanöfn í huga. Sem dæmi kom nafnið Mjaðveig allt eins til greina, eftir Mjaðveigu Mánadóttur. Hvað Úlfhildar-nafnið varðar er það yfirleitt nafn á álfadrottningum eða -meyjum sem eru fyrir tilstilli einhverrar bölvunar tilneyddar að búa í mannheimum. Svona eins og í mínu tilfelli að þurfa að búa á Íslandi," segir Úlfhildur og hlær.

Úlfhildur segist alla tíð hafa verið sátt við nafngiftina þótt vissulega hafi nafnið oft á tíðum vakið athygli og þá sérstaklega í æsku. „Finnst fólki yfirleitt ekki sláandi ef lítil börn heita skrítnum nöfnum? Annars var ég nú kölluð Úlla sem krakki og þar með voru tennurnar dregnar svolítið úr nafninu. Í seinni tíð þykir þetta ekki eins sérstakt, enda finnst manni oft eðlilegra að fullorðið fólki heiti sjaldgæfum nöfnum. Undarlegum nöfnum hefur líka fjölgað og ætli það sé bara ekki svoleiðis að maður vaxi meira inn í nafnið sitt með aldrinum."



**ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR** Bókmenntafræðingur og bókverja er líklegast skírð eftir þjóðsagnapersónum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**TÓNLIST Í FELLUNUM** Í fjölmenningarlegu samfélagi líkt og í Fellahverfi hefur sýnt sig að tónlistarkennsla hefur góð félagsleg áhrif.

# Nýtt músíkalskt par

Menntaráð Reykjavíkurborgar ætlar að efla tónlistarstarf í Fellaskól. Þetta er gert með verkefni sem hefur fengið heitið "músíkalskt par". Það felst í samstarfi tónlistarskóla og grunnskóla. Sambærileg verkefni eru nú í gangi í 10 grunnskólum í samstarfi við 5 tónlistarskóla í borginni. Í fjölmenningarlegu samfélagi, líkt og í Fellahverfi, hefur sýnt sig að tónlistarkennsla hefur góð félagsleg áhrif og getur stuðlað að meiri samvinnu nemenda og skilningi þeirra í milli. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborg.

Tónlistarskóli FÍH mun taka að sér kennsluna en hann hefur víðtæka reynslu af því að kenna rytmíska tónlist, sem þykir falla vel að fjölmenningarlegu skólasamfélagi. Tónlistarskóli FÍH hefur gert metnaðarfulla áætlun fyrir tónlistarkennslu í Fellaskóla sem hefjast mun næsta haust. Í Fellaskóla er stórt rými sem nýlega hefur verið endurnýjað, en þar var áður félagsmiðstöðin Fellahellir. Það hentar vel til tónlistarkennslu og samspils. Stefnt er að því að halda þar reglulega tónleika og jafnframt verður leitast við að kveikja áhuga á verkefninu í grenndarsamfélaginu, meðal annars með heimasíðu um tónlistarstarfið.

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Árni Helgason**

fyrrverandi stöðvarstjóri Pósts og síma Stykkishólmi,

sem lést þann 27. febrúar síðastliðinn verður jarðsunginn frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 8. mars og hefst athöfnin kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Orgelsjóð Stykkishólmskirkju - Heimahornið s. 438 1110 og Kristniboðssamband Íslands s. 533 4900. Sætaferðir verða frá BSÍ kl. 11.00 sama dag.

**Gunnlaugur A. Árnason — Sigrún Valtýsdóttir**
**Halldór Árnason — Anna Björg Eyjólfsdóttir**
**Helgi Árnason — Aðalbjörg Jónasdóttir**
**Vilborg Anna Árnadóttir — Jón Trausti Jónsson**
**afa- og langafabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Inga Jenný Guðjónsdóttir**

Gullsmára 11, Kópavogi,

verður jarðsungin frá Digraneskirkju föstudaginn 7. mars kl 13.00.

**Gyða Vigfúsdóttir — Knútur Birgisson**
**Gréta Vigfúsdóttir — Guðmundur Birgisson**
**Árni Guðjón Vigfússon — Hrönn Hallgrímsdóttir**
**Karen Jenný Heiðarsdóttir — Arnar Þór Guttormsson**
**Vigfús Þór Heiðarsson**
**Birgir Kristján Guðmundsson — Jóna Björg Ólafsdóttir**
**Inga Vigdís Guðmundsdóttir**
**Gísli Pétur Árnason**
**Kristjana Ólöf Árnadóttir**
**og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Árna Sigurðssonar**

Tröllagili 14 Akureyri.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólkinu á deild 11G á Landspítalanum fyrir einstaka umönnun og hlýju. Einnig færum við starfsfólki Sjúkrahússins á Akureyri okkar bestu þakkir. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Guðrún Jóhannsdóttir**
**Heiðar Árnason — Ásta Guðmundsdóttir**
**Sævar Árnason — Telma Ríkharðsdóttir**
**Jakobína H. Árnadóttir — Heiðar Örn Sigfinnsson**
**afa- og langafabörn.**

---



*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, frændi og tengdafaðir,*

**Þórður Birgir Sigurðsson**

fyrrverandi yfirvélstjóri,

lést þann 21. febrúar á líknardeild 5A Landakotsspítala. Jarðarförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Félag aðstandenda Alzheimers-sjúklinga. Innilegar þakkir til líknardeildar 5A og Fríðuhúss.

**Rósa Ó. Ísaksdóttir**
**Áslaug Þórðardóttir**
**Sigurður Bjarki Þórðarson — Helga Magnúsdóttir**
**Ísak Harðarson.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hörður Ágústsson**

Verkstjóri, frá Sólvangi í Vestmannaeyjum, Hagaseli 28, Reykjavík,

lést föstudaginn 22. febrúar. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 7. mars kl. 15.00.

**Margét Guðjónsdóttir**
**Guðjón Harðarson — Hrönn Ólafsdóttir**
**Ágúst Harðarson — Bryndís Guðjónsdóttir**
**Bjarni Harðarson**
**Hilmar Harðarson**
**Fanney Harðardóttir — Guðmundur Már Þorvarðarson**
**María Harðardóttir — Siggeir Kolbeinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kolbeinn Kolbeinsson**

frá Kollafirði, Reynihvammi 40, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 29.febrúar. Útförin fer fram frá Lágafellskirkju föstudaginn 7. mars kl.11.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

**Guðrún Guðmundsdóttir**
**Agnar H. Kolbeinsson — Lóa Hallsdóttir**
**Kolbeinn Agnarsson — Guðríður Jónsdóttir**
**Kristrún Agnarsdóttir**
**Róbert Agnarsson — Sigrún Ósk Ómarsdóttir**
**Ásdís Helga Agnarsdóttir**
**og langafabörn.**

---



*Innilegar þakkir fyrir vináttu og sýnda samúð við andlát elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa okkar,*

**Geirs Gíslasonar**

fv. flugstjóra, Strandgötu 73b, Hafnarfirði,

**Erna Þorsteinsdóttir**
**Anna Geirsdóttir — Vilhjálmur Bjarnason**
**Geir Harrýsson**
**Erna Rut Vilhjálmsdóttir**
**Gísli Vilhjálmsson.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Júlíus Rafnkell Einarsson**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sunnudaginn 2. mars.

**María Guðrún Ögmundsdóttir**
**Ástríður Júlíusdóttir — Samúel Ingimarsson**
**Guðrún Júlíusdóttir — Ingibergur Þór Kristinsson**
**Einar Júlíusson — Lára Brynjarsdóttir**
**Ragnheiður Júlíusdóttir — Rúnar Oddur Guðbrandsson**
**Ásdís Júlíusdóttir — Jónas Guðbjörn Þorsteinsson**
**Sigrún Júlíusdóttir — Sigurður I. Hreinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Magnús Þorvarðarson**

Fannafold 127a, 112 Reykjavík,

lést að heimili sínu laugardaginn 1. mars.

**Hólmfríður Gísladóttir**
**Rósa Magnúsdóttir — Pétur Eysteinsson**
**Steinunn Magnúsdóttir — Georg Eggertsson**
**Þ. Hjalti Magnússon — Sigríður María Sverrisdóttir**
**og barnabörn.**

Utanríkisráðuneytið

**Umsóknir frjálsra félagasamtaka um framlög vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar**

Utanríkisráðuneytið tekur við umsóknum frá frjálsum félagasamtökum um styrki vegna langvinns neyðarástands tvisvar á ári. Umsóknarfrestur vegna fyrri úthlutunar er til 15. mars og vegna síðari úthlutunar 15. september, en tekið er við umsóknum vegna skyndilegra hamfara allt árið um kring.

Úthlutun verður í samræmi við verklagsreglur sem gefnar voru út í byrjun þessa árs. Einungis er tekið við umsóknum sem skilað er inn á þar til gerðum eyðublöðum. Hægt er að nálgast bæði verklagsreglurnar og umsóknareyðublöðin á vefsíðu utanríkisráðuneytisins http://www.utanrikisraduneyti.is/utanrikismal/throunarsamvinna/

Nánari upplýsingar veita Heiðrún Pálsdóttir og Elín Rósa Sigurðardóttir á skrifstofu þróunarmála í utanríkisráðuneytinu







# STUÐ MILLI STRÍÐA Eyðimerkurrokk eða jepplingatónlist

**VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR** BOTNAR EKKERT Í SKRIFUM UM DÆGURTÓNLIST



Flestir standa í þeirri trú að hlutverk fjölmiðla sé að skýra heiminn út fyrir neytendum þannig að þeir komi einhvers vísari frá fjölmiðlanotkun sinni. Það væri sannarlega hið besta mál ef fjölmiðlar stæðu sig ávallt í þessu hlutverki, en staðreynd málsins er sú að fjölmiðlar gera oft lítið annað en að flækja málin.

Gott dæmi um slíka virkni er umfjöllun í prentmiðlum um dægurtónlist. Hver sá sem hefur nokkurn áhuga á þessari grein menningar hefur upplifað það að lesa umfjöllun um tónlist í blaði og fyllast nokkru óöryggi, enda spretta sífellt nýjar skilgreiningar fram á sjónarsviðið sem þjóna litlum tilgangi öðrum en að gera heim dægurtónlistar óskiljanlegan öllum öðrum en innvígðum.

Hér mætti nefna til flokkinn Stoner-rock, eða eyðimerkurrokk eins og stefnan var nefnd á íslensku, sem mikið var fjallað um í tónlistarpressunni fyrir nokkrum árum. Framvarðarsveit þessarar stefnu var, og er ef til vill ennþá ef skilgreiningin hefur fengið að lifa, Queens of the Stone Age. Segjast verður að nafngiftin eyðimerkurrokk er framandleg, þurr og fullkomlega ógagnsæ og gerir lítíð til að laða að áheyrendur. En ef maður leggur í að hlýða á þessa rokkstefnu þá kemur í ljós að tónlistin er síður en svo framandleg heldur hljómar hún fremur eins og eitthvað sem myndi sóma sér vel sem undirleikur í auglýsingu fyrir orkudrykk eða jeppling.

Almenningi til hægðarauka væri kannski betra ef dægurmálablaðamenn tækju upp skilgreiningaraðferðir sem gerðu öllum almenningi kleift að nálgast tónlist óttalaus. Slíkir flokkar gætu til að mynda verið dregnir úr heimi auglýsinganna eins og hér að ofan, en einnig mætti leggja til flokkinn „Tónlist sem gæti verið leikin í þættinum CSI undir atriðinu þar sem vísindafólkið fremur ótrúlega galdra á rannsóknarstofu sinni og uppgötvar þannig hver morðinginn er.“ Þessa skilgreiningu skilja allir sem eiga sjónvarpstæki. Sem sagt flestir.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





ANTÓNÍA HEVESI OG ARNDÍS HALLA ÁSGEIRSDÓTTIR Flytja skemmtilegar aríur í Hafnarborg á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tilfinningaríkar aríur

**Aðrir tónleikar ársins í hádegistónleikaröð Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar, fara fram kl. 12 á morgun. Tónleikarnir standa yfir í um hálfa klukkustund og eru hugsaðir sem tækifæri fyrir fólk í Hafnarfirði til að njóta góðrar tónlistar í hádegishléi.**

Hádegistónleikaröð Hafnarborgar hóf göngu sína árið 2003 og hefur Antonía Hevesi píanóleikari verið listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar frá upphafi. Antonía velur þá listamenn sem koma fram á tónleikunum og að þessu sinni er það engin önnur en Arndís Halla Ásgeirsdóttir sópransöngkona sem er gestur hádegistónleikanna.

Á dagskrá eru 5 óperuaríur eftir sjálfan Mozart, aríur þjónustustúlknanna úr óperunni Brúðkaup Figaros, Brottnámið úr kvennabúrinu og Cosi fan tutte. Aríurnar eru allar stórskemmtilegar, tilfinningaríkar, fullar af fjöri, flúri og skreyttar himinháum nótum sem Arndís Halla fer létt með að ná.

Nokkuð hefur borið á söngstjörnunni Arndísi í menningarumfjöllun undanfarna mánuði og skyldi engan undra; hér er á ferð ein glæsilegasta söngkona Íslands í dag. Arndís er búsett í Þýskalandi en fyrir áramót gaf hún út geisladisk hér heima sem hefur notið nokkurra vinsælda. Einnig fór hún með hlutverk Zerbinettu í óperunni Ariadne sem Íslenska óperan setti upp síðastliðið haust. Þar söng hún lengstu og erfiðastu koloratúraríu sem hefur nokkurn tíma verið skrifuð, og gerði það með miklum glæsibrag.

Á árunum 1998-2000 var Arndís Halla fastráðin við Komische Oper í Berlín, þar sem hún söng meðal annars hlutverk Díönu í Orfeusi í undirheimum eftir Offenbach, og Marzelline í Fidelio eftir Beethoven. Árið 2000 fékk hún svo fastan samning við óperuhúsið í Neustrelitz og söng þar meðal annars hlutverk Frau Fluth í Kátu konunum frá Windsor eftir Nicolai og Súsönnu í Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart.

Antonía Hevesi er fædd í Ungverjalandi. Frá árinu 1990 stundaði hún orgelnám í Austurríki við Tónlistarháskólann í Graz hjá org. Prof. Otto Bruckner. Antonía fluttist til Íslands árið 1992 og frá því í september 2001 hefur hún verið búsett í Hafnarfirði. Antonía starfar nú sem orgel- og píanómeðleikari og æfingapíanisti við Íslensku óperuna.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og öllum opinn á meðan húsrúm leyfir. vigdis@frettabladid.is

# Gunnari gerð skil í máli og myndum

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, opnar sýninguna Gunnar Gunnarsson og Danmörk í Þjóðarbókhlöðunni á hádegi í dag.

Við opnunina flytur Jón Yngvi Jóhannsson, sem nú vinnur að ritun ævisögu Gunnars, stutt erindi um óbirta sögulega skáldsögu. Þá munu erfingjar skáldsins afhenda Landsbókasafni síðustu gögn frá fjölskyldunni til varðveislu í handritadeild safnsins.

Sýningu þessari er ætlað að varpa ljósi á hið ótrúlega ævintýri sem líf Gunnars Gunnarssonar var. Sýningin var sett upp í Skriðuklaustri árið 2007 er 100 ár voru liðin frá því að Gunnar hélt utan sem fátækur sveitastrákur. Valin eru sex ár á fyrstu fimmtíu æviárum Gunnars sem ýmist mörkuðu skil í lífi hans eða voru einstaklega viðburðarík. Þeim árum eru gerð skil í máli og myndum og í sýningarborðum getur að líta ýmis gögn og muni úr fórum skáldsins, svo sem handrit að skáldsögum, minnisbækur, bréf og fleira sem varpar ljósi á líf hans þessi tilteknu ár.



AÐ STÖRFUM Gunnar Gunnarsson og Franzisca kona hans.

Á skjá mun rúlla brot úr Sögu Borgarættarinnar, kvikmynd sem tekin var upp á Íslandi 1919 af Nordisk Film í leikstjórn Gunnars Sommerfeldt.

## Finnsk vinátta

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur stendur fyrir sýningu á heimildarmyndinni Näkkälä sem fjallar um lítið þorp í Finnlandi þar sem fólk og dýr búa í nánu sambýli við náttúruna. Hans Ulrich Schwaar, rithöfundur frá Sviss sem kominn er á efri ár, hefur átt þar búsetu síðastliðin 20 ár hjá hreindýrabóndanum Iisakki-Matias Syväjärvi. Lífsviðhorf Samanna hafa veitt skáldinu innblástur og djúpstæð vinátta hefur þróast á milli hans og hreindýrabóndans.

Sýningin fer fram í Norræna húsinu í dag kl. 18 og er ókeypis og öllum opin. Myndin er sýnd með enskum texta. - vþ




LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina



**BMW 335I Coupe**
Nýskr: 06/2007, 3000cc, 2 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 10.000.
**Verð: 6.850.000**



**BMW X3**
Nýskr: 03/2006, 2500cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 38.000
**Verð: 4.550.000**



**L.R RANGE ROVER SPORT Supercharged**
Nýskr: 10/2005, 4200cc 400 Hestöfl 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 18.000
**Verð: 8.500.000**



**BMW X5 diesel**
Nýskr: 09/2004, 2900cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkblár, Ekinn 70.000
**Verð: 5.050.000**

ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is
575 1230

## > LEIKFIMI MEÐ KELLY



Kelly Osbourne hyggst feta í fótspor Jane Fonda og fleiri góðra kvenna og senda frá sér DVD-disk um líkamsrækt. Hún hefur lést töluvert frá því að hún tók við hlutverki Mama Morton í Chicago, og vill miðla reynslu sinni. Það mun hún gera með aðstoð nokkurra vina sinna sem allir eru dragdrottningar. Það er því væntanlega von á frekar óhefðbundnum æfingum á nýjum diski Kelly.

# fólk

folk@frettabladid.is

# Hljómalind á nýjum stað

Kaffi Hljómalind verður opnað á nýjum stað í kvöld, eftir að rekstrinum var úthýst úr húsinu á Laugavegi 21. Kaffihúsið flutti sig þá um sel yfir á Laugaveg 23 og stækkaði töluvert við sig í leiðinni. „Við erum rosalega ánægð,“ segir Helena Harsita Stefánsdóttir, einn eigenda Kaffi Hljómalindar. „Ég hugsa að rýmið sé helmingi meira en á gamla staðnum, og svo erum við með sérherbergi hérna á bak við. Þar getur fólk haft fyrirlestra, haldið námskeið og svoleiðis,“ segir Helena.

Á meðal gesta á opnuninni í dag verða hljómsveitirnar Hjálmar og Retro Stefson, KK og Pikknikk koma í heimsókn og Diva de la Rosa þeytir skífum. „Við ætlum að hafa mikið af uppákomum fyrstu vikuna, en það er verið að vinna í því núna,“ útskýrir Helena, sem segir sama form verða haft á og á gamla staðnum. „Það geta hverjir sem er haft samband við okkur og bókað staðinn. Það er um að gera að kíkja við, sjá hvort það sé laust kvöld og skrá sig á dagatalið,“ segir Helena, sem segir ungt fólk sérstaklega velkomið.

„Það hafa verið tónleikar í hverri viku frá því að við opnuðum fyrir þremur árum. Það er mikið af ungu fólki sem spilar hérna, á menntaskóla- og grunnskólaaldri, og tónleikarnir hafa alltaf verið vel sóttir. Ég fæ kitl í hjartað þegar ég sé þau skemmta sér svona, áfengislaust, auðvitað,“ segir Helena, en Hljómalind er áfengislaus staður.

Verið var að leggja lokahönd á nýtt húsnæði þegar ljósmyndari Fréttablaðsins leit við á mánudag. Opnunin hefst klukkan 20 og eru allir velkomnir. Aðgangur er ókeypis.



**NÝTT OG BETRA HÚSNÆÐI** Kaffi Hljómalind hefur flutt sig um sel og verður opnað í nýju og betra húsnæði í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Bosníumenn veðja á hænu

Lögin í Eurovision verða undarlegri með hverjum deginum. Dómnefnd í Bosníu og Hersegóvínu valdi sinn fulltrúa á mánudaginn og úr varð að rokkarinn Elvir Lakovic Laka fer til keppni með eigið lag, „Pokusaj“ („Reyndu“). Elvir er þó nokkuð dáður á Balkanskaganum og gaf út fyrstu sólóplötuna sína í fyrra. Hann hafði þar á undan reynt fyrir sér í rokksenunni í New York en sneri þaðan með skottið á milli lappanna.

Lag Elvirs er nokkuð óhefðbundið Eurovision-lag, kaflaskipt með bæði hröðum rokkkafla og rólegri kafla og viðlagið er sungið í stakkató. Sviðsframkoman er þó ennþá furðulegri. Mikið var lagt í hana og var einn þekktasti sviðsleikstjóri Bosníu fenginn til að semja sjónarspilið.

Mesta athygli vekur brún hæna sem leikur stórt hlutverk í sjóinu. Elvir, í skærrauðum jakka og gulum buxum, kemur inn á svið haldandi á hænunni undir hendinni. Við hlið hans gengur söngkona með afrókrullur og strýkur hænunni. Elvir sleppir nú hænunni og hann og söngkonan hoppa og skoppa um sviðið og syngja lagið. Á bak við þau eru vöðvastæltir karldansarar í bændafötum og stíga nútímadans með hrífur og ljái. Í lok lags er þysjað á hænuna sem stendur á miðju sviðinu og hristir kambinn.

Nú er bara að vona að hænan hagi sér vel á sviðinu í Serbíu og skilji ekki eftir sig slysagildrur fyrir aðra keppendur. Bosnía keppir á fyrra undanúrslitakvöldinu.

EUROVISION

**80 DAGAR TIL STEFNU**



**MÆTIR MEÐ HÆNU** Elvir Lakovic Laka syngur bosníska lagið í ár.





Við bjóðum í bíó :)

*Frá Nickelodeon kvikmyndum, kemur ævintýramyndin Spiderwick -heimur þeirra er nær en þig grunar.*

Opin kerfi verslun býður viðskiptavinum sínum á myndina Spiderwick.
Öllum vörum fylgir bíómiði á þessa frábæru ævintýramynd á meðan birgðir endast.

OPIN KERFI VERSLUN

hp invent

Opin kerfi verslun • Höfðabakka 9 • 110 Reykjavík • Sími 570 1000 • www.ok.is


# Undirbúa Dagvakt

„Þetta gekk eins og í sögu og það er allt eins og best verður á kosið þarna,“ segir Ragnar Bragason leikstjóri, en hann lagði leið sína á Hótel Bjarkarlund um helgina ásamt öðrum aðstandendum Dagvaktarinnar, til að kanna aðstæður þar á bæ. Tökur á Dagvaktinni, sem er sjálfstætt framhald hinnar geysivinsælu þáttaraðar Næturvaktarinnar, fara fram á hótelinu í Berufirði. Fimm manna höfundahópur þáttanna, skipaður Ragnari sjálfum, Jóhanni Ævari Grímssyni og aðalleikurunum Jóni Gnarr, Jóhanni Pétri Sigfússyni og Jörundi Ragnarssyni, dvaldi á hótelinu um helgina. „Á sunnudeginum kom svo líka hluti af tökuliðinu til að gera tækniúttekt,“ útskýrir Ragnar, sem þekkir sjálfur ágætlega til staðarins.

Tökur á Dagvaktinni hefjast í byrjun apríl. „Við verðum á staðnum meira og minna í svona sex, sjö vikur,“ segir Ragnar, sem segir útlegðina leggjast vel í fólk. „Ég held að það sé bara ánægt með að komast í nýtt umhverfi og fá vinnufrið,“ segir hann. „Annars var það nú líka hálfgerð útlegð að taka Næturvaktina svona á nóttunni. Nú fer fólk ekki heim til sín á milli, svo þetta verður aðeins meiri kommúnustemning,“ segir Ragnar og hlær við. - sun



**ÚTTEKT GEKK VEL** Ragnari Bragasyni leist vel á aðstæður á Hótel Bjarkalundi, þar sem hann og aðrir höfundar þáttanna dvöldust um helgina.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Í fyrsta sinn á Íslandi:

# LÓKAL

Alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík

## 5.- 9. marz













Þátttakendur:

New York City Players

Vivarium Studio

Erna Ómarsdóttir og Lieven Dousselare

Nature Theatre of Oklahoma

Þjóðleikhúsið

Draumasmiðjan

Sokkabandið

Tónleikar í Iðnó, fimmtudaginn 6. marz

New York City Players Band – Ólöf Arnalds

Húsið opnar kl. 22.00



Tryggðu þér miða á www.midi.is

Viðskiptavinir Glitnis fá
30% afslátt af miðaverði

www.lokal.is

GLITNIR | ICELANDAIR | Fjárlaganefnd Alþingis | Reykjavíkurborg | MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| DARK FLOORS | kl. 6 - 8 - 10:10 | 14 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 6 - 8 - 10:30 | 16 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 8:30 - 10:10 | 16 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 7 - 10:10 | VIP |
| STEP UP 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |

| KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| JUNO | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| DARK FLOORS | kl. 8:20 - 10:40 | 14 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| STEP UP 2 | kl. 10:30 | 7 |
| SWEENEY TODD | kl. 6 | 16 |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 8 | 7 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 8 | L |
| NO COUNTRY FOR... | kl. 10:10 | 16 |
| RAMBO | kl. 10:10 | 16 |
| BRÚÐGUMINN | sýnd um helg. | 7 |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| JUNO | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| STEP UP 2 | kl. 8 - 10 | 7 |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| NO COUNTRY FOR... | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| STEP UP 2: THE STREETS | kl. 8 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 10:10 | L |

ÓSKARSMYNDIRNAR ERU Í SAMBÍÓUNUM
nánari upplýsingar um ÓSKARSMYNDIRNAR má finna á www.SAMbio.is

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| SEMI-PRO MASTERCARD | kl. 8 - 2 fyrir 1 | 12 |
| FLUGDREKAHLAUPARINN | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| 27 DRESSES | kl. 5.50, 8 og 10.10 | L |
| RAMBO | kl. 6 og 10.30 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| BE KIND REWIND | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| BE KIND REWIND LÚXUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 10.15 | |
| JUMPER | kl. 6 - 10.10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 3.40 ÍSLENSKT TAL | |
| SEMI PRO | kl. 8 MASTERCARD SÝNING | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000
450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| BE KIND REWIND | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| THE DIVING BELL AND THE BUTTERFLY | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 7 |
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | |
| JUMPER | kl. 6 - 10.15 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE KITE RUNNER | kl. 6 - 9 | 12 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5.50 - 9 | 16 |
| INTO THE WILD | kl. 5.20 - 10.10 | 7 |
| ATONEMENT | kl. 10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| SEMI PRO | kl. 8 MASTERCARD SÝNING | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BE KIND REWIND | kl. 10.10 | |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| 27 DRESSES | kl. 6 | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 | 7 |
| SEMI PRO | kl. 8 MASTERCARD SÝNING | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR


# Tinni kemur sterkur til leiks

**Tinni verður á allra vörum á næstunni. Æðið nær hámarki með fyrstu myndinni í nýrri trílógíu um kappann á næsta ári.**

Sjónvarpið sýnir heimildarmyndina Tinni og ég (Tintin et moi) í kvöld klukkan 23.10. Hún var gerð árið 2003 um belgíska rithöfundinn og teiknarann Georges Remi (Hergé) og sköpunarverk hans, myndasöguhetjuna Tinna. Myndin er byggð á viðtölum sem námsmaðurinn Numa Sadoul átti við Hergé á fjórum dögum árið 1971. Þar er ítarlega komið inn á lífshlaup Hergés og áhrifin sem vinsældir Tinnabókanna höfðu á skáldið og eins er saga Tinna skoðuð með hliðsjón af ævi Hergés. Anders Østergaard er leikstjóri myndarinnar.

„Ég er mjög spenntur fyrir þessari mynd og hef ekki heyrt annað en gott um hana," segir Jósep Gíslason hjá Fjölva, sem gefur Tinna út á Íslandi. Jósep segir mikið fram undan í málefnum Tinna á Íslandi. „Við erum jafnt og þétt að koma öllum bókunum á markaðinn aftur og stefnum að því að þær verði allar fáanlegar eftir sirka þrjú ár. Í fyrra kom Tinni í Sovétríkjunum út í fyrsta skipti og móttökurnar voru vonum framar. Upplagið kláraðist fyrir jól, tæplega 3.000 eintök."

Jósep segir að fyrstu bækurnar um Tinna verði endurútgefnar bráðlega, Tinni í Kongó og Tinni í Ameríku, en síðan verður fyllt í eyðurnar eftir hendinni. Nú má fá Tinna á bókamarkaðnum í Perlunni á 900 kall stykkið.

„Tinni kemur mjög sterkur til leiks aftur og við finnum fyrir miklum meðbyr," segir Jósep. „Það er margt fram undan hjá okkur. Í bígerð er sérstakur spurningaleikur um Tinna sem líklega fer í sjónvarp. Þar verður bara spurt um Tinna og verður eflaust blóðug barátta í þættinum því á Íslandi eru fjölmörg Tinnanörd. Með haustinu verður vefsíðan tinni.is tekin í notkun og við munum opna sérstaka Tinnadeild í Pennanum. Þar verða seldar auk bókanna ýmsar Tinna-vörur eins og styttur, skólavörur og fatnaður."

Jósep segir menn í höfuðstöðvum Tinna í Belgíu hafa stíft taumhald á allri Tinna-útgerð á Íslandi. „Góðir hlutir gerast hægt og það þarf að fá leyfi fyrir öllu frá aðalstöðvunum. Það koma náttúrlega ekki fleiri Tinna-bækur út en hafa komið út erlendis ýmsar þema-bækur um Tinna, þar sem ákveðnar persónur úr bókunum eru teknar fyrir. Við erum að skoða hvort við gefum slíkar bækur út á íslensku. Svo er það síðasta Tinnabókin, Alpha-art, sem Hergé skildi ókláraða eftir þegar hann lést árið 1983. Hún hefur verið gefin út en ég stórefast um að við gefum hana út á íslensku. Til þess er hún allt of skammt á veg komin frá höfundarins hendi og þetta er alls engin skemmtilesning nema hugsanlega fyrir allra mestu Tinna-nördin."

Tinnaæðið mun svo væntanlega ná hámarki á næsta ári þegar fyrsta myndin í Tinna-trílógíu Stevens Spielberg og Peters Jackson lítur dagsins ljós. Tökur eru hafnar en mikil leynd hvílir yfir verkefninu. Myndirnar þrjár eru allar teknar upp á sama tíma, ekki ósvipað og Lord of the Rings-myndirnar, og mun James Cameron leikstýri einni myndinni en Steven og Peter hinum. Ný byltingarkennd tækni verður notuð þar sem mennskum leikurum er breytt í teiknimyndafígúrur. Tæknin var fyrst notuð í myndunum úr Hringadrottinssögu en Peter Jackson hefur eytt heilu ári á verkstæði sínu í Nýja-Sjálandi í að þróa tæknina. Andy Serkis, sá sem lék Gollum, leikur Kolbein Kaftein í myndunum en ekki hefur verið gefið upp hver leikur Tinna sjálfan. Margar sögusagnir hafa þó verið uppi um hver fái hlutverkið og hefur írski leikarinn Kirsten Myburgh meðal annars verið orðaður við það. Þá hefur ekki verið gefið upp eftir hvaða bókum myndirnar verða gerðar, en þetta ætti allt að skýrast eftir því sem nær dregur.

gunnarh@frettabladid.is



**RÚV SÝNIR STÓRMERKILEGA HEIMILDARMYND** Tinnaaðdáendur sitja límdir við skjáinn í kvöld.



**MAÐURINN Á BAK VIÐ SNILLDINA** Belginn Hergé.



**AÐ MINNSTA KOSTI MEÐ RÉTTAN HÁRALIT** Kirsten Myburgh hefur verið orðaður við hlutverk Tinna.


*Nýr bókaflokkur*

*fyrir yngstu lesendurna*

**„Skoðum saman" er nýr bókaflokkur sem opnar augu barnanna fyrir fjölbreytileika heimsins. Í bókunum eru skemmtilegar myndir af alls kyns dýrum, farartækjum og hlutum sem gaman er að kunna nöfnin á. Einfaldur texti myndar grunn að góðum orðaforða og athugunarleikir skerpa á athyglisgáfunni.**




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Desperate Housewives** gæti orðið nýjasti söngleikurinn á Broadway. Skapari þáttanna, **Mark Cherry**, hefur ýjað að því við leikara þáttanna. „Mark sagði að þegar hann yrði búinn með árin sín sjö hjá ABC ætlaði hann á Broadway og færa sig yfir í söngleikjaheiminn," segir **Kyle McLachlan**, sem leikur Orson, eiginmann Bree í þáttunum.



Breska bomban **Jordan** ætlar að fjárfesta í þotu að andvirði um 600 milljóna króna. Þotuna ætlar fyrirsætan að mála bleika og innrétta í sama lit. Hjónunum Jordan og **Peter Andre** fannst kaupin borga sig, eftir að hafa áttað sig á því að ferðakostnaður fjölskyldunnar á árinu myndi verða um tuttugu milljónir.



Kærasti **Nicole Richie**, Good Charlotte-rokkarinn **Joel Madden**, segir fæðingu dóttur þeirra, **Harlow**, í janúar hafa haft mikil áhrif á sig, sérstaklega hvað varðar textasmíði. „Það hefur fengið mig til að hugsa meira um aðdáendur mína, þeir eru börn einhvers, og mér stendur ekki á sama hvað þau hugsa og hvað ég segi við þau, því ég vil að fólk hugsi um hvað það segir við barnið mitt," segir hann.



**Snoop Dogg** og eiginkona hans, **Shante**, endurnýjuðu hjúskaparheiti sín í síðasta raunveruleikaþætti rapparans, Snoop Dogg's Fatherhood. Rapparinn kom konu sinni á óvart með athöfninni, sem var haldið leyndri þar til þátturinn var sýndur núna á sunnudag.







## > Blikar upp í úrvalsdeild

Breiðablik tryggði sér sæti í Iceland Express deild karla með 64-62 sigri á Val í Smáranum í gær. Hinn 19 ára gamli Rúnar Ingi Erlingsson sem tryggði Blikum sigurinn á vítalínunni sjö sekúndum fyrir leikslok. Blikar héldu Valsmönnum í aðeins fjórum stigum í 3. leikhluta og náðu mest 13 stiga forskoti en Valsmenn voru komnir fimm stigum yfir, 57-62, þegar innan við þrjár mínútur voru eftir. Blikar lokuðu þá aftur vörninni og skoruðu sjö síðustu stigin í leiknum. Breiðablik er þar með deildarmeistari og komið upp í úrvalsdeild í fyrsta sinn síðan 2004. Liðin í 2. til 5. sæti fara í úrslitakeppni og berjast þar um hitt sætið.



**sport**
sport@frettabladid.is

**HANNES Þ. SIGURÐSSON, VIKING:** ER Á INNKAUPALISTA SÆNSKA ÚRVALSDEILDARFÉLAGSINS GIF SUNDSVALL

# *Sama fyrirtæki og keypti Sverri bauð í Hannes*



Hannes Þ. Sigurðsson, framherji norska liðsins Viking frá Stafangri, hefur undanfarið verið orðaður við sænska úrvalsdeildarliðið GIF Sundsvall í norskum fjölmiðlum og hann staðfesti í viðtali við Fréttablaðið í gær að hann væri í það minnsta líklega á förum frá norska félaginu.

„Ég hef komið því á framfæri við forráðamenn Viking að ég sætti mig ekki við að sitja mikið á varamannabekknum og í framhaldi af því komumst við að samkomulagi um að það yrði líklega best fyrir alla aðila að ég myndi spila fyrir eitthvað annað lið á næstu leiktíð,“ sagði Hannes og kvaðst spenntur fyrir hugsanlegum félagsskiptum til GIF Sundsvall.

„Það er náttúrlega ekkert frágengið með GIF Sundsvall en vissulega er það spennandi kostur,“ sagði Hannes að lokum.

Cain Dotson, yfirmaður íþróttamála hjá GIF Sundsvall, staðfesti í viðtali við Fréttablaðið í gær að sænska félagið hefði áhuga á Hannesi.

„Við erum að leita okkur að kraftmiklum framherja og Hannes Þ. Sigurðsson er eitt af þeim nöfnum sem við erum með á blaði hjá okkur. Við vonumst líka til þess að vinátta Hannesar við Sverri Garðarsson eigi eftir að verða til þess að sannfæra hann enn frekar um að koma til okkar ef samningar um kaupverð nást,“ sagði Dotson sem kvað fjárfestingarfyrirtækið, sem stóð að kaupunum á Sverri Garðarssyni frá FH, vera að kanna jarðveginn fyrir mögulegum félagsskiptum Hannesar.

„Fjárfestingarfyrirtækið AB Norrlandsinvest hjálpaði okkur með kaupin á Sverri og nokkrum öðrum leikmönnum, en GIF Sundsvall á samt alltaf einhverja prósentu í samningi leikmannanna. Þátttaka AB Norrlandsinvest er hins vegar þeim annmörkum háð að viðkomandi leikmenn þurfa að vera á réttum aldri og hafa ákveðna framtíðarsýn og metnað til þess að spila í sterkari deild. Hannes uppfyllir þær kröfur og AB Norrlandsinvest hefur þegar lagt inn tilboð fyrir okkar hönd og við áttum í viðræðum við Viking og umboðsmann Hannesar í framhaldi að því. Þó svo að fyrsta tilboðinu hafi verið hafnað vonumst við til þess að félagsskiptin séu ekki úr sögunni og félögin nái samkomulagi á næstu dögum,“ sagði Dotson að lokum.



**BLESS** Brett Favre hefur leikið sinn síðasta leik fyrir Packers.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Tímamót í NFL-deildinni:

## Favre hættur

**NFL** Þau stórtíðindi bárust frá Wisconsin-ríki í gær að einn besti leikstjórnandi í sögu NFL, Brett Favre hjá Green Bay Packers, hefði lagt hjálminn á hilluna. Favre sagðist vera orðinn andlega þreyttur.

Favre á hreint stórkostlegan 17 ára feril að baki í deildinni þar sem hann var þrívegis valinn besti leikmaður hennar. Hann vann Super Bowl-leikinn tvívegis.

Favre fór hreint á kostum á síðustu leiktíð þar sem hann stýrði ungu liði Packers mjög óvænt næstum alla leið í sjálfan Super Bowl. Í leiðinni sló hann fjölda meta og þar á meðal yfir flestar snertimarkssendingar sem Dan Marino átti.

Favre var mikill harðjaxl og var í byrjunarliði oftar en nokkur annar leikmaður í sögu NFL. Skipti engu þó hann væri eitthvað meiddur eða að faðir hans hefði dáið degi fyrir leik. Hann var mættur í alla leiki.

Miðað við tímabilið var fastlega búist við því að Favre héldi áfram en hann kom á óvart með því að hætta rétt eins og hann kom á óvart tvö tímabil þar á undan með því að hætta ekki þegar lítið gekk upp hjá Packers. **- hbg**

# Evrópumeistararnir úr leik

**Arsenal, Manchester United, Barcelona og Fenerbahce tryggðu sér farseðilinn í átta liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í gær. Arsenal sló AC Milan úr leik.**

**FÓTBOLTI** Ensku liðin Arsenal, Manchester United komust í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar ásamt Barcelona og Fenerbahce.

Leikur Evrópumeistara AC Milan og Arsenal á San Siro-leikvanginum í Mílanóborg var bráðfjörugur. Gestirnir í Arsenal hleyptu leiknum upp með því að pressa heimamenn hátt uppi á vellinum og hraðinn var því mikill. Arsenal var meira með boltann og náði að halda pressunni ágætlega þó svo að AC Milan hafi náð sér ágætlega á strik um miðbik fyrri hálfleiks Arsenal fékk besta færið í fyrri hálfleik á 34. mínútu þegar Cesc Fabregas átti skot í slá en staðan var 0-0 í hálfleik.

Arsenal hélt pressunni áfram í síðari hálfleik; liðið skapaði sér fín færi og Philippe Senderos og Emmanuel Eboué misnotuðu báðir góð færi snemma í seinni hálfleik.

Það dró til tíðinda á 84. mínútu þegar hávaxinn markvörður AC Milan réði ekki við langskot Fabregas og staðan því 0-1 og róðurinn orðinn þungur fyrir AC Milan. Emmanuel Adebayor innsiglaði glæsilegan og verðskuldaðan sigur Arsenal með marki í uppbótartíma eftir góðan undirbúning Walcott og Evrópumeistarar AC Milan því úr leik.

### Ronaldo gulls ígildi

Það var fyrirséð að Frakklandsmeistarar Lyon þyrftu að skora á Old Trafford gegn Englandsmeisturum Manchester United til þess að eiga von um að komast áfram í átta liða úrslitin en liðið var þó frekar varkárt og beitti skyndisóknum í fyrri hálfleik. United virkaði líklegra til að skora og það varð raunin þegar Cristiano Ronaldo var réttur maður á réttum stað. Skot Andersons fór í varnarmann Lyon og eftir klafs í teignum barst boltinn í lappirnar á Ronaldo, sem skoraði af stuttu færi og það reyndist eina mark leiksins.

United komst þar með í átta liða úrslitin og ennfremur jafnaði liðið met Juventus með 10. heimasigri sínum í röð í Meistaradeildinni.



**FÖGNUÐUR** Hið unga og efnilega lið Arsenal stóðst prófið með tilþrifum gegn Evrópumeisturum AC Milan á San Siro í gær og vann verðskuldaðan 0-2 sigur.
NORDIC PHOTOS/GETTY

### Dýrkeyptur sigur Barcelona

Eins og fyrir var spáð var Barcelona nokkrum númerum of stórt fyrir Celtic á Nývangi og Xavi kom Börsungum yfir með marki strax á 3. mínútu. Það var eina mark leiksins en sigurinn var dýrkeyptur fyrir Barcelona þar sem Lionel Messi meiddist illa í leiknum. Eiður Smári Guðjohnsen lék síðustu átta mínúturnar fyrir Barcelona.

Það var markaveisla hjá Sevilla og Fenerbahce og lokatölur urðu 3-2 eins og í fyrri leiknum og því þurfti að framlengja. Fenerbache vann að lokum í vítaspyrnuspyrnukeppni 2-3. **omar@frettabladid.is**

**ÚRSLITIN Í GÆR**

| | |
|---|---|
| AC Milan-Arsenal | 0-2 |
| 0-1 Cesc Fabregas (84.), 0-2 Emmanuel Adebayor (90.+2). | |
| Barcelona-Celtic | 1-0 |
| 1-0 Xavi (3.). | |
| Man. Utd-Lyon | 1-0 |
| 1-0 Cristiano Ronaldo (41.). | |
| Sevilla-Fenerbahce | 3-2 (2-3 í vító) |
| 1-0 Daniel Alves (5.), Seydou Keita (9.), 2-1 Deivid (20.), 3-1 Frédéric Kanoute (41.), 3-2 Deivid (79.). * | |
| *Fenerbahce vann í vítaspyrnukeppni. | |



**FJÖGUR MÖRK** Margrét Lára Viðarsdóttir hefur skorað 4 af 29 landsliðsmörkum sínum gegn Póllandi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Kvennalandsliðið á Algarve:

## Byrja gegn Póllandi í dag

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið mætir Pólland í dag í fyrsta leik sínum á Algarve Cup í Portúgal.

Ísland hefur mætt Pólverjum tvisvar áður hjá A-landsliðum kvenna en liðið vann tvo leiki með fjórtán daga millibili í september 2003. Sá fyrri vannst 10-0 á Laugardalsvelli en sá síðari 3-2 í Póllandi. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði 4 mörk í þessum tveimur leikjum. Pólverjar mættu Írum í síðasta mánuði og töpuðu 4-1 en Írar eru einnig í riðli Íslands á mótinu alveg eins og heimamenn í Portúgal. **- óój**

Iceland Express-deild kvenna:

## Verður Keflavík deildarmeistari?

**KÖRFUBOLTI Keflavíkurkonur geta orðið deildarmeistarar í Iceland Express-deild kvenna þegar þær heimsækja KR í DHL-höllina klukkan 20 í kvöld.**

**Keflavík verður meistari svo framarlega sem KR vinnur ekki meira en þriggja stiga sigur, en fyrir leikinn hefur Keflavík fjórum stigum meira en KR. KR getur einungis náð Keflavík að stigum og verður því að vera með betri stöðu út úr innbyrðisviðureignum.** **- óój**

**Álímingarvélar og allar gerðir iðnaðarprentara.**
Álímingarvélar, límmiðaprentarar, bleksprautuprentarar, filmuprentarar, kassaprentarar og laserprentarar.
**Mjög viðmótsvænir og áreiðanlegir**



**Vélmark ehf.**
upplýsingar í síma: 445-9930.

GO SPORTS
REYKJAVIK ICELAND
• VIP TICKETS TO MAN UTD
• CHAMPIONS LEAGUE TICKETS
• TEAM TRAVEL
• SCHOLARSHIPS TO USA
**www.gosports.is**
Sími: 893-3477
Email: info@gosports.is

Þrír spennandi leikir fara fram í sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar í knattspyrnu í kvöld:

# Kemst Real Madrid loksins í 8 liða úrslit?

**FÓTBOLTI** Sextán liða úrslit Meistaradeildarinnar í fótbolta halda áfram í kvöld þegar þrjú lið til viðbótar koma til með að tryggja sig inn í átta liða úrslitin.

Real Madrid hefur ekki komist í gegnum sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu undanfarin fjögur tímabil og þeir verða upp við vegg þegar liðið fær Roma í heimsókn í kvöld.

Real Madrid datt út eftir tap fyrir Bayern München í fyrra á færri mörkum skoruðum á útivelli, liðið tapaði fyrir Arsenal með minnsta mun 2006 og síðan sló Juventus liðið út eftir framlengingu árið 2005. Að þessu sinni þarf liðið að vinna upp eitt mark frá því í 1-2 tapi fyrir Roma á útivelli.

Real Madrid fagnar því að fá brasilíska snillinginn Robinho aftur inn í liðið, ekki síst þar sem Ruud van Nistelrooy er tæpur. „Robinho er mikilvægur leikmaður og við þurfum á honum að halda. Þegar hann er með getum verið rólegir því hann getur breytt leikjum og skorað mörk,“ sagði Guti á blaðamannafundi fyrir leikinn. „Það er nóg að vinna 1-0 en við höfum ekki efni á neinum mistökum. Lykillinn er að þeir nái ekki að skora,“ bætti Guti við.

Það er ljóst að Rómverjar koma varlegar í þennan leik en í þann gegn Manchester United í fyrra þegar þeir voru í nákvæmlega sömu stöðu. United vann þann leik 7-1. „Ég er búinn að skora eitt sögulegt mark á Bernabeu og vonast eftir því að skora annað,“ sagði Francesco Totti, sem tryggði Roma 1-0 sigur á Real í riðlakeppni Meistaradeildarinnar árið 2002.

Chelsea-menn þurfa einnig sigur eftir markalaust jafntefli á útivelli gegn Olympiakos í fyrri leiknum í Grikklandi. „Skilaboðin sem við sendum á laugardaginn er að allt er í góðu lagi hjá Chelsea. Ekki trúa því sem er skrifað í blöðunum,“ sagði John Terry, fyrirliði Chelsea. Liðið hefur enn ekki tapað í Meistaradeildinni en hefur jafnframt aðeins unnið einn af þremur heimaleikjum sínum. Olympiakos vann aftur á móti bæði Werder Bremen og Lazio á útivelli í riðlakeppninni og skoraði tvö mörk hjá Real Madrid á Bernabeu. **- óój**

**MEISTARADEILDIN**

| Leikir kvöldsins - | Úrslit í fyrri leik |
|---|---|
| Chelsea - Olympiakos | 0-0 |
| Real Madrid - Roma | 1-2 |
| Porto - Schalke | 0-1 |



**GÓÐ INNKOMA** Robinho sneri aftur eftir meiðsli og skoraði tvö mörk um síðustu helgi. NORDICPHOTOS/AFP



Ford
Nýtt tákn um gæði
Ford Fiesta
Gott verð
kr. 1.780.000*
Bílasamningur
kr. 20.900 á mán.
Trend 1,4i 80 hö 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í bl. akstri 6,4 l/100 km
Einnig fáanlegur sjálfskiptur
Stýrðu lífinu. Prófaðu – FORD FIESTA
SJÁLFSKIPTU Í FIESTA NÚNA
Beygðu inn í bjartari framtíð með léttari stýrisbúnaði og mýkri fjöðrun. Stýrðu lífinu. Prófaðu Ford Fiesta – nýtt tákn um smart gæði. Veldu betri borgarbíl og sjálfskiptu strax í Fiesta. Þú áttar þig á Fiesta. Komdu í Brimborg.
Veldu Ford.
Ford Fusion
Gott verð
kr. 1.820.000*
Bílasamningur
kr. 21.400 á mán.
Trend 1,4i 80 hö 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í bl. akstri 6,4 l/100 km
Einnig fáanlegur sjálfskiptur
Ford Ka
Gott verð
kr. 1.249.000*
Bílasamningur
kr. 14.700 á mán.
Ka 1,3i 70 hö 5 gíra 3 dyra
CO2 losun 141 g/km
Eyðsla í bl. akstri 5,9 l/100 km
Þú finnur ekki nýjan bíl
á lægra verði en KA
visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað
Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.ford.is
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is
*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta kaupverði og búnaði án fyrirvara m.a. háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mán. greiðslum í 84 mán. sem eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta, 50% JPY/ 50% CHF. Aukabúnaður á Ford Fiesta: álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar.



## > Anjelica Houston

Anjelica er dóttir eins virtasta kvikmyndaleikstjóra sögunnar, John Houston. Saman eiga þau að baki átján óskarsverðlaunatilnefningar en eingöngu þrenn óskarsverðlaun. Óskarsverðlaun Anjelicu fékk hún einmitt fyrir leik sinn í Prizzi's Honor sem faðir hennar leikstýrði. Anjelica leikur í myndinni The Royal Tenenbaums sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN SITUR VIÐ Á MÁNUDÖGUM OG LEITAR**

## *Það er list að kunna aða tala saman í spjallþáttum*



Mánudagskvöld á sjónvarpsstöðvum neyða mann í flakk. Það meikar enginn lengur American Idol á sjöunda ári. Simon er reyndar sá eini sem greinir sem framleiðandi kosti og galla í flutningi, þótt skoðun hans sé alltaf frá sjónarhóli sölumannsins. En flutningur er yfirleitt þannig að ég flý Stöð 2. Á ríkisrásinni var frábær náttúrulífsþáttur um myndun jarðar. Náttúrumyndadeild BBC í Bristol er með áratuga reynslu í gerð svona efnis, fyrsti þátturinn var að mestu frá Íslandi. Hefur ferðamannabransinn einhver tök á að nota landið sem sýningarbás um sköpun heimsins?

Mér finnst... á ÍNN var kostulegur á mánudag. Þar sem ég datt inn var verið að tala um stripp og kjöltudansa. Kom ekki í ljós að Kolfinna Baldvins er púritani. Þessi partur sem ég sá einkenndist af málæði: Björk Jakobsdóttir og Kolfinna eru báðar málóðar: það kemst enginn annar að ef þær eru við borðið. Þær kunna ekki að þagna, grípa fram í, halda orðinu hvað sem gerist. Ætli þær séu svona alltaf, líka heima hjá sér? Verst er þegar þær tala hvor ofan í aðra. Ekki gott, því þær eru báðar greindar konur og orðheppnar. Það er list í spjallþáttum að einoka ekki orðið, hleypa öðrum að, kunna samtalið, geta hlustað á aðra. Gafst enda upp.

Lenti þá á lokalagi í Sportpakkanum: það var syrpa sýnd með sigurmörkum og innilegum fögnuði. Undir hafði kjáni í klipparasæti valið lag með Jam, A Town Called Malice, sem er óður um örvæntingu, atvinnuleysi og félagslega eymd frá Thatcher-tímanum. Passaði ekki alveg. Í hópi klippara er fullt af mönnum sem velja lög undir svona búta. Þeir hlusta aldrei á texta, skilja líklega ekki ensku, og klessa saman alls óskyldum hlutum af smekkleysi og fávísi. Svo rúllaði kreditlistinn: þar voru smiðirnir eins og venjulega á kreditlistum ríkissjónvarpsins. Þá vaknar alltaf spurningin: af hverju fá þeir sem þrífa stúdíóin ekki lokakredit líka? Eða konurnar á símanum?

**SJÓNVARP** Björk Jakobsdóttir leikkona gæti talað heila árshátíð í kaf.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.30 Chelsea-Olympiakos** SÝN EXTRA



▶ **19.50 Liverpool-West Ham** SÝN



▶ **20.15 Gossip Girl** STÖÐ 2



▶ **20.25 Ugly Betty** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 America's Next Top Model** SKJÁREINNS

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Kappflugið í himingeimnum**
**17.55 Alda og Bára**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Herkúles**
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Nýi skólinn keisarans**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**

▶**20.25 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. Þættirnir hlutu Golden Globe-verðlaun sem besta gamansyrpan og America Ferrera fékk verðlaunin sem besta leikkona í aðalhlutverki í þeim flokki.

**21.10 Martin læknir** (5:7) (Doc Martin) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwallskaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur. Þættirnir hafa hlotið bresku gamanþáttaverðlaunin, British Comedy Awards.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.

**23.10 Tinni og ég** Heimildarmynd um Belgann Hergé og sköpunarverk hans, myndasöguhetjuna Tinna.

**00.25 Kastljós**
**01.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Royal Tenenbaums**
**08.00 Sky High**
**10.00 Buena Vista Social Club**
**12.00 Duplex**
**14.00 Sky High**
**16.00 Buena Vista Social Club**
**18.00 Duplex**

**20.00 The Royal Tenenbaums** Dramatísk gamanmynd. Aðalhlutverk: Gene Hackman, Anjelica Huston, Gwyneth Paltrow og Ben Stiller. Leikstjóri: Wes Anderson. 2001.

**22.00 Deeply**
**00.00 Kill Bill**
**02.00 Undisputed**
**04.00 Deeply**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Sylvester and Tweety Mysterie, Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar

**08.10 Oprah** (Dinner Of A Lifetime)
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 The Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Studio 60** (7:22)
**11.15 60 mínútur**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours** (Nágrannar)
**13.10 Sisters** (4:24) (Systurnar)
**13.55 Tískulöggurnar** (2:6)
**14.45 ´Til Death** (15:22)
**15.10 Grey´s Anatomy** (7:9)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Skrímslaspilið, Batman, Könnuðurinn Dóra, Þorlákur, Refurinn Pablo

**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag og íþróttir**
**19.25 The Simpsons** (19:22)
**19.50 Friends** (2:24) (Vinir 8)

▶**20.15 Gossip Girl** (9.22) (Blaðurskjóða) Þáttur um líf unga og ríka fólksins í New York, gerður af hinum sömu og gerðu The O.C. 2007. Dan býður Serenu og fjölskyldu hennar heim til fjölskyldu sinnar til að njóta með þeim þakkargjörðarhátíðarinnar. Óþægilegt andrúmsloft skapast milli foreldranna enda vita krakkarnir ekki af fyrra sambandi þeirra.

**21.00 The Poseidon Adventure** Seinni hluti framhaldsmyndar mánaðarins sem segir frá skelfilegri hryðjuverkaárás sem leiðir til þess að risastórri skemmtisnekkju hvolfir á úthafi.

**22.25 Oprah** (How to Be a Star at Work and at Home)

**23.10 Grey´s Anatomy** (8:9)
**23.55 Kompás**
**00.30 Blue Sky** (e)
**02.10 Superfire**
**03.35 Gossip Girl** (9:22)
**04.20 Grey´s Anatomy** (8:9)
**05.05 The Simpsons** (19:22)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Meistaramörk**
**07.30 Meistaramörk**
**08.00 Meistaramörk**
**08.30 Meistaramörk**
**16.50 Meistaradeild Evrópu** (e)
**18.30 Meistaramörk**

**19.00 Meistaradeildin** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.

▶**19.30 Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá leik Real Madrid og Roma í Meistaradeild Evrópu.

**21.40 Meistaradeildin** (Meistaramörk) Sparkspekingar Sýnar fara yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeildinni. Öll mörkin og öll umdeildu atvikin.

**22.10 Meistaradeild Evrópu** (Chelsea - Olympiacos) Útsending frá leik Chelsea og Olympiakos í Meistaradeild Evrópu.

**00.00 Meistaradeild Evrópu** (Porto - Schalke) Útsending frá leik Porto og Schalke í Meistaradeild Evrópu.

**01.50 Meistaradeildin** (Meistaramörk) Sparkspekingar Sýnar fara yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeildinni. Öll mörkin og öll umdeildu atvikin.

## SÝN2

**16.40 Birmingham - Tottenham**

**18.20 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

**18.50 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

▶**19.50 Liverpool - West Ham** (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Liverpool og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.

**21.55 4 4 2**
**21.55 4 4 2**
**23.15 Leikur vikunnar**

**00.55 Liverpool - West Ham** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Liverpool og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.00 Skólahreysti** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.50 Vörutorg**
**16.50 World Cup of Pool 2007** (e)

**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.30 The Drew Carey Show** (e)
**19.00 Skólahreysti** (e)

**20.00 Less Than Perfect** (21:22) Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem stór egó og svikult starfsfólk kryddar tilveruna.

**20.30 Fyrstu skrefin** (5:12) Í fyrra fengum við að fylgjast með hjónum sem að voru á leið til Kína að sækja ættleidda dóttur sína. Síðan þá hefur margt gengið á í þeirra lífi. Bæði hefur fjölgað í fjölskyldunni og svo hafa þau verið að berjast við alvarleg veikindi móðurinnar. Einnig verður 6 ára strák fylgt í skólann og fjallað um börn og umferðina.

▶**21.00 America's Next Top Model** (2:13) Stúlkurnar kanna nýju íbúðina sína í New York en þegar allar hafa komið sér fyrir þá taka Jay Manuel og Miss J við og fara með stúlkurnar á Times Square þar sem þeirra bíður óvænt tískusýning fyrir Badgley Mischa. Á meðan sumar standa sig með prýði eru aðrar sem hneyksla Miss J. Paulina Porizkova er kynnt til leiks sem nýr dómari og hún gefur stúlkunum heiðarlega og harða gagnrýni. Ein stúlkan kemur dómurunum í opna skjöldu.

**21.50 The Dead Zone** (9:11) Fjórða þáttaröðin um Johnny Smith, kennarann sem lá í dái í sex ár og vaknaði með ótrúlega hæfileika.

**22.40 Jay Leno**
**23.25 The Drew Carey Show**
**23.50 Boston Legal** (e)
**00.40 Life** (e)
**01.30 Vörutorg**
**02.30 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### SÝN KL. 19.30
### Real Madrid - Roma



Það er athyglisverð viðureign í kvöld á Sýn þegar Real Madrid tekur á móti Roma. Rómverjar unnu fyrri leikinn með minnsta mun og miðað við úrslitin er ljóst að Real Madrid dugir 1-0 sigur á heimavelli í kvöld. Stuðningsmennirnir vænta hins vegar sóknarknattspyrnu á heimavelli í kvöld og það gæti verið vænlegt fyrir gestina, sem munu reyna að nýta sér þá lægð sem Real Madrid hefur verið í undanfarnar vikur. Forskot Real á toppi spænsku deildarinnar hefur minnkað og leikur liðsins hefur farið versnandi. Í kvöld er rétti tíminn fyrir Bernd Schüster og hans menn til að koma sér aftur í gang því annars eru Meistaradeildardraumar liðsins úr sögunni.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Tinni og ég
### Sjónvarpið kl. 23.10

Heimildarmynd sem var gerð árið 2003 um belgíska rithöfundinn og teiknarann Georges Remi, sem er betur þekktur undir listamannsnafninu Hergé, og sköpunarverk hans, myndasöguhetjuna Tinna. Myndin er byggð á viðtölum sem námsmaðurinn Numa Sadoul átti við Hergé á fjórum dögum árið 1971. Þar er ítarlega komið inn á lífshlaup Hergés og áhrifin sem vinsældir Tinnabókanna höfðu á það og eins er saga Tinna skoðuð með hliðsjón af ævi höfundarins.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.31** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Sjosja
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.20** Í lestarferð um japanskar bókmenntir
**23.00** Gárur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Hollywood Uncensored**
**17.25 Comedy Inc.** (5:22) Sprenghlægilegur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.
**17.50 American Dad** (2:23)
**18.10 Young, Sexy and...**
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Hollywood Uncensored**
**20.25 Comedy Inc.** (5:22)
**20.50 American Dad** (2:23) Fjórða serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.
**21.10 Young, Sexy and...** (Young, Sexy and Spoiled) Spennandi þáttur þar sem kynnt eru til sögunnar ungu dívurnar í Hollywood og þeirra afar sérstöku þarfir. Popp prinsessan Christina Aguilera neitar að skera matinn sinn. J-Lo heimtar persónulegan geirvörtuertara og Kimberly dóttir Rod Stewart flýgur út um allan heim til að sækja bestu AA-fundina.
**22.00 Wildfire** (11.13)
**22.45 Totally Frank** (23:26)
**23.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen bjóða upp á spjall í anda samræðna kvenna á kvennaklósetti. Elísabet Jökulsdóttir og Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir kíkja við ásamt leynigesti.
**21.00 Mörður** Umsjónarmaður er Mörður Árnason. Hann fær til sín gesti og ræðir stjórnmál og önnur hugðarefni.
**21.30 Hvernig er heilsan?** Guðjón Bergmann ræðir við Heiðar Jónsson tóbaksvarnafulltrúa hjá Lýðheilsustöðinni um tóbak. (e)

## DR 1

**11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.25** Natur til hele banden **12.50** Ha' det godt **13.20** Med andre øjne **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Hjerteflimmer: Pigerne mod drengene **15.30** F for Får **15.35** Svampebob Firkant **16.00** AMIGO **16.30** Shanes verden **16.55** Tjulahop - Sonja **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Diagnose søges **19.30** Ellens 100 år **20.00** TV Avisen **20.25** Magasinet Penge **20.50** SportNyt 2**1.00** Flair for mord **22.35** OBS **22.40** Onsdags Lotto **22.45** Seinfeld **23.10** Godt arbejde

## NRK 1

**8.55** Frokost-tv **11.00** NRK nyheter **11.10** Eksistens **11.40** Bak lukkede dører: Mot alle odds **12.30** 4*4*2: Bakrommet: Fotballmagasin **13.00** Presidenten **13.40** V-cup langrenn: Sprint kvinner og menn **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Svenske slag **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Nysgjerrige Nils **17.10** Ugler i mosen **17.35** Pingu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Sirkusliv **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto 20.45 Sporløst forsvunnet **21.30** Migrapolis: Kampvilje **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.50** The Wire **23.45** Viten om: Giften som helbreder **0.15** Kulturnytt

## SVT 1

**11.05** Så ska det låta **12.40** Local Hero - byns hjälte **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige 1**6.00** Packat & klart **16.30** Krokodill **17.00** Bolibompa **17.10** Livet på landet **17.20** Voffy **17.25** Ärnsti **17.30** Hjärnkontoret **17.55** Wallace & Gromit: Magnifika mackapärer **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Tv-stjärnan **20.30** Dubbat **21.00** The Tudors **21.55** Om kärlek **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.25** Kungamordet **23.25** Robins 23.55 Entourage




## MORGUNMATURINN



*„Það er nú svolítið misjafnt. Ég fæ mér oftast múslí og herbalife-te. Mér finnst það æðislegt, ég get ekki byrjað morguninn án þess að fá mér mitt góða, heita herbalife-te.“*

Sigrún Birna Blomsterberg, dansari og danskennari.

# Velja bestu fótboltamenn Íslandssögunnar

Sjónvarpsþáttaröðin Tíu bestu verður frumsýnd á sjónvarpsstöðinni Sýn 2 í maí þar sem rakinn verður ferill tíu bestu knattspyrnumanna Íslands árin 1946 til 2008.

Sérstök dómnefnd skilar af sér lista yfir þá tuttugu bestu innan skamms og eftir það gefst almenningi kostur á að velja tíu úr þeirra hópi. Dómnefndina skipa knattspyrnusérfræðingarnir Guðjón Þórðarson, Logi Ólafsson, Guðni Kjartansson, Eggert Magnússon, Víðir Sigurðsson, Hörður Magnússon og Halldór Einarsson. Loks verður besti knattspyrnumaður allra tíma á Íslandi verðlaunaður við hátíðlega athöfn í haust.

„Þetta var orðið tímabært,“ segir Hilmar Björnsson, sjónvarpsstjóri Sýnar. „Við viljum í þessum þáttum kasta fram afrekum hvers og eins og taka fyrir ferilinn hjá þeim. Við viljum líka einbeita okkur að þeim þegar þeir voru upp á sitt besta og síðan er spurningin hver hafi staðið upp úr.

Þetta verður gríðarlega spennandi og skemmtilegt verkefni og er liður í því að bjóða upp á framúrskarandi dagskrá á Sýn 2 allt árið um kring,“ segir Hilmar, sem býst við góðri þátttöku almennings í kosningunni. „Fólk er svolítið að dæma hvað var mesta afrekið og hver var í raunninni bestur. Það er erfitt að bera saman tíma og leikmenn en það verður örugglega skemmtilegt fyrir fólk að velta þessu fyrir sér.“

Verkefnið er samstarf Sýnar og KSÍ og samhliða verður efnt til netkosninga þar sem hægt verður að velja bestu lið sögunnar á Íslandi, þ.e. besta KR-liðið, besta Valsliðið, besta Skagaliðið og þar fram eftir götunum. - fb



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** Eiður Smári verður vafalítið á listanum yfir þá tíu bestu.



**HILMAR BJÖRNSSON** Í þáttunum Tíu bestu verður fjallað um bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.



**LÁRÉTT**
**2.** nautasteik **6.** óhreinindi **8.** poka **9.** blóðhlaup **11.** holskrúfa **12.** dýrahljóð **14.** óróleg **16.** utan **17.** rotnun **18.** segi upp **20.** sjúkdómur **21.** sót.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tala **3.** kringum **4.** vörurými **5.** skordýr **7.** olíusósa **10.** rönd **13.** meðal **15.** jötna **16.** geislahjúpur **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** ím, **8.** mal, **9.** mar, **11.** ró, **12.** mjálm, **14.** ókyrr, **16.** án, **17.** fúi, **18.** rek, **20.** ms, **21.** aska.
**LÓÐRÉTT: 1.** fimm, **3.** um, **4.** farmrúm, **5.** fló, **7.** majónes, **10.** rák, **13.** lyf, **15.** risa, **16.** ára, **19.** kk.

# Bölmóðurinn bítur ekki á Eric Clapton

„Þessi eftirspurn kemur okkur aðeins á óvart í ljósi þess bölmóðs sem virðist vera í gangi á Íslandi um þessar mundir og sannar kannski að kreppa er bara hugarástand,“ segir Kári Sturluson, sem flytur inn Eric Clapton ásamt Grími Atlasyni, bæjarstjóra í Bolungarvík. Forsala á tónleika Claptons í Egilshöll hófst klukkan tíu í gærmorgun og eftir daginn var nánast orðið uppselt, búið var að selja 9.900 miða um kaffileytið. Samtals verða seldir ríflega 10.000 miðar svo áhugasamir ættu að drífa sig.

Clapton spilar í Reykjavík föstudagskvöldið 8. ágúst. „Nei, hann rennir varla fyrir lax í þessari ferð,“ segir Kári, „og þó, það er aldrei að vita. Það er stutt í Elliðaárnar og ég myndi allavega horfa vel í kringum mig þegar ég keyri yfir brúna á leiðinni upp í Egilshöll.“ - glh



**ERIC CLAPTON**



**Á FLUGI** Jökull Jörgensen og Oddur F. Sigurbjörnsson, tveir af meðlimum hljómsveitarinnar Thin Jim and the Castaways. Hljómsveitin vinnur fyrstu plötu sína með nífölduм Grammy-verðlaunahafa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

JÖKULL OG ODDUR: ÓÞEKKT HLJÓMSVEIT FÆR FLJÚGANDI START

# Kántrípopparar vinna með Grammy-verðlaunahafa

Nífaldi Grammy-verðlaunahafinn Gary Paczosa, sem hefur unnið fyrir Bruce Springsteen, Alison Krauss, Dixie Chicks og Dolly Parton, ætlar að aðstoða íslensku kántrípoppsveitina Thin Jim and the Castaways við gerð hennar fyrstu plötu.

„Ég skrifaði honum bara bréf og spurði hvort ég mætti senda honum eitt lag. Mér til mikillar undrunar kom svar og hann sagði já. Ég sendi honum lagið og hann er búinn að vera í sambandi við mig síðan,“ segir Jökull Jörgensen, forsprakki íslensku hljómsveitarinnar Thin Jim and the Castaways. „Hann er óskaplega ánægður með það sem ég er að gera og vill hljóðblanda plötu fyrir okkur.“ Paczosa hefur að mestu unnið Grammy-verðlaunin sem upptökumaður og fyrir hljóðblöndun en einu sinni hefur hann hlotið þau fyrir upptökustjórn.

Þrátt fyrir að hafa aldrei spilað opinberlega er Thin Jim and the Castaways þegar með fjögurra platna samning í höndunum frá útgáfufyrirtæki í New York. Ætlar hún að hafna þeim samningi og veðja þess í stað á Paczosa. „Þeir vilja fá okkur til Flórída í næsta mánuði til að taka upp en samningurinn er of bindandi. Ég er að spila með Fabúlu og fleirum og get ekki bundið mig svona rosalega,“ segir Jökull og játar að flestar hljómsveitir hefðu stokkið á tilboðið. „Þeir buðu upp á gull og græna skóga og tónleikaferðir en það er ekki það sem við erum að leita að. Við erum að gera gæðamúsík og erum ekki tilbúin að fórna því fyrir loforð um frægð. Ég hef tilfinningu fyrir þessum gæja í Nashville og bara að hann hafi áhuga á að tala við okkur finnst mér mikil upphefð.“

Thin Jim and the Castaways er afsprengi hljómsveitarinnar Santiago og skartar söngkonunum Margréti Eir og Fabúlu. Ætlar sveitin að rjúfa þögnina með sínum fyrstu tónleikum í Popplandi 14. mars. Nýja platan er síðan væntanleg í vor. freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Matthías Matthíasson**, fyrrum söngvari Papanna, hefur fetað í fótspor sjónvarpsparsins **Loga Bergmanns Eiðssonar** og **Svanhildar Hólm Valsdóttur** og fjárfest í húsi á Dalvík. Ólíkt þeim Loga og Svanhildi býr Matthías á staðnum allt árið um kring ásamt fjölskyldu sinni og flýgur suður þegar söngurinn kallar. Einnig starfar Matthías í Tónlistarskóla Dalvíkur og miðlar þar af áralangri reynslu sinni úr bransanum. Líkar honum víst lífið vel á Dalvík, enda uppalinn þar í bæ.



Af Loga og **Svanhildi** er það aftur á móti að frétta að Logi var í gærkvöldi á meðal áhorfenda á leik Manchester United og Lyon í Meistaradeildinni. Þau skötuhjúin ætluðu saman á le Svanhildur sat eftir heima með flensu.

Tveir meistarar hafa sést saman á vappi síðustu daga, sjálfur **Gillzenegger og Jón Ársæll sjónvarpsmaður.** Kapparnir sáust hönd í hönd í Perlunni þar sem hinn árlegi bókamarkaðurinn stendur nú yfir. Gillz leiddi Jón að bunka af ritverki sínu Biblíu fallega fólksins, sem allir áhugamenn um herramannslega framkomu og almenna snyrtimennsku geta nú eignast á einstaklega hagstæðu verði (690 kall). Afrakstur samræðna þeirra má væntanlega sjá í Sjálfstæðu fólki á næstunni.



- fb/glh

# Munur að eiga svona mann

„Ég er svona ljómandi heppin. Hann rammar inn myndirnar. Munur að eiga slíkan eiginmann. Það er ekkert smá verk og ekki sama hvernig það er gert,“ segir Edda Guðmundsdóttir myndlistarmaður. Sá sem hún talar svo fallega um er eiginmaður hennar, Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi forsætisráðherra, sem alltaf er með hamarinn á lofti.

Edda opnaði í gær sína aðra einkasýningu á Geysir Bistro við Aðalstræti. Um er að ræða sölusýningu sem ber yfirskriftina Vetur og samanstendur af 26 nýjum olíuverkum úr smiðju Eddu.

„Já, ég er ánægð með myndirnar. Þetta er ný lína sem ég hef undanfarið fundið með sjálfri mér. Þemað er vetur. Ég sé þetta hvar sem ég fer. Horfi í snjóföl á jörðu. Ég hef alltaf verið hrifin af frjálslegum myndum og hef til dæmis aldrei málað landslagsmyndir. Ef ég mála blómamyndir eru þær hálf-abstrakt.“

Edda mætti snemma í gærmorgun til að hengja upp sýninguna. Og fjölskyldan með. Guðmundur sonur þeirra Steingríms og Eddu sem og Hlíf dóttir þeirra og gekk vel að festa myndir á veggi. „Þau voru svo dugleg að hjálpa til. Það er mikið verk að hengja þetta upp.“

Að sögn Eddu skiptir bóndi hennar sér ekkert af myndlistinni sem slíkri þó hann sé potturinn og pannan við innrömmun og svo að hengja sýningar upp þegar þannig ber undir. „Nei, nei, ég mála aldrei þegar hann er heima. Ég get það ekki. Verð að vera ein þegar ég mála.“ - jbg



**SAMTAKA HJÓN** Hjónin Steingrímur og Edda hengja upp fyrir sýninguna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

HONDA
The Power of Dreams




ÖRVAÐU
CIVIC
SKYNJUNINA

**Nýr og framúrstefnulegur - sannfærir þig á augabragði.**

Honda Civic örvar skynjun þína og er hlaðinn búnaði; sportlegur og framúrstefnulegur bíll með frábærar tæknilegar lausnir. Það þekkja allir Honda-áreiðanleikann og Honda-gæðin og eru erlend fagtímarit um bíla á einu máli um að Honda Civic geri alla samkeppni gamaldags. Þér líður vel um borð í Honda Civic þar sem öryggi þitt er ofar öllu; ABS hemlar, EBD bremsuþrýstingsdreifing og VSA stöðugleikakerfi er allt staðalbúnaður í Honda Civic. Komdu og örvaðu skynfærin – reynsluaktu nýjum Honda Civic.

**Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 · Akranes, Bílver, sími 431 1985**
**Akureyri, Höldur, sími 461 6020 · Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535**

**www.honda.is**

BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100

**www.bernhard.is**

H:N markaðssamskipti / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
"...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**

Þórhildar Elínar Elínardóttur


## *Húmorslausar trukkalessur*

Nýlega gengnir héraðsdómar fyrir ofbeldisverk gegn konum verða eftir hálfa öld notaðir í skólabókum um hið rammskakka siðferði aldamótasamfélagsins sem við lifum í. Að karlar fái grútlinar áminningar í formi stuttra skilorðsdóma fyrir að ganga í skrokk á konum verður rætt í þátíð eins og hvurt annað bull sem viðgekkst bara í forneskjunni. Flokkað með því þegar konur voru án kosningaréttar og þóttu bestar rjóðar og undirleitar. Einhverjir munu þó trúlega rifja upp gömlu góðu tímana með dálítlum söknuði, þegar konur voru alvöru konur sem skiljanlega þurfti annað slagið að kenna eina lexíu eða tvær. Það verða til hálfvitar á öllum tímum.

**ÞVÍ** þrátt fyrir allt miðar okkur dálítið áleiðis og um það vitna nýsamþykkt jafnréttislög. Og alveg eins og langhlauparinn sem trúir því að marklínan færist nær og muni í alvörunni birtast á endanum er einmitt mikilvægt að hafa augun á markmiðinu. Beggja vegna vegarins er mýri en því sjaldnar sem okkur skrikar fótur, því rösklegar komumst við. Þrátt fyrir úrtölumenn sem óttast það eitt að missa völd og úrtölukonur sem þykjast ekki kannast við slagsíðuna. Því hver vill láta stimpla sig sem femínista?

**ÞESSAR** húmorslausu trukkalessur, sífellt með grútleiðinlegar rannsóknarniðurstöður og pólitískan rétttrúnað á vör. Sem sjá óvin í öllum drengjum eldri en tólf ára, þannig eru femínistar. Öfgahópur sem svífst einskis og kemur beinlínis óorði á jafnréttisbaráttuna. Það sem þessar kellingar þyrftu einkum eru náin kynni við alvöru karlmenn sem kunna til verka og rétta hjá þeim kúrsinn.

**EN** fáir sverja þó núorðið af sér jafnréttisbaráttuna, henni vilja flestir gangast við... þannig lagað. Hér á landi er ástandið nefnilega bara alveg ágætt, sjáið bara hvernig farið er með konur í öðrum löndum. Á meðan meybarnamorð og umskurður á stúlkubörnum viðgangast annars staðar er hlægilegt að þessar feminínstakerlingar séu að væla eitthvað um heimilisofbeldi, kjaramál og stjórnarsetur. Eins og eitt útiloki annað.

**ÞVÍ** skoðanaarfurinn sleppir ekki takinu sjálfkrafa hversu afdráttarlaus og kúgandi sem hann er. Okkar verkefni er einfaldlega að halda áfram. Þetta kemur.

**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er miðvikudagurinn 5. mars, 65. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.20 | 13.39 | 18.59 |
| Akureyri | 8.08 | 13.24 | 18.41 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.toyota.is




## Upplifðu Avensis í dag

Það getur verið erfitt að einbeita sér að hversdagslegum hlutum þegar maður hefur kynnst **Avensis**. Hugurinn er alltaf fullur af tilhlökkun fyrir næstu ökuferð. Þetta er skemmtilegt vandamál. Ennþá skemmtilegra er að njóta reynslunnar og upplifa útlit bílsins, auk allra þeirra þæginda sem einkenna **Avensis** meira en nokkru sinni fyrr.

**Avensis** verður ekki lýst með orðum.
Komdu og reynsluaktu **Avensis** í dag.

Ps. Ekki gleyma að þú komst á öðrum bíl í reynsluaksturinn.

Verð frá 2.895.000 kr.*

*Verð miðast við Avensis Wagon Sol - 5 dyra.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |